

# Íslensk neysluviðmið

Jón Þór Sturluson

Guðný Björk Eydal

Andrés Júlíus Ólafsson

Velferðarráðuneyti

2011

Velferðarráðuneyti: Neysluviðmið fyrir íslensk heimili  
Febrúar 2011

Útgefandi: Velferðarráðuneyti  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími: 545 8100  
Bréfasími: 551 9165  
Netfang: [postur@vel.is](mailto:postur@vel.is)  
Veffang: [velferdarraduneyti.is](http://velferdarraduneyti.is)

Umbrot og textavinnsla: Rannsóknþjónusta Háskólans í Reykjavík

© 2011 Velferðarráðuneyti

ISBN 978-9979-799-11-5

## Ávarp velferðarráðherra

Lengi hefur verið kallað eftir neysluviðmiðum fyrir heimili á Íslandi. Það er því með ánægju sem ég legg nú fram þessa skýrslu til umræðu og rýni almennings og annarra sem málið varðar.

Þróun neysluviðmiða á sér langa sögu hjá hinum Norðurlandþjóðunum og víðar, þar sem lögð hafa verið fram margskonar viðmið sem hafa tekið breytingum, enda ekki með nokkru móti hægt að leggja fram endanlegt og samhæft viðmið fyrir alla. Þannig eru einnig í notkun hér á landi mismunandi útgáfur af neysluviðmiðum, sem notuð eru við greiðslumat bankanna, framfærslumat sveitarfélaganna og hjá Umboðsmanns skuldar svo fáein dæmi séu nefnd.

Viðmiðin sem hér eru kynnt fela í sér nýmæli, þar sem gerð þeirra er byggð á viðamiklum gögnum Hagstofunnar um raunverulega neyslu heimila á Íslandi. Tilgangur neysluviðmiðanna er fyrst og fremst að veita heimilum í landinu stuðning við áætlun eigin útgjalda, en þau geta einnig nýst við ákvarðanir um útgjaldþörf einstaklinga og ólíkra fjölskyldna sem og til að nálgast viðmið til lágmarksframfærslu í landinu.

Í júní 2010 fól félags- og tryggingamálaráðuneytið Rannsóknþjónustu Háskólans í Reykjavík, í samstarfi við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands, að vinna að rannsóknarverkefni með það að markmiði að þróa neysluviðmið fyrir helstu gerðir heimila á Íslandi. Ráðuneytið setti á fót stýrihóp til að taka þátt í mótun starfsins þar sem sæti áttu fulltrúar ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, umboðsmanns skuldara, Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og á síðustu stigum vinnunnar tók fulltrúi Samtaka félagsmálastjóra sæti í hópnum.

Sú skýrsla sem hér liggur fyrir er afrakstur umfangsmikillar vinnu sérfræðinga sem hafa að mínu mati skilað einstaklega vel unnu verki. Skýrslan er unnin á grundvelli niðurstöðu nefndar um kosti og galla neysluviðmiðs sem skilaði álit árið 2006 (*Kostir og gallar þess að þróa hóflegt neysluviðmið*). Í skýrslunni eru kynnt þrenns konar neysluviðmið. Í fyrsta lagi er dæmigert viðmið sem lýsir hóflegri neyslu, í öðru lagi skammtíamviðmið byggt á sömu forsendum en þar er gert ráð fyrir að fólk geti dregið úr neyslu og frestað útgjaldaliðum tímabundið og í þriðja lagi grunnviðmið sem gefa á vísbendingar um hvað fólk þarf að lágmarki til að framfleyta sér.

Á sérstöku svæði á vef velferðarráðuneytisins (vel.is) hefur verið komið fyrir reiknivél þar sem notendur geta skoðað neysluviðmiðin miðað við eigin aðstæður, stærð fjölskyldu, heimilisaðstæður og búsetu. Þar geta þeir einnig fært inn raunkostnað fyrir einstaka útgjaldaliði og þannig nýtt vélina til að smíða raunsæja útgjaldaáætlun fyrir eigið heimili. Skýrslan sjálf er einnig birt á vefsvæðinu.

Það er einlæg von mín að allur sá fróðleikur sem kynntur er í þessari skýrslu og birting neysluviðmiðanna sjálfra muni gagnast sem flestum, jafnt heimilunum í landinu, opinberum aðilum og öðrum þeim sem fjalla um fjármál fólks á einhvern hátt eða hafa með þau að gera. Ég legg áherslu á að neysluviðmiðin sem hér eru birt eru lögð fram til kynningar og miklu skiptir að nú taki við málefnaleg umræða í samfélaginu um frekari þróun þeirra og notkun.

Í neysluviðmiðum felst hvorki endanlegur sannleikur um neyslu einstakra heimila né hvað einstaklingar eða einstakar fjölskyldur þurfa sér til framfæris. Eðli málsins samkvæmt verða þau aldrei endanleg þar sem þeim er ætlað að endurspegla fjölbreytilegar neysluvenjur ólíkra fjölskyldugerða á hverjum tíma. Engu að síður ber okkur skylda til að reyna að nálgast eðlileg grunnviðmið, sem nýta má við umfjöllun og ákvarðanatöku um bætur og laun hjá ríki og sveitarfélögum, sem og viðmið við gerð kjarasamninga - viðmið sem tryggja fólki sómasamlega framfærslu.

Guðbjartur Hannesson

velferðarráðherra

## Samantekt

Í þessari skýrslu eru kynnt þrjú ný íslensk neysluviðmið: Dæmigert viðmið, skammtíma-viðmið og grunnviðmið. Öll viðmiðin eru aðgengileg á vefreiknivél á vef velferðarráðuneytisins (vel.is) þar sem hver og einn getur kallað fram viðmið að teknu tilliti til stærðar fjölskyldu og heimilisaðstæðna.

Tilgangurinn með smíði neysluviðmiða er að veita heimilum í landinu aðgang að viðmiðum til hliðsjónar við áætlun eigin útgjalda. Auk þess geta slík viðmið komið að notum við fjárhagsráðgjöf fyrir einstaklinga og verið til hliðsjónar þegar teknar eru ákvarðanir um fjárhæðir sem tengjast framfærslu. Neysluviðmið eru hvorki endanlegur mælikvarði á hvað telst nægjanleg neysla einstakra heimila né dómur um hvað einstakar fjölskyldur þurfa sér til framfæris.

Viðmiðin byggjast í meginatriðum á svonefndri útgjaldaaðferð sem mælt var með í skýrslu starfshóps um kosti og galla neysluviðmiðs sem kom út árið 2006. Útgjaldaaðferðin er lýsandi í þeim skilningi að hún byggist á raunverulegum útgjöldum og sýnir það útgjaldastig sem heimili þarf til að ná tilteknum lífskjörum.

Hagstofa Íslands hefur um árabíl framkvæmt umfangsmiklar rannsóknir á útgjöldum heimilanna og er hér í meginatriðum stuðst við upplýsingar úr þeim gagnagrunni. Í þeim flokkum neysluútgjalda þar sem útgjöld heimila eru tíð er miðgildi útgjalda notað til að skilgreina dæmigert viðmið, en í flokkum þar sem útgjöld eru strjál (óregluleg) er jafnframt stuðst við önnur gögn.

Hér er miðgildi valið sem mælikvarði á dæmigerð útgjöld eins og hefðbundið er að gera. Í raun mætti velja annan stað í dreifingu útgjalda sem viðmið. Þegar öllu er á botninn hvolft byggir val á lífskjaraviðmiði, hvort heldur algildu eða afstæðu, alltaf á huglægu mati og því mikilvægt að val á forsendum sé gagnsætt. Með því að velja miðgildið er reynt að lýsa hinum dæmigerða neytanda sem neytir minna en 50% hópsins og meira en 50% hópsins. Í daglegu tali er miðgildi oft ruglað saman við meðaltal en hér er mikilvægur munur á því meðaltalið er næmara fyrir háum og lágum gjöldum. Miðgildið tekur síður breytingum þótt lítill hópur hafi mjög há útgjöld í tilteknum útgjaldaflokki.

Svokölluð dæmigerð viðmið eiga að endurspegla sem heildstæðasta mynd af dæmigerðum útgjöldum íslenskra heimila. Hér er því hvorki um lágmarks- né lúxusviðmið að ræða. Við smíði þeirra var enginn útgjaldaflokkur undanskilinn. Í norrænum viðmiðum er algengt að undanskilja ákveðna útgjaldaflokk, til dæmis útgjöld vegna húsnæðis, bifreiðar og neyslu áfengis og tóbaks.

Rökin fyrir því að útgjöld vegna húsnæðismála eru yfirleitt ekki meðtalin við smíði neysluviðmiða eru að kostnaður við húsnæði er svo breytilegur að ekki er rétt að gefa út viðmið í þeim efnum og að betra sé að fjölskyldur bæti raunútgjöldum við hin opinberu viðmið. Þótt önnur leið sé farin í hinu dæmigerða íslenska viðmiði er rétt að hafa í huga að viðmið vegna húsnæðiskostnaðar eru gróf nálgun sem gefur ákveðna hugmynd um hvaða útgjöld gætu verið dæmigerð fyrir húsnæðiskostnað.

Gert er ráð fyrir að fjölskylda hafi þegar stofnað heimili þannig að viðmiðin ná eingöngu til viðhalds og endurnýjunar á heimilisbúnaði, húsgögnum og raftækjum en ekki til stofnkostnaðar heimilis. Greiðslur beinna skatta og opinberra gjalda eru ekki

taldar með í neysluviðmiðum. Óbeinir skattar sem almennt eru reiknaðir inn í vöruverð eru hins vegar meðtaldir.

Viðmiðin eru sundurliðuð niður á 15 útgjaldaflokkum. Þeir eru: 1) Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds; 2) föt og skór; 3) heimilisbúnaður; 4) raftæki og viðhald raftækja; 5) lyf, lækningavörur og heilbrigðisþjónusta; 6) sími og fjarskipti; 7) menntun og dagvistun; 8) veitingar; 9) önnur þjónusta fyrir heimili; 10) tómstundir og afþreying; 11) ökutæki og almenningssamgöngur; 12) annar ferðakostnaður; 13) húsaleiga/reiknuð húsaleiga; 14) viðhaldskostnaður húsnæðis og 15) rafmagn og hiti.

Með sérstakri vefreiknivél geta notendur geta kallað fram þrenns konar neysluviðmið fyrir margs konar fjölskyldugerðir og heimilisaðstæður. Einnig geta notendur fært inn raunkostnað fyrir einstaka liði og þannig nýtt vélina til að smíða raunsæja útgjaldaáætlun fyrir eigið heimili.

Í fyrsta lagi er um að ræða **dæmigerð viðmið** sem er ætlað að vera leiðbeinandi um hver útgjöld fjölskyldna eru miðað við hóflega neyslu. Miðgildi útgjalda í framangreindum 15 útgjaldaflokkum er lagt til grundvallar. Í flestum tilvikum eru viðmiðin byggð á grunni gagna úr útgjaldarannsókn Hagstofunnar en í ákveðnum útgjaldaflokkum reyndist nauðsynlegt að nota aðrar aðferðir, sérstaklega þar sem um strjál útgjöld var að ræða, til dæmis vegna bifreiðar og húsnæðis.

Dæmigert viðmið fyrir útgjöld einstaklings sem býr á höfuðborgarsvæðinu í eigin húsnæði er 291.932 kr. Þar af er bifreiða- og ferðakostnaður 85.425 kr. og húsnæðiskostnaður 72.972 kr. Dæmigert viðmið fyrir útgjöld hjóna með tvö börn sem búa á höfuðborgarsvæðinu í eigin húsnæði er 617.610 kr. Þar af er bifreiða- og ferðakostnaður 121.906 kr. og húsnæðiskostnaður 126.261 kr. Þá er gert ráð fyrir að annað barnið sé á leikskóla en hitt í grunnskóla þar sem keyptar séu skólamáltíðir og frístundavistun.

Þá eru í öðru lagi reiknuð út **skammtímaviðmið** sem byggjast á sömu forsendum og hin dæmigerðu viðmið en gert er ráð fyrir að fólk geti bæði dregið úr neyslu og frestað ákveðnum útgjaldaliðum til skemmri tíma eða allt að níu mánuði.

Að gefnum sömu forsendum og í framangreindu dæmi er skammtímaviðmið fyrir útgjöld einstaklings sem býr á höfuðborgarsvæðinu í eigin húsnæði er 201.132 kr. Skammtímaviðmið fyrir útgjöld hjóna með tvö börn sem búa á höfuðborgarsvæðinu í eigin húsnæði er 447.544 kr.

Í þriðja lagi er um svokölluð **grunnviðmið** að ræða. Grunnviðmið eiga að gefa vísendingu um hver lágmarksútgjöld geti verið í ákveðnum útgjaldaflokkum. Við gerð þeirra var horft til útgjaldadreifingar samkvæmt útgjaldarannsókn Hagstofunnar og grunnviðmið annarra Norðurlandþjóða voru einnig höfð til hliðsjónar. Viðmiðin ná aðeins til hluta útgjaldaflokkanna 15 og undanskilja suma flokka á þeirri forsendu að réttara sé að nota raunkostnað þegar viðmiðinu er beitt. Þetta á við um húsnæðiskostnað og kostnað vegna bifreiða.

Samkvæmt þessu er grunnviðmið fyrir útgjöld einstaklings sem býr á höfuðborgarsvæðinu er 86.530 kr. Grunnviðmið fyrir útgjöld hjóna með tvö börn sem búa á höfuðborgarsvæðinu er 286.365 kr. Kostnaður vegna húsnæðis og bifreiða er undanskilinn.

# Efnisyfirlit

Ávarp velferðarráðherra .....	3
Samantekt .....	5
Efnisyfirlit .....	7
Inngangur .....	9
1.1 Tilgangur neysluviðmiða .....	9
1.2 Aðdragandi .....	10
1.3 Um verkefnið .....	11
1.4 Um aðferð .....	12
1.5 Um skýrsluna .....	14
2 Neysluviðmið á Íslandi og öðrum Norðurlöndum .....	15
2.1 Neysluviðmið á hinum Norðurlöndunum .....	15
2.1.1 Danmörk .....	15
2.1.2 Finnland .....	18
2.1.3 Noregur .....	18
2.1.4 Svíþjóð .....	21
2.1.5 Norrænn samanburður .....	23
2.2 Eldri viðmiðanir á Íslandi .....	25
2.2.1 Umboðsmaður skuldara .....	25
2.2.2 Íbúðalánasjóður .....	26
2.2.3 Tryggingastofnun ríkisins .....	27
2.2.4 Félagsþjónusta sveitarfélaga .....	27
2.2.5 Atvinnuleysistryggingar .....	29
2.2.6 Lánasjóður íslenskra námsmanna .....	29
2.2.7 Hagstofa Íslands .....	30
2.2.8 Algild fátæktarmörk – lágmarksframfærsluviðmið .....	31
2.2.9 EU-SILC – rannsókn Hagstofu Íslands .....	32
3 Almenn aðferðafræði .....	33
3.1 Lýsandi neysluviðmið .....	33
3.2 Þrenns konar viðmið .....	34
3.2.1 Dæmigert viðmið .....	35
3.2.2 Skammtímaviðmið .....	35
3.2.3 Grunnviðmið .....	35
3.3 Nánar um mat á miðgildi .....	38
3.4 Aðrar víddir neysluviðmiðanna .....	42
4 Umfjöllun um einstaka útgjaldaflokka .....	44
4.1 Dæmigert neysluviðmið .....	46
4.2 Skammtímaviðmið .....	62
4.2.1 Útgjaldaflokkar sem breytast ekki .....	63
4.2.2 Útgjaldaflokkar sem unnt er að draga úr útgjöldum til .....	63
4.2.3 Útgjaldaflokkar sem ná til útgjalda sem unnt er að fresta en þó þarf að gera ráð fyrir að óvænt tilvik geta komið upp .....	66
4.2.4 Útgjaldaflokkar sem ná til útgjalda sem unnt er að sleppa til skamms tíma litið .....	66
4.2.5 Skammtímaviðmið .....	67
4.3 Grunnviðmið .....	68

4.3.1	Útgjaldaflokkar sem breytast ekki .....	68
4.3.2	Útgjaldaflokkar sem unnt er að draga úr útgjöldum til .....	69
4.3.3	Útgjaldaflokkar sem ná til útgjalda sem sleppt er að öðru leyti en því að gera þarf ráð fyrir að óvænt tilvik geti komið upp .....	71
4.3.4	Útgjaldaflokkar sem ekki teljast til grunnviðmiða .....	71
4.4	Samanburður neysluviðmiða.....	72
5	Niðurstöður.....	74
6	Lokaorð.....	95
6.1	Um útgjaldarannsókn Hagstofunnar .....	95
6.2	Um reiknivél .....	97
	Heimildaskrá .....	98
	Fylgiskjal 1 .....	104
	Fylgiskjal 2 .....	109
	Fylgiskjal 3 .....	110



## Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir fyrstu heildstæðu neysluviðmiðum sem unnin hafa verið fyrir íslensk heimili. Margt konar viðmið hafa verið notuð hingað til við fjármálaráðgjöf, útlán, fjárhagsaðstoð og fleira. Sjaldnast byggja þau þau á ítarlegri greiningu útgjalda né hafa þau verið endurnýjuð með reglubundnum hætti.

Síðastliðið sumar fól félags- og tryggingamálaráðuneytið, nú velferðarráðuneytið, verkefnishópi að vinna heildstæð neysluviðmið á grundvelli skýrslu starfshóps um kosti og galla neysluviðmiðs sem kom út árið 2006 (viðskiptaráðuneytið, 2006). Starfshópurinn lagði til að neysluviðmið yrði skilgreint með afstæðum hætti með tilvísun í miðgildi útgjalda íslenskra heimila. Hér er þeirri tillögu fylgt við smíði dæmigerðra neysluviðmiða.

Neysluviðmið (*budget standard* eða *family budget*) má skilgreina sem þau útgjöld sem þarf að lágmarki að inna af hendi til að heimili geti búið við tiltekin lífsskjör (*standard of living*). Hér notum við hugtakið lífsskjör yfir efnisleg gæði en ekki upplifun einstaklinga á lífsgæðum í samræmi við skilgreiningu Amartya Sen (1984).

Lífsskjör má skilgreina á marga vegu og því eru og verða ávallt til margt konar neysluviðmið. Hinn afstæði miðgildismælikvarði er aðeins eitt af mörgum mögulegum lífsskjaraviðmiðum. Meðal annars af þeim sökum fór ráðuneytið fram á að verkefnishópurinn ynni einnig annars konar neysluviðmið og þá með tilvísun til grundvallarlífsskjara. Hér eru því kynnt þrjú mismunandi viðmið, dæmigerð viðmið, skammtíamviðmið og grunnviðmið.

### 1.1 Tilgangur neysluviðmiða

Tilgangur með smíði neysluviðmiða er fyrst og fremst sá að veita heimilum aðgang að viðmiðum um neysluútgjöld sem þau geta haft til hliðsjónar við gerð eigin áætlana. Sömuleiðis má búast við að viðmiðin nýtist við fjárhagsráðgjöf fyrir heimili og við lánveitingar fjármálastofnana. Loks má reikna með því að neysluviðmiðin verði höfð til hliðsjónar við ýmsar stjórnvaldsákvæðanir er varða viðmiðunarfjárhæðir til framfærslu. Slík viðmið hafa reynst góður grunnur við ákvæðanir um fjárhæðir sem tengjast framfærslu, til dæmis í trygginga- og bótakerfi. Þess eru þó engin dæmi erlendis frá að neysluviðmið séu innleidd með beinum hætti í löggjöf. Neysluviðmiðin verða því alltaf einn af mörgum þáttum sem koma til álita þegar slíkar viðmiðunarfjárhæðir eru ákvarðaðar.

Dæmigert neysluviðmið er ekki smíðað í þeim tilgangi að skilgreina launastig í landinu. Það endurspeglar dæmigert neyslustig á tilteknum tíma sem óhjákvæmilega ræðst að miklu leyti af launastigi. Neysluviðmið er því fremur andlag jafnvægislauna á vinnumarkaði en frumlag.

Neysluviðmið eru, eins og orðið ber með sér, viðmið sem hægt er að nýta í margvíslegum tilgangi en þau eru hvorki endanlegur mælikvarði á hvað telst nægjanlegt neyslustig heimila né dómur um hvað einstakar fjölskyldur þurfa sér til framfæris.

## 1.2 Aðdragandi

Þrátt fyrir að neysluviðmið hafi verið í þróun og notkun á öðrum Norðurlöndum allt frá 1978 hafa sambærileg viðmið ekki verið þróuð hérlandis.

Í kjölfar misgengis launapróunar og greiðslubyrði almennra lántakenda af lánum sem varð á árunum 1984–1988, var stofnaður sérstakur lánaflokkur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, nú Íbúðalánasjóður, undir heitinu greiðsluerfiðleikalán. Í úthlutunarreglum vegna greiðsluerfiðleikalána voru skilyrði um að lagt væri mat á greiðslugetu umsækjenda. Við greiðslumat var nauðsynlegt að til staðar væru viðmið sem gæfu vísbendingar um hve háa fjárhæð ætti að ætla umsækjendum til framfærslu. Þar sem engin neysluviðmið voru fyrir hendi voru útbúin viðmið af hálfu þeirra sem fóru yfir umsóknir um greiðsluerfiðleikalán (viðskiptaráðuneytið, 2006). Árið 1991 veitti norræna embættismannanefndin um neytendamál Neytendasamtökunum styrk til að taka saman skýrslu, *Viðmiðunarneysla fyrir íslensk heimili* (1993:525), þar sem fjallað var um hvort unnt væri að setja saman slíkt neysluviðmið hérlandis.

Nefnd sem fjármálaráðherra skipaði árið 2001, til að kanna kosti og galla þess að taka upp fjölþrepatekjuskatt hjá einstaklingum, benti á í skýrslu sinni árið 2003, að mikilvægt væri að hérlandis yrðu tekin upp opinber neysluviðmið. Í niðurstöðum sagði meðal annars:

Nefndin telur brýna þörf á viðmiðunarreglum sem nota megja meðal annars við útreikning á greiðslubyrði, félagslegum bótum o.fl. og leggur til að slíkt neysluviðmiðun verði unnin. Eðlilegt er að nýta reynslu Norðmanna og Svía í þessum efnum og sníða viðmiðunarreglurnar eftir þeirri vinnu jafnframt því sem notast verði við þær innlendu rannsóknir um neyslu sem til eru, svo sem neyslukönnun Hagstofunnar og athuganir Manneldisráðs. Nefndin telur eðlilegt að verkið verði unnið af rannsóknarstofnun, til dæmis á vegum háskóla. Hagstofunni verði síðan falið að færa upp gagnagrunninn með reglubundnum hætti. Eðlilegt er að opinberir aðilar komi að fjármögnun verksins ásamt þeim aðilum sem einkum þurfa á slíkum neyslustöðlum að halda og að verkinu verði stjórnað af stýrihópi skipuðum sömu aðilum (fjármálaráðuneytið, 2003, bls. 31).

Árið 2004 var haldið hérlandis norrænt málþing um reynslu Norðurlanda af neysluviðmiðum. Á málþinginu kom fram að neysluviðmið væri ekki aðeins gagnlegt fyrir fjárhagsráðgjöf heldur væri slíkt opinbert viðmið afar mikilvægt fyrir opinbera aðila, til dæmis félagsmálayfirvöld, þegar reikna þyrfti grunnviðmið vegna framfærslu sveitarfélaga (viðskiptaráðuneytið, 2006).

Árið 2004 samþykkti ríkisstjórn Íslands að viðskiptaráðherra skipaði starfshóp er skyldi, eins og segir í skipunarbréfi, hafa „umsjón með gerð forkönnunar á því hvort framkvæmanlegt er á Íslandi að semja slíka neysluviðmiðun, hverjir séu kostir þess og gallar miðað við íslenskar aðstæður. Einnig skal metið hvaða kostnaður kunni að fylgja því að viðhalda slíkum grunni þannig að hann haldi áfram að gefa raunhæfa mynd varðandi þá þætti framfærslukostnaðar sem eðlilegt er að séu í íslenskri útgáfu neysluviðmiðunarinnar“ (viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. iii). Í nefndinni áttu eftirtaldir aðilar sæti: Tryggvi Axelsson forstjóri, formaður, tilnefndur af viðskiptaráðuneyti, Fjóla Agnarsdóttir hagfræðingur og frá september í hennar stað Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur, tilnefnd af fjármálaráðuneyti, Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri, tilnefndur af félagsmálaráðuneyti, Magnús S. Magnússon skrifstofustjóri, tilnefndur af Hagstofu Íslands, og Sigríður Rúna Þrastardóttir sérfræðingur, tilnefnd af menntamálaráðuneyti. Með nefndinni starfaði dr. Jón Þór Sturluson hagfræðingur.

Nefndin taldi að vel væri framkvæmanlegt að vinna að útgáfu neysluviðmiðs en mælti gegn því að sérfræðingar yrðu fengnir til að meta þarfir og reikna út útgjöld, eins og gert hafði verið í Svíþjóð, Noregi og Danmörku, þar sem sú leið væri tiltölulega kostnaðarsöm og ógagnsæ. Nefndin mælti með að notuð yrði svonefnd útgjaldaaðferð, þ.e. að íslenskt neysluviðmið yrði byggt upp á upplýsingum um íslenska neysluhegðun sem reglulega er aflað í útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands. Í skýrslunni sagði enn fremur: „Neysluviðmið eftir þeirri aðferð byggist að stórum hluta á fyrirliggjandi upplýsingum sem reglulega er aflað í neyslukönnun Hagstofu Íslands. Notkun fyrirliggjandi upplýsinga úr slíkum könnunum sparar verulega fjármuni við vinnslu almenns neysluviðmiðs fyrir Ísland og er byggt á hlutlægari aðferðum en þegar farin er svonefnd sérfræðingaleið“ (viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. v). Nefndin lagði til að neysluviðmið yrði byggt á því að skoðuð yrðu miðgildi útgjalda eins og þau birtast í útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands. Nefndin benti jafnframt á mikilvægi þess að neysluviðmið yrði sett fram með þeim hætti að öllum væri ljóst að í því fælist ekki nein ein vísindaleg og hárrétt niðurstaða um hvað teljist viðunandi kjör fyrir tiltekna fjölskyldugerð.

### 1.3 Um verkefnið

Í júní 2010 fól félags- og tryggingamálaráðuneytið Rannsóknþjónustu Háskólans í Reykjavík, í samstarfi við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands, að vinna að rannsóknarverkefni með það að markmiði að þróa neysluviðmið fyrir helstu gerðir íslenskra heimila á grundvelli niðurstöðu nefndar um kosti og galla neysluviðmiðs sem skilaði álitum árið 2006. Yfirumsjón með verkefninu hefur haft dr. Jón Þór Sturluson, dósent við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, ásamt dr. Guðnýju Björk Eydal, prófessor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Fastur starfsmaður verkefnisins hefur verið Andrés Júlíus Ólafsson viðskiptafræðingur, M.Sc. í fjármálum, sem var ráðinn til starfa í lok júní 2010. Aðrir starfsmenn hafa komið að einstökum verkþáttum en Jón Þór, Guðný Björk og Andrés Júlíus hafa skipað svokallaðan verkefnishóp.

Verkefnishópurinn hefur starfað mjög þétt með stýrihópi sem skipaður var af hálfu félags- og tryggingamálaráðuneytis en hann skipa: Ásta Sigrún Helgadóttir, umboðsmaður skuldara, frá félags- og tryggingamálaráðuneyti Björn Þór Hermannsson, Ingi Valur Jóhannsson, Ingibjörg Broddadóttir, Lára Björnsdóttir og Sigríður Jónsdóttir, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Tryggvi Þórhallsson og Gyða Hjartadóttir og frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar Helga Benediksdóttir. Auk þess hefur stærri vinnuhópur fulltrúa fyrrgreindra stofnana einnig unnið með verkefnishópnum og fundað reglulega. Á fundi vinnuhóps hafa einnig mætt: Brynjar Ólafsson, Svanborg Sigmarsdóttir og Elna Sigrún Sigurðardóttir frá umboðsmanni skuldara og Ellý Alda Þorsteinsdóttir frá Reykjavíkurborg.

Auk framangreindra samstarfsaðila í stýrihóp og vinnuhóp hefur hópurinn leitað til fjölmargra aðila erlendis og innanlands og beðið um upplýsingar, ráðgjöf og ýmsa aðstoð. Þeim er öllum þakkað þeirra framlag til verksins. Sérstakar þakkir fá starfsmenn Hagstofu Íslands sem hafa brugðist einstaklega vel við beiðnum um aðstoð vegna gagna úr útgjaldarannsóknnum auk annarra atriða. Þá fá starfsmenn Hugsmiðjunnar sem unnu að reiknivél fyrir neysluviðmið einnig þakkir fyrir gott samstarf. María Sæmundsdóttir fær einnig þakkir fyrir frábæran prófarkalestur. Öllum sem lásu skýrsluna yfir í handriti eru einnig þakkaðar gagnlegar ábendingar.

Í verksamningi var að finna verk- og tímaáætlun sem hefur verið fylgt við vinnu verksins en í lok nóvember var ákveðið að bæta við verkefnið þriðju gerð viðmiða, svokölluðum grunnviðmiðum, og hefur verkið því tekið lengri tíma en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Helstu niðurstöður hafa verið kynntar stýrihópi jafnóðum með sérstökum áfangaskýrslum. Verkinu hefur undið fram í samræmi við verk- og tímaáætlun hvað varðar smíði dæmigerðra viðmiða og skammtímaviðmiða og unnið hefur verið að grunnviðmiðum í desember og janúar.

Eftirfarandi yfirlit yfir verk- og tímaáætlun sýnir framvindu verksins:

<i>Verkliðir</i>	<i>Tími</i>	<i>Niðurstaða</i>
Undirbúningur og skipulagning. Mönnun. Frekari heimildaleit.	Júní 2010	Unnið var að þessum verkþáttum í júní.
Gagnaöflun (einkum hjá Hagstofu Íslands)	Júlí–ágúst	Frumgagna var aflað í júlí hjá Hagstofu Íslands.
Frumgreining á útgjöldum helstu fjölskyldugerða	Júlí–ágúst	Frumgreining var unnin og kynnt í <i>Áfangaskýrslu I</i> . Vinna við gagnagrunn reyndist tímafrekari en áætlað hafði verið.
Nánari greining á strjálum útgjaldaflokkum	September	Vinna við greiningu á strjálum útgjaldaflokkum hófst samkvæmt áætlun.
Frekari rannsókn á áhrifum fjölskyldugerðar á útgjöld í einstökum útgjaldaflokkum	Október	Vinna við rannsókn á áhrifum fjölskyldugerða hófst samkvæmt áætlun, áfram unnið að greiningu útgjalda vegna strjálra útgjalda.
Skýrslugerð	Nóvember–desember	Unnið að skýrslu. Áfangaskýrslu II skilað í nóvember. Áfangaskýrslu III skilað í desember. Lokafrágangur í janúar í samræmi við nýjan verkþátt. Drögum að lokaskýrslu skilað í janúar 2011.
Hönnun á vefviðmóti	Nóvember–desember	Unnið var að vefviðmóti og reiknivél samkvæmt áætlun. Lokafrágangur í janúar í samræmi við nýjan verkþátt.
Nýr verkþáttur: Grunnviðmið	Desember–janúar 2011	Unnið var að skilgreiningum vegna grunnviðmiðs í desember og byrjun janúar. Útreikningar og skýrsluskrif endurskoðuð eftir þörfum. Vefviðmót og reiknivél fullunnið.
Verklök	febrúar 2011	Lokaskýrslu og reiknivél skilað til verkkaupa.

#### 1.4 Um aðferð

Eins og fram kom hér að framan þá taldi nefndin sem skilaði skýrslu til viðskiptaráðuneytis árið 2006 að vel væri framkvæmanlegt að vinna að útgáfu íslensks neysluviðmiðs. Í skýrslunni var gerð grein fyrir tveimur helstu aðferðum sem hafa verið notaðar við gerð neysluviðmiða, annars vegar hinni svokölluðu sérfræðingaleið og hins vegar svokallaðri útgjaldaaðferð.

Um sérfræðingaleiðina sagði: „Sérfræðingaleiðin byggist í grundvallaratriðum á þeirri aðferð að hópur sérfræðinga setur saman ítarlega vörukörfu sem á að teljast fullnægjandi lýsing á hóflegri neyslupörf fjölskyldu af tiltekinni stærð á tilteknum stað á

tilteknum tíma. Verð þessarar vörukörfu myndar útgjaldaviðmið fyrir nánast hvaða lífsstíl sem vörucarfan endurspeglar. Í flestum tilvikum er um nákvæman lista af vörum í hverjum flokki að ræða, en í ákveðnum tilvikum er ákveðinni fjárhæð úthlutað til tiltekinnar neysluflokka“ (viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 19–20).

Nefndin mælti gegn því að sérfræðingar yrðu fengnir til að meta þarfir og reikna út útgjöld en mælti með því að notuð yrði svokölluð útgjaldaaðferð sem mest hefur verið notuð í Bandaríkjunum og Ástralíu (sama heimild). Í þeirri aðferð felst að viðmið eru uppfærð árlega út frá útgjaldarannsóknnum í stað þess að byggja á tiltekinni vörukörfu og að verð hennar sé uppfært samkvæmt vísitölu (sama heimild). Oft er talað um þessar tvær leiðir sem vísandi (*prescriptive*) og lýsandi (*descriptive*) aðferðir. Sérfræðingaleiðin er vísandi í þeim skilningi að fyrst er tiltekin vörucarfa fundin sem talin er duga til að ná tilteknum lífskjörum. Útgjaldaaðferðin er lýsandi í þeim skilningi að hún skoðar raunveruleg útgjöld og miðlar því útgjaldastigi sem þarf til að fjölskyldur geti búið við tiltekin lífskjör, í hlutfallslegum skilningi, þ.e. hvar í útgjaldadreifingunni þau eru stödd.

Hagstofa Íslands hefur um árabíl framkvæmt umfangsmiklar rannsóknir á neyslu-útgjöldum heimilanna, svokallaða *útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands*, og bent var á að mikið sparaðist við að nýta þessi gögn við smíði neysluviðmiða. Nefndin frá 2006 lagði enn fremur til að dæmigert neysluviðmið yrði byggt á því að skoðuð yrðu miðgildi útgjalda í hverjum útgjaldaflokki. Í daglegu tali er miðgildi oft ruglað saman við meðaltal en hér er mikilvægur munur á því meðaltalið er viðkvæmara fyrir háum og lágum gildum í gagnasafni en miðgildi. Miðgildið tekur því síður breytingum þótt til dæmis lítill hópur hafi mjög há útgjöld í tilteknum útgjaldaflokki á tilteknu tímabili. Í ljós kom þegar gagnagrunnur vegna neysluviðmiða var tilbúinn að þetta reyndist einmitt svo í efnahagssveiflum liðinna ára, þótt neysla ykist mikið meðal ákveðinna hópa hafði það ekki teljandi áhrif á miðgildið. Með því að velja miðgildið er einnig verið að gefa þau skilaboð að um hóflega dæmigerða neyslu sé að ræða. Sá einstaklingur sem neytir minna en 50% hópsins og meira en 50% hópsins er talinn vera hinn dæmigerði neytandi. Nú er það svo í raunveruleikanum að mjög fáir eru með hóflega neyslu í öllum útgjaldaflokkum því samsetning neyslu heimilanna er auðvitað mjög misjöfn, því er mikilvægt að hafa í huga að neysluviðmið eru hugsmíð sem ætluð eru til **viðmiðunar** fyrir heimili, stofnanir og aðra sem þurfa að meta kostnað vegna framfærslu.

Í neysluviðmiðum felst hvorki endanlegur sannleikur um neyslu einstakra heimila né hvað einstakar fjölskyldur þurfa sér til framfæris. Þarfir einstaklinga og fjölskyldna geta verið mjög mismunandi, til dæmis getur fjölskylda þar sem einstaklingar glíma við langtímaveikindi eða fatlanir haft þarfir sem endurspeglast ekki í neysluviðmiðum. Þau gefa í raun eingöngu til kynna hvernig dæmigerð neysla hefur mælst með tiltekinni aðferð.

Hér eru kynntar tillögur um þrjár tegundir neysluviðmiða. Í fyrsta lagi er um að ræða **dæmigerð viðmið** sem er ætlað að vera upplýsandi og leiðbeinandi um hver útgjöld fjölskyldna eru miðað við hóflega neyslu þar sem þau eru byggð á miðgildi útgjalda. Í flestum tilvikum er viðmiðið byggt á niðurstöðum útgjaldarannsóknar Hagstofu Íslands en í ákveðnum útgjaldaflokkum reyndist nauðsynlegt að nota aðrar aðferðir, sérstaklega þar sem um strjál útgjöld var að ræða, til dæmis vegna bifreiðakaupa og húsnæðiskostnaðar. Þá eru í öðru lagi reiknuð út **skammtínaviðmið** sem byggja á sömu forsendum og hin dæmigerðu viðmið en gert er ráð fyrir að fólk geti bæði dregið

úr neyslu og frestað ákveðnum útgjaldaliðum til skemmri tíma eða allt að níu mánuði. Ákvarðanir um hvaða útgjöldum væri hægt að fresta voru teknar í samvinnu við sérfræðingahópinn. Í þriðja lagi er um svokölluð **grunnviðmið** að ræða. Þar er um að ræða viðmið sem er ætlað að gefa vísbendingar um hver lágmarksútgjöld geti verið í ákveðnum útgjaldaflokkum. Stýrihópur verkefnisins lagði sérstakt mat á hvað teldust lágmarksútgjöld í hverjum útgjaldaflokki, sjá nánar í 4. kafla um þær forsendur sem liggja til grundvallar grunnviðmiði.

Til að viðmiðin gætu gefið heildstæða mynd af útgjöldum fjölskyldna var engin útgjaldaflokkur undanskilinn, en mjög algengt er að til dæmis útgjöld vegna húsnæðismála séu ekki meðtalin við smíði neysluviðmiða í nágrannalöndunum. Rökin fyrir því eru að kostnaður við húsnæði sé svo breytilegur að ekki sé rétt að gefa út viðmið í þeim efnum. Betra sé að fjölskyldur bæti raunútgjöldum vegna húsnæðis við hin opinberu viðmið. Þar sem hér er um stóran útgjaldalið að ræða kom fram ósk frá stýrihópi verkefnisins um að gerð yrði tilraun til að útbúa viðmið þó vitað væri að þessi kostnaður er mjög einstaklingsbundinn og að slík viðmið gætu aldrei orðið annað en gróf nálgun sem gæfi ákveðna hugmynd um hvaða útgjöld gætu verið dæmigerð fyrir húsnæðiskostnað.

Hvert hinna þriggja neysluviðmiða er reiknað fyrir mismunandi fjölskyldugerðir, þ.e. fjölda fullorðinna og fjölda barna. Aldur barna ræður einnig nokkru um hvernig kostnaður vegna menntunar og dagvistunar er reiknaður. Þá er einnig hægt að taka tillit til þess ef foreldrar barna búa ekki saman og um umgengni er að ræða. Að svo miklu leyti sem gögn Hagstofu Íslands leyfa er tillit tekið til búsetu. Eignarform húsnæðis og húshitunarkostir eru einnig breyta í útreikningnum. Að öllu samanlögðu má því segja að hér séu lögð fram fjölmörg mismunandi neysluviðmið sem taka tillit til margbreytilegra aðstæðna.

## 1.5 Um skýrsluna

Sú skýrsla sem hér er lögð fram er eingöngu hluti niðurstaðnanna. Plássins vegna er eingöngu unnt að birta neysluviðmið fyrir helstu fjölskyldugerðir og heimilisaðstæður. Niðurstöður fyrir hvert og eitt tilfelli er hægt að nálgast á sérstakri reiknivél á vef velferðarráðuneytisins ([vel.is](http://vel.is)), sem þróuð hefur verið í samvinnu við hugbúnaðarfyrirtækið Hugsmiðjuna. Í skýrslunni er hins vegar gerð grein fyrir aðferðafræði, smíði útgjaldaflokkanna og fjallað um dæmi um niðurstöður fyrir tiltekna fjölskyldugerðir.

Í kafla tvö er fjallað um viðmið á öðrum Norðurlöndum, gerð grein fyrir þróun þeirra, aðferðum og notkun. Einnig er fjallað um fjárhæðir sem hafa verið notaðar héraðs sem viðmiðanir um framfærslu af ýmsum opinberum aðilum, sem og skilgreind lágtekjumörk. Kafla þrjú fjallar um aðferðafræði við gerð neysluviðmiða með áherslu á þá aðferð sem hér er beitt, útgjaldaaðferðina. Í kafla fjögur er gerð ítarleg grein fyrir einstökum útgjaldaflokkum, rætt um smíði þeirra og skilgreiningar. Þar er einnig gerð nákvæm grein fyrir forsendum viðmiðanna þriggja og hvernig kostnaður í hverjum útgjaldaflokki hefur verið reiknaður. Í kafla fimm er rætt um niðurstöður, nefnd dæmi um hvernig neysluviðmið reiknast fyrir tiltekna fjölskyldugerðir og hvernig búseta hefur áhrif á fjárhæðir neysluviðmiða. Í lokaorðum eru ræddar tillögur um frekari þróun og uppfærslu neysluviðmiða fyrir íslensk heimili.

## 2 Neysluviðmið á Íslandi og öðrum Norðurlöndum

Í þessum kafla er gerð grein fyrir opinberum neysluviðmiðum á öðrum Norðurlöndum, sögu þeirra og notkun. Þó hingað til hafi ekki verið til slíkt viðmið fyrir Ísland hafa ýmsir aðilar stuðst við margs konar viðmiðunarfjárhæðir vegna framfærslu. Í lok þessa kafla verður farið yfir þær helstu og tengda vinnu á innlendum vettvangi.

### 2.1 Neysluviðmið á hinum Norðurlöndunum

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa verið þrjú opinber neysluviðmið. Aðferðin sem hefur verið notuð við smíði þeirra er hin svokallaða sérfræðingaleið, þ.e. hópar sérfræðinga hafa skilgreint hvaða þarfir teljast hóflegar neyslubarfir, hvaða neysluvörur þarf til að uppfylla þær og hvað þær kosta. Þrátt fyrir að sama grundvallaraðferð sé notuð í öllum tilvikum þá er nokkuð misjafnt milli landanna hvaða útgjöld eru talin með við útreikninga neysluviðmiðanna og einnig er nokkuð misjafnt hvernig útreikningum er hagað. Finnland hefur ekki farið sömu leið við að reikna út neysluviðmið, en þar er stuðst við niðurstöður neyslukannana í þeirra stað (viðskiptaráðuneytið, 2006). Hér er gerð stuttlega grein fyrir sögu neysluviðmiða á Norðurlöndunum, aðferðum og þróun þeirra.

#### 2.1.1 Danmörk

Undirbúningur að setningu neysluviðmiða í Danmörku hófst árið 1990 að frumkvæði *Forbrugerstyrelsen*. Árið 1991 vann Háskólinn í Hróarskeldu að undirbúningi og á árunum 1992–1993 unnu sérfræðingar CASA (*Center for Alternativ Samfundsanalyse*) að neysluviðmiðum. Tilgangurinn með smíði viðmiðanna var að heimilin hefðu aðgang að viðmiðum til hliðsjónar við áætlun eigin útgjalda, auk þess sem talið var að slík viðmið myndu nýtast við fjárhagsráðgjöf fyrir einstaklinga (Forbrugerstyrelsen, 1993; Hansen, 2002). Valið var að nota hina svokölluðu sérfræðingaaðferð, þ.e. sérfræðingar skilgreindu tiltekna grunnþarfir og á grundvelli þeirra voru útgjöld reiknuð út miðað við raunverð á vörum og þjónustu. Þær voru sem viðmiðið inniheldur miðast við hóflega (*rimelig*) neyslu, en hvorki lúxus- né lágmarksneyslu. Neysluviðmiðin ná til almennt viðurkenndrar neyslu sem gerir viðkomandi kleift að vera virkur þátttakandi í þjóðfélaginu (Hansen, 2002).

Danska viðmiðið var svo tekið í notkun árið 1993 og var endurnýjað reglulega allt til ársins 2004. Talsverðar breytingar voru gerðar á grunni viðmiðsins árið 2001 og einnig hafa verið kynntar fleiri tegundir neysluviðmiða til viðbótar við hin hóflegu viðmið: Skammtímaviðmið, afsláttarviðmið (*discount budget*), lífræn viðmið (*økologisk budget*) og viðmið fyrir lífeyrisþega (Hansen, 2002; Hansen og Hansen, 2004).

Hin dönsku viðmið ná til útgjalda vegna eftirtalinna sjö yfirflokka: Matvæla, fatnaðar, heilsu og hreinlætis, tómstunda, samgangna og heimilstækja o.fl. (Hansen, 2002).

Ákveðnar forsendur liggja til grundvallar viðmiðunum. Gert er ráð fyrir að heimilin séu fullbúin en að smám saman þurfi að endurnýja hlutina. Gengið er út frá því að allir fullorðnir séu vinnandi. Gert er ráð fyrir að allir séu frískir og geti borðað venjulegan mat og því er ekki tekið tillit til sérþarfa. Hvorki er gert ráð fyrir að heimilin rækti eigið grænmeti eða ávexti né haldi húsdýr (sama heimild).

Í viðmiðunum er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna húsnæðis, hita, rafmagns, gass, trygginga eða viðhalds húsnæðis. Né heldur eru meðtalin útgjöld vegna eignarskatta, lána, vaxta, stéttarfélagsgjalda, tryggingargjalda vegna atvinnuleysistrygginga, lífeyrissparnaðar eða tóbaks (Hansen og Hansen, 2004).

#### *1. Matur og drykkur*

Í þessum flokki er matur en auk þess að gera ráð fyrir mat sem eldaður er heima er einnig gert ráð fyrir kostnaði vegna máltíða á veitingahúsum.

#### *2. Fatnaður*

Í þessum flokki eru föt og skór auk fylgihluta.

#### *3. Heilsa og hreinlæti*

Í þessum flokki eru vörur til persónulegs hreinlætis, snyrtivörur, áhöld til raksturs, gleraugu, sólgleraugu o.fl. auk kostnaðar við hársnyrtingu og tannlæknakostnaðar.

#### *4. Tímstundir*

Í þessum flokki eru leikföng, bækur, íþróttir, tónlist, samskipti, fjölmiðlar, félagslíf, skemmtanir o.fl. auk kostnaðar vegna sumarleyfa.

#### *5. Samgöngur*

Gert er ráð fyrir að allir fjölskyldumeðlimir 11 ára og eldri noti almenningssamgöngur og noti til þess mánaðarkort; barnlaus pör og pör sem eiga eitt eða tvö börn eigi lítinn bíl; pör sem eiga þrjú eða fjögur börn eigi stóran bíl og að allir eldri en 6 ára eigi reiðhjól.

#### *6. Dagvörur til heimilishalds*

Í þessum flokki eru ýmsar vörur sem þarf til matseldar en þó ekki matur, hreingerningarefni, þvottaefni o.fl.

#### *7. Heimilistæki og fleira*

Í þessum flokki eru ýmis tæki sem þarf til dæmis til matseldar og hreingerninga, vefnaðarvara til heimilisins, húsgögn o.fl. Varðandi raftækjæign er gert ráð fyrir að einstaklingar eigi hvorki þvottavél né upppvottavél; að einstæðir foreldrar og barnlaus pör eigi þvottavél en ekki upppvottavél; pör með börn eigi bæði þvottavél og upppvottavél og pör með fleiri en þrjú börn eigi einnig þurrkara (Hansen, 2002).

Eins og áður var nefnt hafa verið reiknaðar út nokkrar útgáfur viðmiða í Danmörku. Má þar nefna afsláttarviðmið sem er reiknað með þeim hætti að leitað er að vörum með afslætti, til dæmis á útsöllumörkuðum eða í lágvöruverslunum. Tilgangur þessa viðmiðs var að sjá hversu mikil áhrif slík innkaup hefðu á fjárhag heimilanna. Reynt var að finna verð á sömu vörum og voru í hinu hefðbundna viðmiði, þ.e. að varan væri frá sama framleiðanda. Væri hún ekki áánleg var reynt að finna sambærilega vöru, þótt ekki væri tryggt að um sömu gæði væri að ræða (Hansen, 2002). Þá hefur verið reiknað út sérstakt viðmið fyrir fjölskyldur sem vilja velja lífrænar vörur og reiknað með að fjölskyldur matreiði sömu rétti og áður, en noti lífrænar vörur (sama heimild). Útgjöld vegna annarra flokka eru að öðru leyti þau sömu og í dæmigerða viðmiðinu.



**Tafla 1. Samanburður á dönskum neysluviðmiðum frá 2001**

Neysluviðmið	Kona, barnlaus 30–49 ára		Barnlaust par 30–49 ára	
	Mánaðarleg útgjöld DKK	Vísitala	Mánaðarleg útgjöld DKK	Vísitala
Dæmigert viðmið	7.072	100	14.927	100
Viðmið lífeyrisþega	5.214	74	11.248	75
Afsláttarviðmið	6.195	88	13.319	89
Skammtíamaviðmið	5.932	84	11.870	80
Lífrænt viðmið	7.824	111	16.623	111

(Heimild: Hansen, 2002.)

Þá hafa verið reiknuð út svokölluð skammtíamaviðmið með þeim hætti að eingöngu eru meðtaldar vörur sem endast skemur en tvö ár. Gengið er út frá því að fjölskylda geti sparað við sig innkaup á þeim vörum sem endast lengur en tvö ár til skemmri tíma en að það sé ekki hægt til lengri tíma litið. Ástæða þótti til að reikna út slík skammtíamaviðmið til að hafa til hliðsjónar í tilfellum þar sem heimili þyrftu að draga saman útgjöld til skemmri tíma, til dæmis vegna veikinda eða atvinnuleysis. Viðmið fyrir lífeyrisþega byggjast á þeim forsendum að þeir séu ekki útvinnandi, séu frískir og hafi ekki sérstök útgjöld vegna lyfjakaupa, þeir búi einir og að val þeirra á neysluvörum sé mjög hefðbundið. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að lífeyrisþegar hafi minni orkupörf, þar með lægri útgjöld vegna matvöru; að útgjöld vegna fatnaðar séu lægri; að lífeyrisþegar endurnýi sjaldnar húsbúnað og raftæki, að þeir hafi önnur áhugamál og fari sjaldnar í leyfi en aðrir (Hansen og Hansen, 2004). Í töfluTafla 1 má sjá dæmi um hversu mikill munur er á fjárhæðum hinna mismunandi viðmiða.

Ekki hefur verið gefið út opinbert lágmarks- eða grunnviðmið í Danmörku en CASA og *Socialpolitisk Forening* lögðu til að reiknað yrði út svo kallað *basisniveau* þar sem reiknuð yrðu út nauðsynleg útgjöld vegna matvöru, fatnaðar, hreinlætis- og snyrtivara, samgangna og dagvöru. Við þessa fjárhæð átti að bæta húsnæðiskostnaði (Hansen og Hansen, 2004).

Forsendur fyrir þessum grunnviðmiðum voru eftirfarandi: Hvorki var gert ráð fyrir að borðað væri á veitingahúsum né áfengisneyslu; ekki gert ráð fyrir að keypt séu blöð, tímarit eða bækur en að fólk nýti sér almenningsbókasöfn; áhersla var lögð á að fólk hreyfi sig og noti ódýra eða ókeypis afþreyingu; ekki gert ráð fyrir sumarleyfi, reiknað var með að fólk hafi síma, farsíma, útlarp og sjónlarp; ekki gert ráð fyrir rekstri einkabíls en reiknað með að fólk noti hjól og almenningsgöngur; gert var ráð fyrir að öll innkaup væru gerð í lágvöruslunum og ekki var reiknað með sparnaði af neinu tagi. Þá ná viðmiðin ekki til útgjalda vegna húsnæðis, trygginga eða stéttarfélagsgjalda (Hansen og Hansen, 2004). Eins og tafla 2 sýnir þá gerði tillaga um grunnviðmið ráð fyrir að þau yrðu tæplega helmingur dæmigerðra viðmiða (49,12%).

**Tafla 2. Danmörk, dæmigerð viðmið og grunnviðmið fyrir hjón með tvö börn (3–6 ára og 11–14 ára), 2001**

Útgjaldaflokkur	Dæmigerð viðmið	Grunnviðmið	Mismunur
Matur	4.810	3.651	1.159
Drykkur	669	333*	336
Fatnaður	1297	721	576
Skór	669	309	360
Hreinlætisvörur	1.393	1.102	291
Samskipti	1.050	1.050	-
Fjölmiðlar	434	165	269
Hreyfing o.þ.h.	352	352	-
Annar kostnaður vegna frístunda	1.845	57**	1.788
Sumarleyfi	515	0	515
Dagvörur	497	423	74
Heimilisbúnaður, húsgögn og raftæki	1.295	0	1.295
Samöngur	4.564	1.363***	3.201
Samtals	19.390	9.526	9.864

\*Áfengir drykkir ekki meðtaldir

\*\*Gjafir og spil

\*\*\*Almenningssamgöngur og reiðhjól  
(Heimild: Hansen og Hansen, 2004.)

Athygli vekur að dönsku viðmiðin hafa ekki verið uppfærð síðan 2001 að öðru leyti en með verðlagsuppfærslu. Samkvæmt upplýsingum frá Finn Kenneth Hansen, sérfræðingi á CASA (munnleg heimild, 18. og 28. janúar 2011) ákvað ríkisstjórn sem tók við völdum í Danmörku árið 2001 að nota ekki neysluviðmið. Talsvert er um að enn sé vísað til neysluviðmiðanna frá 2001 og þá gjarnan leiðrétt fyrir verðhækkningar, til dæmis er enn vísað til viðmiðanna í löggjöf um gjaldprot (sama heimild). Ákvörðun hinnar dönsku ríkisstjórnar er í raun áminning um að almenn sátt verði að ríkja um neysluviðmið ef þau eiga að nýtast til lengri tíma.

### 2.1.2 Finnland

Í Finnlandi hafa verið gerðar tillögur að neysluviðmiðum og ákveðnar leiðir reyndar í þeim efnum en engin þeirra hefur náð að festast í sessi (Pesonen, 2004; viðskiptaráðuneytið, 2006). Finnar hafa í stað neysluviðmiða byggt mikið á útgjaldarannsókn finnsku hagstofunnar sem hefur verið framkvæmd reglulega frá árinu 1966 (Statistics Finland, e.d.). Það má því í raun segja að þar hafi verið beitt útgjaldaaðferð að vissu marki.

### 2.1.3 Noregur

Neysluviðmið var fyrst birt árið 1987 í Noregi. Tilgangurinn var fyrst og fremst að gera neytendum kleift að gera fjárhagsáætlanir, sér í lagi þegar ráðist væri í stórar fjárfestingar á borð við kaup á bifreið eða húsnæði (SIFO, e.d.a). Norsku neysluviðmiðin heita *standardbudsjett om forbruksutgifter* og eru hófleg (*rimelig*), þ.e. hvorki er gert ráð fyrir lágmarksneyslu né lúxusneyslu. Viðmiðin byggjast á neyslu sem talið er að flestir ættu að geta sætt sig við og er ætlað að gera einstaklingum kleift að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Í Noregi var ákveðið að fara svokallaða sérfræðingaleið, þ.e. sérfræðingar og fagfólk á viðkomandi sviðum skilgreindu þarfir og hvaða vörur og þjónustu fólk þyrfti til að uppfylla þær (Borgeraas og Øybø, 2003). Það er SIFO (*Statens*

*institutt for forbruksforskning*) sem sér um útreikning viðmiðanna og uppfærslu þeirra (SIFO, e.d.b).

Hin norsku viðmið taka tillit til fjölda í fjölskyldu, aldurs fjölskyldumeðlima og í fyrstu þremur útgjaldaflokkunum, sbr. eftirfarandi upptalningu, er einnig tekið tillit til kyns. Gert er ráð fyrir ákveðinni stærðarhagkvæmni; 20% minni kostnaði við útgjaldaflokkka sem ná til einstaklingsbundinna útgjalda í fjölskyldum á heimilum sem telja fleiri en þrjá. Gert er ráð fyrir að stærri heimili geti dregið úr útgjöldum til dæmis með því að yngri börn noti fatnað og hluti frá eldri systkinum, ódýrari innkaupum vegna möguleika á magninnkaupum o.fl. Viðmiðin byggjast á því að fjölskyldan hafi þegar stofnað heimili og eigi allt til heimilishalds, en reiknuð útgjöld eru eingöngu miðuð við að halda við því sem þegar er fyrir hendi (SIFO, e.d.d). SIFO leggur sérstaka áherslu á að viðmiðin séu eingöngu dæmi um þau útgjöld sem sérfræðingar hafi skilgreint sem hófleg (SIFO, e.d.e).

Norsku viðmiðin taka ekki tillit til útgjalda vegna húsnæðis, rafmagns, viðhalds, tóbaks og áfengis, kostnaðar vegna framhaldsskóla, heilbrigðisþjónustu (nema árlegrar heimsóknar til tannlæknis), tómtunda sem byggja á dýrum búnaði og tækjum, sumarleyfa, hátíðahalda, gjafa, veitingahúsa og skemmtistaða o.fl. (SIFO, e.d.c;d).

Viðmiðin skiptast í eftirtalda 12 útgjaldaflokkka:

#### *1. Matur og drykkur*

Útgjöld vegna matar og drykkjar eru byggð á ráðleggingum norska landlæknisins og sérstakir matseðlar hafa verið útbúnir. Gert er ráð fyrir að allur matur sé eldaður heima og um sé að ræða hefðbundinn norskan mat (SIFO, e.d.c;d).

#### *2. Fatnaður og skór*

Hér er gert ráð fyrir útgjöldum vegna fatnaðar, þ.m.t. íþróttar- og spariföt. Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi fatnað barna hraðar en fullorðinna. Gert er ráð fyrir að fatnaður sé keyptur á sanngjörnu verði og gæði séu góð (SIFO, e.d.d).

#### *3. Heilsa og hreinlæti*

Hér er um að ræða útgjöld vegna hreinlætisvara, svo sem sápu, tannkremis, takmarkaðs magns snyrtivara, klippinga o.fl. Kostnaður vegna árlegrar heimsóknar til tannlæknis og kostnaður við bleiukaup fyrir börn er einnig talinn með (SIFO, e.d.d).

#### *4. Tómtundir*

Hér eru talin ýmis tómtundaútgjöld, svo sem barnaleikföng, reiðhjól, vörur vegna tómtunda, bækur, geisladiskar og vegna ferða í bíó og leikhús. Hér er einnig reiknað með einum farsíma á hvern heimilismann frá tíu ára aldri (SIFO, e.d.d).

#### *5. Samgöngukostnaður*

Gert er ráð fyrir að allir fjölskyldumeðlimir eigi strætókort og miðað við kostnað við slíkt kort í Osló (SIFO, e.d.d).

#### *6. Barnavörur*

Vörur fyrir ungabörn, svo sem sængur, koddar og sængurföt, vagnar, burðarrúm, pelar o.þ.h. Auk þess er reiknað með bílstól, barnastól, o.þ.h. fyrir börn undir eins árs aldri (Borgeraas og Øybø, 2003).

### 7. Aðrar dagvörur

Hér er um að ræða vörur vegna reksturs heimilis, svo sem bréfsfni, hreingerningavörur, ljósaperur, rafhlöður, pennar o.s.frv. (SIFO, e.d.d).

### 8. Heimilisbúnaður

Í þessum flokki eru eldhúsahöld, borðbúnaður, hreingerningaahöld, sængurföt, lök, gardínur o.fl. (SIFO, e.d.d).

### 9. Húsgögn

Við mat á þörfum fyrir húsgögn er tekið tillit til fjölda einstaklinga í heimili og fjölda herbergja í íbúð. Við mat á íbúðarstærð er stuðst við tölur frá norska fasteignamatinu (*Norges byggforskningsinstitutt*) (viðskiptaráðuneyti, 2006; SIFO, e.d.d).

### 10. Sími og fjölmiðlar

Hér gert ráð fyrir kostnaði við heimilissíma, netáskrift, blaðaáskrift og tækjum, svo sem útvarpi, geislaspilara, sjónvarpi, DVD-spilara og tölvu. Þá er einnig talinn kostnaður vegna heimilistrygginga og tómstundavara sem tengjast heimilinu (SIFO, e.d.d).

### 11. Bifreiðarkostnaður

Gert er ráð fyrir kostnaði við rekstur og viðhald bifreiðar. Kostnaðurinn eykst í samræmi við stærð fjölskyldu. Útgjöldin eru byggð á gögnum frá *Opplysningsrådet for Veitrafikken AS* (SIFO, e.d.c).

### 12. Leikskóli.

Leikskólagjöld eru miðuð við kostnað á leikskólaplássi í Osló og er gert ráð fyrir heilsdagsvistun (SIFO, e.d.c).

Norsku neysluviðmiðin eru víða notuð, til dæmis við fjármálaráðgjöf og sem framfærslugrunnur vegna einstaklinga í skuldavanda. Þegar ákvarða þarf frádrátt af launum vegna skulda er stuðst við neysluviðmið við útreikninga á framfærslukostnaði og þar með þeirri fjárhæð sem skuldari heldur eftir af launum sínum (lov om frivillig og tvungen gjeldsordning for privatpersoner (gjeldsordningsloven), nr. 99/1992). Víðar er stuðst við neysluviðmið vegna ákvörðunar fjárhæða, til dæmis er kveðið á um í reglum um gjald vegna ákvörðunar meðlags (forskrift om gebyr for offentlig fastsættelse av barnebidrag, nr. 1250/2001) að fjárhæð almennra neysluútgjalda skuli sérstaklega ákveðin á grundvelli neysluviðmiða. Þá liggja neysluviðmið einnig til grundvallar fjárhæðum víðar, til dæmis var SIFO falið árið 2003 að útbúa grunnviðmið (*minstestandard for forbruk*) sem væru grundvölluð á neysluviðmiðum (Borgeraas og Dahl, 2010). Hugmyndin var að slík grunnviðmið gætu nýst þegar ráðuneyti félags- og heilbrigðismála (frá 2009 fer ráðuneyti vinnumála, Arbeidsdepartementet, með málaflokkinn) legði fram leiðbeinandi viðmið vegna framfærsluaðstoðar sveitarfélaga (Borgeraas og Øybo, 2003; Borgeraas, 2006).<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Sjá einnig nánari umfjöllun um tillögur SIFO að grunnviðmiðum í 2. kafla þar sem fjallað er um aðferðafræði við smíði slíkra viðmiða. SIFO vinnur nú að nýjum grunnviðmiðum annars vegar til tveggja ára og hins vegar til fimm ára.

#### 2.1.4 Svíþjóð

Svíar voru fyrstir Norðurlandþjóða til að taka neysluviðmið í notkun árið 1978. Frá þeim tíma hafa neysluviðmiðin tekið ýmsum breytingum, meðal annars til að endurspegla breytingar á neysluvenjum. Tilgangurinn með sænsku neysluviðmiðunum var að skapa viðmið sem myndu nýtast heimilum við áætlanagerð, auk þess sem þau voru talin geta nýst við fjármálaráðgjöf og við ýmsa útreikninga. Þá var gert ráð fyrir að neysluviðmið gætu nýst við ákvarðanir opinberra aðila og annarra um fjárhæðir styrkja og bóta (Konsumentverket, 2008; viðskiptaráðuneytið, 2006).

Neysluviðmið eru uppfærð í upphafi hvers árs. Viðmiðin eru byggð á hóflegri neyslu, þ.e. hvorki lágmarks- né lúxusneyslu. Fjárhæðir viðmiðanna eru byggðar á skilgreiningum sérfræðinga um hvaða neysla sé hófleg og hvað fjölskylda þurfi í raun og veru. Þegar til dæmis útgjöld vegna matarinnkaupa eru reiknuð er miðað við ákveðinn matseðil sem sérfræðingar hafa samið. Hann er byggður á ráðgjöf *Livsmedelsverket* um næringarríkan og hollan mat. Dæmi um matseðil fyrir tiltekinn dag má sjá í töflu 3.

Útgjöld vegna matvæla eru ákvörðuð með þeim hætti að farið er í tilteknar lágvörverslanir og skoðað hvað hin skilgreinda matarkarfa kostar. Með sama hætti eru allar vörur sem eru í neysluviðmiðinu skilgreindar hvað varðar magn, notkunartíma og verð, auk vals á verslun. Gert er ráð fyrir mánaðarlegum útgjöldum auk ákveðinnar fjárhæðar sem er hugsuð sem sparnaður vegna strjálra útgjalda (Konsumentverket, e.d.b).

Ekki er gert ráð fyrir að mismunandi þarfir hafi áhrif á neyslu, til dæmis vegna sjúkdóma eða fötlunar, heldur skilgreina sérfræðingar eingöngu almenna neyslu, en gerð er undantekning á þessari reglu varðandi matarkostnað þar sem reiknuð hafa verið út viðmið sem taka til dæmis tillit til glútenofnæmis og sykursýki (Konsumentverket í viðskiptaráðuneytið, 2006).

Konsumentverket bendir á að neysluviðmiðin séu eingöngu dæmi um hóflega neyslu (Konsumentverket, 2008). Gert er ráð fyrir að útreiknaðar fjárhæðir dugi til framfærslu til lengri tíma. Í viðmiðunum er gengið út frá því að viðkomandi búi í leiguíbúð og hafi engin útgjöld vegna garðs eða viðhalds.

Ekki er gert ráð fyrir húsnæðiskostnaði við útreikning viðmiðanna, en gefinn er upp fjöldi kílóvattstunda sem áætlað er að heimilið þurfi vegna rafmagns. Eins og áður sagði er ekki gert ráð fyrir útgjöldum vegna fatlana eða sjúkdóma. Ekki er gert ráð fyrir útgjöldum vegna heilbrigðisþjónustu, gleraugna, gjafa, sumarleyfa eða annarra leyfa, afmæla, áfengis, tóbaks eða spila (Konsumentverket, e.d.a) Ekki er heldur gert ráð fyrir kostnaði vegna samgangna, dagvistar eða veitingahúsa. Rökin fyrir því að taka ekki tillit til húsnæðiskostnaðar eru að þau séu svo einstaklingsbundin að ekki sé unnt að rökstyðja almenn viðmið um þau (Konsumentverket, 2008).

Neysluviðmiðin ná til eftirtalinna útgjaldaflokka: Matvæla; fatnaðar og skófátnaðar; tómstunda; hreinlætisvara; barna- og unglingatrygginga; heimilistrygginga; vara vegna heimilishalds; húsbúnaðar, þ.m.t. tölva; fjölmíðla og síma og orkunotkunar. Hér er gerð nánari grein fyrir hverjum útgjaldaflokki:

**Tafla 3. Dæmi um matseðil sem liggur til grundvallar sænsku neysluviðmiði**

	Hádegisverður	Kvöldverður
Miðvikudagur	Eggjakaka með kartöflum, osti, spergilkál, tómötum, salati og ediki.	Svínakóteletta, kartöflur og grænmeti.
	Brauð með viðbiti.	Brauð með viðbiti.

(Heimild: Konsumentverket, e.d.b.)

#### 1. Matur

Viðmiðið fyrir matvæli er byggt á útreikningi á áætlaðri næringarþörf fólks, að teknu tilliti til kyns og aldurs. Eins og áður sagði byggir matseðillinn á viðmiðum *Livsmedelsverket*. Gert er ráð fyrir að flest sé eldað heima en ákveðnar vörur þó keyptar tilbúnar (sjá nánar Konsumentverket e.d.a). Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna helgarmáltíða og veitingahúsakostnaður er ekki með. Ekki er heldur tekið tillit til aukins kostnaðar vegna matarboða eða gert ráð fyrir sparnaði ef fólki er boðið í mat (Konsumentverket, 2008).

#### 2. Föt og skór

Gert er ráð fyrir útgjöldum vegna hefðbundinnar notkunar sem og sparifata. Þá er einnig gert ráð fyrir útífatnaði og fatnaði til nota í frístundum (sundfötum, íþróttaskóm og íþróttafötum). Hvorki er gert ráð fyrir öðrum útgjöldum vegna íþróttafatnaðar né er gert ráð fyrir tískufatnaði (sama heimild).

#### 3. Tómsundur, leikir og farsími

Gert er ráð fyrir hefðbundinni ástundun tómsundastarfs (*vanliga fritidsaktiviteter*) og reiknaður út kostnaður við ástundun. Hér er bæði um að ræða innan- og utanhússíþróttir og þátttöku í menningarlífi. Hér er einnig gert ráð fyrir útgjöldum vegna farsíma (sama heimild).

#### 4. Hreinlætisvörur

Hér er um að ræða hreinlætisvörur til einstaklingsnota, svo sem sápur, tannkrem, tannbursta, húðkrem, hársnyrtingu, vörur vegna raksturs og takmarkað magn snyrtivara. Hér er tekið tillit til aldurs og kyns. Bleiur eru til dæmis meðtaldar fyrir yngri börn (sama heimild).

#### 5. Vörur til heimilishalds

Hér er um að ræða hreinlætisvörur og aðrar vörur sem eru ætlaðar til rekstur heimilis: Plastfilmur, frystipokar, ryksugupokar, hreingerningalögur, þvottaduft, uppvottalögur (ekki er gert ráð fyrir uppvottavél), klósett- og eldhúspappír, rafhlöður, ljósaperur, kerti o.fl. (sama heimild).

#### 6. Heimilisbúnaður

Hér er um að ræða stærri vörur sem eru taldar nauðsynlegar vegna heimilishalds, svo sem húsgögn, eldhús- og borðbúnað, hreingerningartæki, sjónvörp, útvörp, tölvur, sængurver o.þ.h. Þar sem gert er ráð fyrir að búið sé í fjölbýlishúsi er ekki reiknað með kostnaði vegna þvottavéla né þurrkara í þessum útgjaldaflokki. Þá er heldur ekki

reiknað með útgjöldum vegna stærri verkfæra, garðáhalda eða garðhúsgagna (sama heimild).

#### 7. Fjölmíðlar, heimilissími og netáskrift

Hér er um að ræða útgjöld vegna heimilissíma, en eingöngu er gert ráð fyrir innanlandssímtölum, netáskriftar með breiðbandi sem er algengasta tegund netáskriftar og póstburðargjalda. Gert er ráð fyrir árs áskrift að dagblaði og að greidd séu afnotagjöld vegna ríkissjónvarps (sama heimild).

#### 8. Heimilistrygging

Hér er reiknað meðaltal vegna kostnaðar við heimilistryggingu (gert ráð fyrir leiguíbúð í fjölbýlishúsi) hjá tveimur stærstu tryggingafélögum. Tekið er tillit til fjölda heimilisfólks og til þess að verðlag er ólíkt eftir því hvort búíð er í stórborg, meðalstórum bæ eða minna sveitarfélagi. Reiknað er með algengustu heimilistryggingunni (sama heimild).

#### 9. Sjúkdóma- og slysatrygging barna

Í samvinnu við *Konsumenternas Försäkringsbyrå* er reiknað út hvað sjúkdóma- og slysatrygging fyrir börn og ungmenni kostar. Öll sænsk börn hafa slysatryggingu sem nær til skólatíma og ferða þeirra til og frá skóla. Það er þó misjafnt eftir sveitarfélögum hvort slysatryggingin nær líka til frítíma og þess vegna er gert ráð fyrir að foreldrar þurfi að kaupa slíka tryggingu. Þá er einnig bent á að algengara er að börn verði öryrkjar vegna sjúkdóma en slysa og því er einnig gert ráð fyrir sjúkratryggingu (sama heimild).

#### 10. Rafmagn

Þar sem verð á rafmagni er mjög mismunandi milli svæða í Svíþjóð er eingöngu gefið út viðmið um notkun í kílóvattstundum. Notkunin er tengd við fjölda heimilismeðlima.

Sænsku viðmiðin hafa einkum verið notuð af almenningi við að áætla eigin útgjöld og einnig við fjármála- og skuldaráðgjöf (Konsumentverket, 2008). Einnig hafa viðmiðin nýst yfirvöldum með margvíslegum hætti við ákvarðanir um fjárhæðir vegna framfærslu. Viðmiðin eru sá grunnur sem yfirvöld byggja á þegar reiknuð eru út svokölluð *riksnorm* sem eru viðmið ríkisins vegna framfærsluaðstoðar sveitarfélaganna (*socialbidrag*) (Socialstyrelsen, 2007). Samkvæmt lögum um félagsþjónustu (socialtjänstlag, nr. 453/2001) er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til þess að tryggja félagslega og fjárhagslega afkomu íbúa þeirra og að fjárhæð fjárhagsaðstoðar skuli byggjast á fyrrnefndu viðmiði (riksnorm), þótt heimilt sé að hækka það eða lækka ef sýnt er að ákveðnir kostnaðarliðir í viðkomandi sveitarfélagi séu frábrugðnir því sem er í viðmiðinu. Viðmiðin eru einnig notuð í fleiri tilvikum, til dæmis við að ákveða greiðslur til fjölskyldna sem taka börn í fóstur, við ákvarðanir um fjárhæðir vegna tiltekinnar trygginga á vegum sænsku tryggingastofnunarinnar (*Försäkringskassan*) og við ákvarðanir um gjöld vegna þjónustu við aldraða og fatlaða í tilteknum sveitarfélögum (Konsumentverket, 2008).

#### 2.1.5 Norrænn samanburður

Aðferðafræði við vinnslu neysluviðmiða þessara þriggja landa er að flestu leyti mjög svipuð, þ.e. viðmiðið byggist á skilgreindum þörfum einstaklinga en ekki á því hver almenn neysla er í landinu. Sérfræðingar hafa skilgreint þarfirnar og svo er raunkostnaður við að uppfylla þær reiknaður út. Þá er tilgangurinn með viðmiðunum

**Tafla 4. Samanburður á útgjaldaflokkum neysluviðmiða á öðrum Norðurlöndum**

	Danmörk	Noregur	Svíþjóð
Matur og drykkur	x	x	x
Föt og skór	x	x	x
Tómstundir	x	x	x
Hreinlætis- og snyrtivörur	x	x	x
Húsgögn og heimilistæki	x	x	x
Heimilisbúnaður	x	x	x
Sími og fjölmiðlar	x	x	x
Almenningssamgöngur	x	x	x
Heilbrigðiskostnaður	Að hluta	Að hluta	
Útgjöld vegna ungbarna		x	
Sjúkdóma- og slysatryggingar barna			x
Rekstur bifreiðar		x	
Leikskóli, dagvistun		x	
Sumarleyfi			
Húsnæði			
Viðhald húsnæðis			

(Ýmsar heimildir, sjá texta.)

alls staðar sá að fjölskyldur og einstaklingar geti nýtt þau sem til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlana, auk þess sem gert er ráð fyrir að stofnanir og aðrir geti nýtt viðmiðin við mat á greiðslugetu og ákvörðun um fjárhæðir sem lúta að framfærsluviðmiðum.

Í öllum tilvikum hafa sérfræðingar sem vinna viðmiðin greint á milli þarfa eftir aldri og kyni. Þá hefur fjöldi einstaklinga á heimili alls staðar áhrif á fjárhæð útgjalda í neysluviðmiðunum. Í Noregi og Svíþjóð er farin sú leið að birta fjárhæð neysluviðmiðs fyrir hvort kynið og hvern aldurshóp fyrir sig í þeim flokkum þar sem um einstaklingsbundin útgjöld er að ræða. Í þeim flokkum sem stærð fjölskyldu ræður mestu er viðmiðið miðað við fjölda í heimili. Í Danmörku eru hins vegar birt viðmið fyrir einstaklinga og fjölskyldur eftir aldri og kyni, en viðmiðið fyrir börn er ekki birt sérstaklega heldur eingöngu heildarútgjöld heimilis (viðskiptaráðuneytið, 2006).

Það sem greinir löndin helst að er hvaða útgjöld eru tekin með inn í viðmiðin og í hvaða flokk útgjaldaliðirnir falla. Þá er fjöldi útgjaldaflokkanna ólíkur milli landanna eins og tafla 4 sýnir.

Taflan sýnir að talsverður munur er milli landanna í þessum efnum. Þau eiga það þó sameiginlegt að taka öll tillit til ákveðinna grunnþarfa en sleppa öðrum, svo sem húsnæði. Rökin fyrir því að telja húsnæði ekki með eru ekki að sá kostnaður eigi ekki heima í neysluviðmiðum heldur að slík útgjöld séu svo einstaklingsbundin að ekki sé mögulegt að setja fram skilgreiningu á hvað teljist hóflegt í þeim efnum (Borgeraas og Øybø, 2003). Þá gerir ekkert landanna ráð fyrir að neysluviðmið ná til kaupa á bifreið en í Noregi er tekið tillit til rekstrarkostnaðar bifreiðar (gert ráð fyrir að fjölskyldan eigi hana og sé ekki að leggja til hliðar vegna afskrifta né fjármögnunarkostnaðar). Hvergi er gert ráð fyrir kostnaði vegna sumarleyfa með sömu rökum og nefnd voru vegna húsnæðis, en talið er að kostnaður við þau sé svo einstaklingsbundinn að ekki sé hægt að gefa út viðmið í þeim efnum. Þessu til viðbótar er mikilvægt að hafa í huga að flokkarnir eru ekki samræmdir milli landanna og því getur til dæmis kostnaður vegna



farsíma verið talinn í ólíkum flokkum í ólíkum löndum. Það verður því að fara varlega ef bera á saman útgjöld í einstaka flokkum milli landa.

## 2.2 Eldri viðmiðanir á Íslandi

Á Íslandi hafa ýmsir opinberir aðilar stuðst við ýmsar viðmiðunarfjárhæðir þegar framfærslukostnaður, bætur eða greiðslugeta eru ákvörðuð. Afar misjafnt er hvaða leiðir hafa verið farnar við ákvörðun slíkra fjárhæða. Hér verður fjallað um nokkrar helstu eldri viðmiðanir, notkun þeirra og tilurð.

### 2.2.1 Umboðsmaður skuldara

Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem tók til starfa 1. ágúst 2010. Stofnunin byggir á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna sem var stofnuð 1996 en lögð niður þegar embætti umboðsmanns var stofnað (lög um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010). Meginmarkmið embættisins er að aðstoða einstaklinga sem eiga í skulda- og greiðsluferfiðleikum í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008, auk þess sem stofnuninni er ætlað viðamikið hlutverk varðandi greiðsluádlögun.

Árið 1995 framkvæmdi Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna könnun sem 40 fjölskyldur tóku þátt í. Fjölskyldurnar héldu bókhald yfir útgjöld á þriggja mánaða tímabili. Ráðgjafarstofa fór yfir útgjöldin og mat hvaða útgjöld töldust nauðsynleg en

**Tafla 5. Bráðabirgðaneysluviðmið umboðsmanns skuldara 1. janúar 2011**

	Matur og hreinlætisvara	Tómstundir	Fatnaður	Lækniskostnaður	Ýmislegt	Samtals
<b>Hjón og sambúðarfólk</b>						
barnlaus	70.200	4.200	9.200	8.400	4.200	96.200
með 1 barn	89.100	6.300	13.400	12.600	6.300	127.700
með 2 börn	106.100	8.400	17.600	16.800	8.400	157.300
með 3 börn	120.800	10.500	21.800	21.000	10.500	184.600
með 4 börn	133.300	12.600	26.000	25.200	12.600	209.700
með 5 börn	145.900	14.700	30.200	29.400	14.700	234.900
með 6 börn	158.500	16.800	34.400	33.500	16.800	260.000
með 7 börn	171.100	18.900	38.600	37.700	18.900	285.200
með 8 börn	183.700	21.000	42.800	41.900	21.000	310.400
með 9 börn	196.200	23.100	47.000	46.100	23.100	335.500
<b>Einhleypir</b>						
barnlausir	45.100	2.100	4.600	4.200	2.100	58.100
með 1 barn	63.900	4.200	8.800	8.400	4.200	89.500
með 2 börn	80.900	6.300	13.000	12.600	6.300	119.100
með 3 börn	96.700	8.400	17.200	16.800	8.400	147.500
með 4 börn	112.400	10.500	21.400	21.000	10.500	175.800
með 5 börn	128.100	12.600	25.600	25.200	12.600	204.100
með 6 börn	143.800	14.700	29.800	29.400	14.700	232.400
með 7 börn	159.600	16.800	34.000	33.500	16.800	260.700
með 8 börn	175.300	18.900	38.200	37.700	18.900	289.000
með 9 börn	191.000	21.000	42.400	41.900	21.000	317.300
<b>Sérstakir rekstrarliðir</b>						
Bleir	6.900					
Bíll	41.000					

(Heimild: Umboðsmaður skuldara, e.d.)

mat á kostnaði við rekstur bifreiðar var byggt á útreikningum frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. Að því búnu var útbúið neysluviðmið sem hefur verið uppfært árlega með tilliti til verðlagsþróunar (viðskiptaráðuneytið, 2006). Í lögum um umboðsmann skuldara segir að meðal hlutverka embættisins sé að „útbúa framfærsluviðmið og uppfæra það reglulega“ (lög um umboðsmann skuldara, 1. gr.). Embættið hefur byggt á eldri viðmiðum Ráðgjafarstofu og á heimasíðu þess voru birt bráðabirgðaneysluviðmið umboðsmanns skuldara 1. janúar 2011 (sjá töflu 5). Þess ber að geta að útgjöld vegna ýmissa útgjalda, svo sem rafmagns, hita, dagvistunar, húsaleigu og fasteignagjalda eru ekki reiknuð inn í neysluviðmið umboðsmanns skuldara heldur ná þau eingöngu til ákveðinna neysluflokka. Við útreikning útgjalda er því að hluta til byggt á raunútgjöldum þeirra sem leita til umboðsmanns skuldara.

### 2.2.2 Íbúðalánasjóður

Sú hefð hefur skapast við fjármögnun húsnæðis á Íslandi að fram fari mat á greiðsluhæfi íbúðakaupenda, svokallað greiðslumat. Á grundvelli greiðslumats er tekin ákvörðun um hámarkslán sem viðkomandi á rétt á samkvæmt útlánareglum. Við vinnslu greiðslumats hjá Íbúðalánasjóði geta íbúðakaupendur valið um að nota viðmiðunartölur Íbúðalánasjóðs um meðalframfærslukostnað eða tilgreina sjálfir raunverulegan framfærslukostnað sinnar fjölskyldu. Viðmiðunartölur Íbúðalánasjóðs byggjast á rannsókn Hagstofu Íslands á útgjöldum heimilanna árin 2000–2002, og eru uppreiknaðar til verðlags í maí 2005 (Soffía Guðmundsdóttir, aðstoðarsviðsstjóri þjónustusviðs lána, munnleg heimild 26. janúar 2011). Framfærsla er reiknuð sem meðaltal þeirra 75% heimila sem höfðu lægst útgjöld í útgjaldarannsókninni. Lágmarksframfærsla getur þó aldrei orðið lægri en meðaltal þeirra 25% heimila sem höfðu lægstu útgjöldin samkvæmt útgjaldarannsókninni.

Íbúðalánasjóður lagar tölurnar að fjölskyldugerð með notkun neyslueininga OECD (sama heimild). Sumir útgjaldaliðir eru reiknaðir samkvæmt sérstökum reglum Íbúðalánasjóðs til að auka raunhæfni greiðslumats. Það á við um bifreiðakostnað sem er 25.000 kr. fyrir hverja bifreið. Kostnað við barnagæslu verða umsækjendur að setja fram sjálfir. Kostnaður við rekstur húsnæðis er áætlaður 2% af kaupverði þess og velja umsækjendur kaupverð á 5 milljóna bili. Ef kaupverð er á bilinu 20-25 milljónir þá er

**Tafla 6. Framfærslugrunnur Íbúðalánasjóðs í desember 2010**

	Meðaltal 25% lægstu (án bifreiðar, húsnæðis og kostnaðar v/gæslu barna þ. á m. leikskóla)	Meðaltal 75% lægstu (án bifreiðar, húsnæðis og kostnaðar v/gæslu barna þ. á m. leikskóla)
Einstaklingur	52.000	75.000
Hjón	88.000	128.000
Hjón með 1 barn	114.000	166.000
Hjón með 2 börn	140.000	203.000
Hjón með 3 börn	166.000	241.000
Hjón með 4 börn	192.000	279.000
Einstætt foreldri með 1 barn	78.000	113.000
Einstætt foreldri með 2 börn	104.000	151.000
Einstætt foreldri með 3 börn	130.000	188.000
Einstætt foreldri með 4 börn	156.000	226.000

(Heimild: Soffía Guðmundsdóttir, aðstoðarsviðsstjóri þjónustusviðs lána, munnleg heimild 26. janúar 2011.)

**Tafla 7. Dæmi um lágmarksfjárhæðir lífeyris og annarra réttinda öryrkja hjá Tryggingastofnun miðað við fulla aldurstengda örorkuuppbót í desember 2010**

	Barnlaus býr einn	Foreldrar í sambúð 1 barn	Einstætt foreldri 1 barn	Einstætt foreldri 3 börn
Greiðslutegundir í krónum	29.294	29.294	29.294	29.294
Full aldurstengd örorkuuppbót	29.294	20.294	29.294	29.294
Tekjutrygging	93.809	93.809	93.809	93.809
Heimilisuppbót	27.242	0	27.242	27.242
Mæðra- og feðralaun	0	0	0	16.300
Sérstök uppbót til framfærslu	361	1.103	361	361
Samtals fyrir skatt	180.000	153.500	180.000	195.939
Samtals eftir skatt	155.245	138.603	155.245	165.255
Barnalífeyrir	0	21.657	21.657	64.971
Meðlag	0	0	21.657	64.971
Ráðstöfunartekjur	155.245	160.260	198.559	295.197

(Heimild: Tryggingastofnun ríkisins, e.d.)

áætlaður rekstur húsnæðis  $22.500.000 \times 0,02 = 450.000$  kr. á ári (sama heimild).

### 2.2.3 Tryggingastofnun ríkisins

Við ákvörðun um fjárhæðir lífeyrisgreiðslna var upphaflega stuðst við tiltekinn taxta í kjarasamningum en hækkanir hafa tekið mið af samningsbundnum launahækkunum á almennum markaði (viðskiptaráðuneyti, 2006).

Í apríl 2008 fól félags- og tryggingamálaráðherra verkefnisstjórn um endurskoðun almennatrygginga að fjalla um setningu lágmarksframfærslutryggingar fyrir lífeyrisþega. Verkefnisstjórnin fékk á sinn fund ýmsa sérfræðinga og fulltrúa helstu hagsmunasamtaka en taldi ekki liggja fyrir samstöðu um að setja fram almennt neysluviðmið. Enn fremur var bent á að slíkt verkefni krefðist meiri tíma og fagvinnu en verkefnisstjórnin hefði yfir að ráða. Verkefnisstjórnin byggði tillögur sínar því á hlutfalli launa og lagði til fjárhæð sem var 3% hærri en lægstu laun á vinnumarkaði (daglaun Alþýðusambands Íslands) og 70% af grunnlaunum verkafólks. Tillagan gerði ráð fyrir að heildarfjárhæð lífeyris yrði 150.000 kr. fyrir einhleypan einstakling og 128.000 kr. fyrir einstakling í hjónabandi eða sambúð (256.000 kr. fyrir hjón) frá og með 1. september 2008 en tæki hækkunum í samræmi við verðlagsbreytingar (velferðarráðuneytið, e.d.a). Í kjölfarið var sett reglugerð nr. 1192/2008, um breytingu á reglugerð nr. 878/2008, um sérstaka uppbót til framfærslu lífeyrisþega sem tók gildi 1. janúar 2009.

### 2.2.4 Félagsþjónusta sveitarfélaga

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga segir að markmið hennar sé að „tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjalpar“ (lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 1. gr.). Sveitarfélögunum ber samkvæmt lögum að setja sér reglur um fjárhagsaðstoð, en þeim er í sjálfsvald sett hvernig þau haga framkvæmd hennar, að því tilskildu að þau uppfylli skilyrði laga, sbr. 12. gr. Árið 2003 útbjó félags- og tryggingamálaráðuneytið, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga sem og Samtök félagsmálastjóra, leiðbeiningar um reglur fjárhagsaðstoðar. Í leiðbeiningunum er mælt með tvenns konar meginleiðum við

**Tafla 8. Grunnfjárhæðin miðað við fjölskyldustærð samkvæmt leiðbeiningum Félagsmálaráðuneytis árið 2010 til sveitarfélaga**

Fjölskylda	Grunnfjárhæð
Einstaklingur	Grunnfjárhæð x 1,0 = 125.540
Tveggja manna fjölskylda	Grunnfjárhæð x 1,6 = 200.864
Þriggja manna fjölskylda	Grunnfjárhæð x 1,8 = 225.972*
Fjögurra manna fjölskylda	Grunnfjárhæð x 2,0 = 251.080
Fimm manna fjölskylda	Grunnfjárhæð x 2,2 = 276.188

\*Viðbót vegna hvers fjölskyldumeðlims umfram tvo verður 0,2 x grunnfjárhæð.  
(Heimild: Velferðarráðuneyti, e.d.c.)

Útreikning fjárhagsaðstoðar, annars vegar leið a) þar sem framfærsla barna er talin með við mat á fjárförf og hins vegar leið b) þar sem framfærsla barna er ekki talin með við fjárförf. Þegar framfærsla barna er ekki talin með koma tekjur vegna þeirra (til dæmis meðlag og barnabætur) heldur ekki til frádráttar (félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2003, velferðarráðuneytið, e.d.c;d). Sveitarfélög taka tillit til fjölskyldutekna umsækjenda um fjárhagsaðstoð, þ.e. tekjur umsækjenda og maka eru dregnar frá útreiknaðri framfærsluþörf.

Í 11. gr. leiðbeininganna er kveðið á um grunnfjárhæð sem er fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri. Gert er ráð fyrir að grunnfjárhæðin taki mið af fjölskyldustærð eins og tafla 8 sýnir. Hér er valin leið a þannig að tekið er tillit til framfærslukostnaðar barna (velferðarráðuneytið, e.d.c;d).

Í desember 2007 gerðu félagsmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök félagsmálastjóra með sér samkomulag um að ráðuneytið skyldi árlega uppfæra grunnfjárhæð vegna fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga í samræmi við hækkun neysluverðsvísitölu. Í samræmi við það samkomulag var grunnfjárhæðin 125.540 kr. á mánuði fyrir árið 2010.

Hinn 4. janúar 2011 beindi Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra þeim tilmælum til sveitarstjórna að þær hækki fjárhagsaðstoð til einstaklinga þannig að mánaðarleg framfærsla þeirra verði sambærileg og hjá fólki á atvinnuleysisbótum. Í bréfi ráðherra er vísað til framangreindra markmiða laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og skyldu þeirra til að tryggja að íbúar þeirra geti framfleytt sér og sínum. Þá er vísað til umræðu um erfiða stöðu þeirra sem byggja framfærslu sína á lágmarksbótum eða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Þá segir í bréfi ráðherra:

Horft var til þessarar erfiðu stöðu þegar lágmarkstekjuviðmið til framfærslu lífeyrisþega sem búa einir var hækkað umtalsvert í janúar 2009 og verður frá og með 1. janúar 2011 rúmar 184.000 kr. Fullar atvinnuleysisbætur nema tæpum 150.000 kr. á mánuði. Grunnfjárhæð sveitarfélaganna hefur að jafnaði verið mun lægri sem getur gert fjárhagslega stöðu þeirra, sem þurfa að reiða sig eingöngu á aðstoð sveitarfélaganna, slaka í samanburði við aðra sem fá bætur frá hinu opinbera (velferðarráðuneytið, e.d.b).

Eins og áður var nefnt er það sveitarfélaganna að ákveða viðmið vegna framfærslu og þar sem framangreind tilmæli um hækkun viðmiða hafa nýlega verið send sveitarstjórnnum er enn ekki ljóst að hversu miklu leyti sveitarfélög munu fylgja þeim.

Reykjavíkurborg hækkaði fjárhæðir fjárhagsaðstoðar haustið 2010. Fjárhagsaðstoð til einstaklings getur verið allt að 149.000 kr. á mánuði og 223.500 kr. á mánuði til hjóna eða fólks í sambúð. Ekki er tekið tillit til barnafjölda þar sem reiknað er með að barnabætur, meðlög og barnalífeyrir mæti kostnaði vegna barna. Á sama hátt er vaxta- og húsaleigubótum ætlað að mæta mismunandi kostnaði vegna húsnæðis. Þá er samkvæmt reglunum heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, meðal annars vegna heimilisaðstoðar, náms eða óvæntra áfalla (Reykjavíkurborg, e.d.).

Samkvæmt lögum um útlendinga, nr. 96/2002, er eitt af skilyrðum búsetuleyfis að umsækjandi geti sýnt fram á að framfærsla hans hafi verið tryggð á dvalartímanum og hann hafi getað framfleytt sér með löglegum hætti. Í reglugerð um útlendinga, nr. 53/2003, segir enn fremur í 42. gr.: „Lágmarksframfærsla skal miðuð við útgefinn framfærslustuðul félagsþjónustu sveitarfélags á hverjum stað og á því tímamarki sem umsókn ásamt fullnægjandi fylgigögnum er lögð fram.“

### 2.2.5 Atvinnuleysistryggingar

Hinn 1. júlí 2006 tóku gildi ný lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, sem meðal annars fela í sér tekjutengdar atvinnuleysisbætur fyrstu þrjú mánuðina eftir missi vinnu. Atvinnuleysisbætur eru 70% af meðaltali heildarlauna miðað við tiltekið tímabil áður en atvinnuleysi hefst en hámarksfjárhæð tekjutengingar er 242.636 kr. Atvinnuleysisbætur eru 149.532 kr. Vegna framfærsluskyldu barna yngri en 18 ára eru greiddar 5.981 kr. á mánuði með hverju barni (4% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum). Markmið laga um atvinnuleysistryggingar er að tryggja tímabundna fjárhagsaðstoð meðan viðkomandi leitar að nýju starfi. Frá og með 1. mars 2011 verða atvinnuleysisbætur greiddar samtals í fjögur ár og getur viðkomandi áunnið sér rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins að nýju að liðnum tveimur árum, að uppfylltum tilteknum skilyrðum (lög um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum, nr. 153/2010; Vinnumálastofnun, e.d.).

### 2.2.6 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir námslán, þ.m.t. lán til framfærslu. Samkvæmt úthlutunarreglum miðast aðstoð við svokallaða grunnframfærslu sem skilgreind er af sjóðnum. Grunnframfærslan á mánuði er þannig ákveðin sem 1/9 af mismun framfærslugrunns Lánasjóðsins og ráðstöfunartekna námsmanns í leiguhúsnæði, þ.e.

**Tafla 9. Framfærslugrunnur LÍN fyrir skólaárið 2010–2011**

Útgjaldaliðir	Framfærslugrunnur	Hlutfall
Matur og drykkjarvörur	441.300	19.7%
Föt og skór	146.158	6.5%
Húsnæði, hiti og rafmagn	644.028	28.8%
Húgögn og heimilisbúnaður	125.228	5.6%
Heilsugæsla	72.967	3.3%
Ferðir og flutningar	249.972	11.2%
Póstur og sími	61.611	2.7%
Menntun, tómstundir og menning	325.979	14.5%
Ýmsar vörur og þjónusta	170.996	7.6%
Alls	2.238.239	99.9%

(Heimild: Lánasjóður íslenskra námsmanna, e.d.)

1/9 af 1.085.578 kr. (2.238.239 – 1.152.661 = 1.085.578 kr.). Grunnframfærsla Lánasjóðs íslenskra námsmanna er því 120.720 kr. á mánuði skólaárið 2010–2011. Ef námsmaður hefur barn á framfæri er sérstakt tillit tekið til þess, 45% af grunnframfærslu er bætt við fyrir hvert barn ef um einstætt foreldri er að ræða og 25% ef um sambýlisfólk er að ræða. Einnig er unnt að fá lán vegna meðlagsgreiðslna og í ákveðnum tilvikum er mögulegt að fá námslán vegna framfærslu maka. Tekjur dragast frá lánsfjárhæð eftir ákveðnum reglum (Lánasjóður íslenskra námsmanna, e.d.).

## 2.2.7 Hagstofa Íslands

Hagstofan framkvæmir rannsókn á útgjöldum heimilanna og birtir niðurstöður hennar árlega. Rannsóknin fer þannig fram að árinu er skipt niður í 26 tveggja vikna tímabil og fyrir hvert tímabil er valið úrtak 47 heimila af handahófi, samtals 1.222 heimili á ári. Þau heimili sem samþykkja þátttöku í könnuninni halda nákvæmt heimilisbókhald í tvær vikur og svara að því loknu spurningalistum varðandi tækjaeign á heimilinu og stærri útgjöld á þriggja mánaða tímabili (Hagstofa Íslands, 2009). Könnunin hefur staðið óslitið yfir frá árinu 2000 og eru árlega birtar niðurstöður sem byggðar eru á meðaltali þriggja síðustu ára. Á hverju ári bætist nýtt ár inn í niðurstöðurnar og hið elsta fellur út (Hagstofa Íslands, 2004). Megintilgangur rannsóknarinnar er að afla upplýsinga sem vísitala neysluverðs byggist á. Ekki er reynt á nokkurn hátt að meta hvað teljist vera nauðsynleg framfærsla heldur er einungis reynt að varpa ljósi á hver raunveruleg útgjöld heimilanna eru og hvernig þau skiptast (Hagstofa Íslands, 2009). Í útgjaldarannsókn Hagstofunnar er heimilum skipt í fimm flokka sem ákvarðast af fjölda, aldri og innbyrðis tengslum heimilismanna. Þessir flokkar eru: Einhleypir, hjón/sambýlisfólk án barna, hjón/sambýlisfólk með börn, einstæðir foreldrar og önnur heimilisgerð. Ekki er flokkað eftir fjölda barna í fjölskyldu en meðalfjölda barna og fullorðinna eftir heimilisgerðum. Meðalútgjöld mismunandi heimilisgerða til helstu neysluflokka, samkvæmt könnun Hagstofu Íslands, eru sýnd í töflu 10.

**Tafla 10. Meðalútgjöld mismunandi heimilisgerða í helstu útgjaldaflokkum árin 2006–2008 samkvæmt útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands á verðlagi í desember 2010**

	Ein- hleypir	Hjón/sam- býlisfólk án barna	Hjón/sam- býlisfólk með börn*	Einstæðir foreldrar	Önnur heimilis- gerð
Matur og drykkjarvörur	448.709	859.358	1.195.444	715.265	1.096.063
Áfengi og tóbak	175.909	241.929	220.720	163.541	230.116
Föt og skór	200.150	367.012	499.921	425.382	452.403
Húsnæði, hiti og rafmagn	973.622	1.559.787	1.695.076	1.110.316	1.826.212
Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	262.341	527.121	638.107	370.484	536.519
Heilsugæsla	119.415	256.416	270.854	174.233	323.119
Ferðir og flutningar	481.709	1.654.492	1.569.574	745.692	1.450.300
Póstur og sími	143.777	199.044	267.063	232.915	273.136
Tómstundir og menning	463.298	892.768	1.137.188	562.859	1.061.325
Menntun	23.687	23.490	78.159	70.169	88.856
Hótel og veitingastaðir	167.684	219.390	410.459	264.347	298.088
Aðrar vörur og þjónusta	193.580	356.832	582.565	422.017	402.691
	3.653.8	7.157.640	8.565.129	5.257.221	8.038.828
Samtals	81				

\*Barn telst vera einstaklingur 24 ára eða yngri sem býr á heimili foreldra sinna.  
(Heimild: Hagstofa Ísland, 2009.)

## 2.2.8 Algild fátæktarmörk – lágmarksframfærsluviðmið

Ekki hafa verið reiknuð út opinber fátæktarmörk sem byggja á algildri (*absolute*) skilgreiningu á fátækt. Harpa Njáls vann greiningu á því hvað einstaklingar og fjölskyldur þurfa til lágmarksframfærslu og birti í MA-ritgerð sinni *Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar* árið 2003. Harpa byggði skilgreiningar á þörfum á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytis um reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð. Þeir þættir sem lágmarksframfærsluviðmiðið náði til voru: Fæði; klæði; hreinlætis- og snyrtivörur; lyf og læknishjálp að hámarki sem nemur 50% af heimilisuppbót Tryggingastofnunar ríkisins; afnotagjald síma og ríkisútvarps; kostnaður af rekstri bifreiðar; heimilisbúnaður; hiti og rafmagn; dagvistarkostnaður fyrir eitt barn sem samsvarar gjaldi forgangshópa í sveitarfélagi; húsaleiga miðað við leigutöku sveitarfélags eða annar eðlilegur húsnæðiskostnaður (um frekari forsendur sjá Harpa Njáls, 2003).

Harpa notaði viðmið Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna vegna útgjalda til eftirtalinnna útgjaldaflokka: Mat- og hreinlætisvara; reksturs bifreiðar; tómsunda/menningar og fata- og skókaupa. Fjárhæð vegna húsbúnaðar/húsgagna er reiknuð sem 1/3 af sambærilegum útgjaldalið í útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands. Varðandi útgjöld vegna hársnyrtingar er gert ráð fyrir klippingu á sex vikna fresti og miðað er við raunkostnað. Útgjaldaflokkurinn annað og ófyrirséð er áætlaður 5.500 kr. fyrir fullorðinn einstakling og 2.250 kr. fyrir barn. Húsnæðiskostnaður er raunkostnaður og þar er miðað við verð frá félögum sem ráku leiguhúsnæði á almennum markaði.

**Tafla 11. Lágmarksframfærsluviðmið í nóvember 2000 fyrir ólíkar fjölskyldugerðir**

	Einstak- lingur	Par, barn- laust	Par með 3 börn	Einstætt foreldri með 1 barn	Einstætt foreldri með 2 börn
Matur og hreinlætisvörur	24.600	38.200	65.700	34.800	43.900
Póstur og sími	2.500	3.370	3.500	2.500	3.500
Rafmagn og hiti	4.380	6.570	8.700	6.600	6.600
RÚV/dagblað	2.580	2.580	2.580	2.580	2.580
SVR	(3.900)	-	-	-	--
Tryggingar	3.835	5.150	5.535	5.535	5.535
Lækniskostnaður/lyf	2.300	4.600	11.500	4.600	6.900
Tómsundir/menning	1.200	2.400	6.000	2.400	3.600
Fatakaup/skór	2.500	5.000	11.900	4.800	7.100
Ýmislegt	1.200	2.400	6.000	2.400	3.600
Hársnyrting	1.570	2.765	5.970	2.635	3.700
Annað, ófyrirséð	5.500	11.000	19.250	8.250	11.000
Heimilisbúnaður/húsgögn	2.500	3.750	5.625	3.125	3.750
Húsnæði	31.765	31.765	46.900	31.765	31.765
Rekstur bifreiðar	20.500	20.500	21.900	20.500	20.500
<b>Samtals</b>	100.750	140.050	235.560	143.790	175.630
Uppfært til verðlags í desember 2010*	185.560	257.942	433.852	264.831	323.473
<b>Samtals</b> án húsnæðis og bifreiðarkostnaðar	48.485	87.785	166.760	91.525	123.365
Uppfært til verðlags í desember 2010*	85.583	154.954	294.357	161.555	217.758

\*Eigin útreikningar, vísitala neysliverðs og vísitala neysliverðs án húsnæðis.  
(Heimild: Harpa Njáls, 2003.)

Dagvistargjald er raunkostnaður miðað við leikskóla í Reykjavíkurborg. Kostnaður vegna dagblaðs og RÚV er einnig raunkostnaður. Lyf og læknskostnaður er eins og áður sagði að hámarki 50% af heimilisuppbót. Ekki koma fram upplýsingar um hvernig kostnaður vegna pósts og síma, rafmagns og hita eða trygginga er áætlaður (sama heimild).

Ekki er gert ráð fyrir útgjöldum vegna: Áfengis og tóbaks; afborgana af bíl; ferða/flutninga; menntunar; hótela/kaffihúsa/veitinga; ýmissa vara og þjónustu (sama heimild).

Í töflu 11 má sjá niðurstöður fyrir flestar þær fjölskyldugerðir sem rannsókn Hörpu Njáls nær til. Ólíkt því sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum er bæði húsnæðiskostnaður og rekstur bifreiðar reiknaður inn í lágmarksviðmiðið (sjá nánar kafla 2.1 um Norðurlönd). Hér er því einnig birt niðurstöðutala að frádregnum þessum liðum. Þá eru heildarniðurstöður uppfærðar miðað við verðlag þar sem rúmlega tíu ár eru síðan útreikningarnir voru framkvæmdir. Ljóst er að neyslumynstur hefur tekið talsverðum breytingum, til dæmis var hvorki gert ráð fyrir kostnaði við farsíma né netáskrift.

### 2.2.9 EU-SILC – rannsókn Hagstofu Íslands

Framangreind viðmið taka öll mið af útgjöldum fjölskyldna en rannsókn Hagstofu Íslands í samvinnu við Eurostat, EU-SILC (*EU-Statistics on Income and Living Condition*), er lífshagráðgjafi sem beinist fyrst og fremst að tekjum fjölskyldna. Árið 2003 hóf Hagstofa Íslands þátttöku í rannsókninni en markmið hennar er að greina lágtekjuhópa og hópa sem hætt er við félagslegri einangrun. Rannsóknin er framkvæmd árlega í öllum löndum Evrópusambandsins, auk Íslands, Noregs og Sviss. Lögð er áhersla á að nýta kosti úrtakskannana en upplýsingar um tekjur eru fengnar úr skattskrá og því eru tekjuupplýsingar eins áreiðanlegar og mögulegt er. Lágtekjumörk (*at risk of poverty*) eru skilgreind sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna. Ráðstöfunartekjur eru tekjur heimilisins eftir skatta og meðtaldar eru greiðslur, bætur og styrkir frá ríki og sveitarfélögum sem og fjármagnstekjur nema söluhagnaður verð- og hlutabréfa sem er undanskilinn (Hagstofa Íslands, 2007). Tekið er tillit til heimilisstærðar og aldurs barna. Fyrsti fullorðni einstaklingurinn fær vægið 1,0, aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vægið 0,5 og börn yngri en 14 ára fá vægið 0,3. Heimili með tveimur fullorðnum og tveimur börnum undir 14 ára aldri fær því vöginna  $1 + 0,5 + 0,3 + 0,3 = 2,1$  neyslueiningu (sama heimild). Árið 2009 voru lágtekjumörk fyrir einstakling 160.800 kr. á mánuði en 337.700 kr. fyrir tvo fullorðna með tvö börn undir 14 ára aldri (Hagstofa Íslands, 2010).

Af framansögðu er ljóst að ýmsar viðmiðunarfráfarir hafa verið notaðar fram til þessa. Í sumum tilvikum hefur framfærslukostnaður verið metinn eða reiknaður út en í öðrum er byggt á hlutfalli launa. Þessar viðmiðunarfráfarir byggja á mjög mismunandi forsendum og í engu tilfalli á þeirri útgjaldaaðferð sem hér er lögð til.



### 3 Almenn aðferðafræði

Í þessum kafla er farið ítarlega yfir þá almennu aðferðafræði sem notuð er við vinnslu á nýjum samræmdum neysluviðmiðunum fyrir íslensk heimili. Í nokkrum tilfellum er að hluta vikið frá þeirri aðferðafræði og sértæk greining notuð. Í enn öðrum tilfellum er algerlega byggt á sértækri greiningu. Nánar er farið yfir öll slík frávík í 4. kafla þar sem farið er nánar yfir vinnslu á útgjaldaviðmiðum fyrir einstaka útgjaldaflökka.

Eins og fjallað var um í inngangi er einkum um tvær aðferðir að velja þegar unnið er neysluviðmið. *Sérfræðingaleiðin*, sem til dæmis er notuð er í Noregi og Svíþjóð og *útgjaldaleiðin*, sem mest hefur verið notuð í Bandaríkjunum og Ástralíu.<sup>2</sup>

Ítarlegur samanburður á þessum aðferðum birtist í álitni nefndar viðskiptaráðherra um kosti og galla útgáfu neysluviðmiðs (viðskiptaráðuneytið, 2006). Tekið er mið af þeirri niðurstöðu hópsins að útgjaldaleiðin sé heppilegust fyrir íslenskar aðstæður og var verkefnishópnum falið að vinna samkvæmt þeirri aðferðafræði.

#### 3.1 Lýsandi neysluviðmið

Í grunninn er sú aðferð sem hér er notuð byggð á niðurstöðum bandarískrar sérfræðinganevndar sem skipuð var árið 1978 (*Expert committee on family budget revisions*) til að fara yfir og endurskoða þá aðferðafræði sem beitt var við gerð neysluviðmiða í Bandaríkjunum og koma með tillögur til úrbóta (Watts, 1987).

Sérfræðinganevndin taldi að hverfa ætti frá svokallaðri sérfræðingaaðferð sem fram til þess tíma hafði verið beitt og að frekar ætti að vinna neysluviðmið út frá raunverulegum gögnum. Að mati nefndarinnar byggist neysluviðmið samkvæmt eldri aðferðum í raun á hundruðum ákvarðana um hvað teldist hæfilegt og því væri það talsýn að hægt væri að vinna slíkt viðmið á vísindalegum grunni (Johnson, Rogers og Tan, 2001).

Lagt var til að viðmið yrðu reiknuð árlega út frá neyslurannsóknnum í stað þess að byggja á tiltekinni vörukörfu valinni með huglægum hætti af sérfræðingum eða rýnihópum neytenda. Útgjöld væru færð á verðlag þess tíma sem viðmiðið kæmi út, með þeirri undantekningu þó að ef um lækkingu að nafnvirði væri að ræða á milli ára skyldu viðmiðin halda verðgildi sínu að raunvirði frá fyrra ári (sama heimild).

Johnson, Rogers og Tan (2001) notuðu aðferð sérfræðingahópsins til að reikna út neysluviðmið aftur í tímann og bera saman við eldri viðmið sem reiknuð höfðu verið fyrir sömu ár með sérfræðingaleiðinni. Að mati höfunda skilaði þessi aðferð sambærilegum niðurstöðum og fyrri aðferðir ef borin var saman þróun neysluviðmiðs, landsframléiðslu og miðgildi neysluútgjalda yfir tíma. Þessi niðurstaða þarf ekki að koma á óvart, því munurinn á útgjalda- og sérfræðingaleiðunum er ekki eins mikill og ætla mætti í fyrstu. Ef við gefum okkur að tiltekið lífskjaraviðmið krefjist þess að fjölskylda geti keypt tiltekna vörukörfu er neysluviðmið fundið með því að leggja saman útgjöldin sem þarf til að kaupa allar þessar vörur. Því hefur verið haldið fram að

---

<sup>2</sup> Einnig mætti nefna svokallaða rýnihópaleið sem er í raun svipuð og sérfræðingaleiðin að flestu leyti.

við val neysluvörum í slíka vörukörfu sé í reynd miðgildi útgjalda oftast haft til viðmiðunar eða þá að horft er til þess hvort viðkomandi neysluvara sé notuð af helmingi neytenda (Watts 1993). Það ætti því ekki að breyta lokaniðurstöðunni þó svo útgjaldaaðferðin sé notuð, þ.e. að mæla útgjöldin beint án þess að skilgreina hina einu rétt vörukörfu í smáatriðum.

Í fljótu bragði virðist sem sérfræðingaleiðin sé dæmi um algildan (*absolute*) mælikvarða á meðan útgjaldaaðferðin er afstæð (*relative*) þar sem hún byggist á dreifingu neysluútgjalda. Í raun er munurinn ekki endilega svo skýr því í mörgum tilfellum byggjast neysluviðmið á blandaðri aðferð, þ.e. þótt önnur aðferðin sé notuð í aðalatriðum er horft til annarra aðferða í tilfelli tiltekinna útgjalda. Þetta á til að mynda við þegar sérfræðingaaðferðin er notuð og ekki liggur fyrir góð greining á eðli útgjalda í tilteknum flokki, þá er oft gripið til þess ráðs að láta rauntölur ráða. Í öðrum tilfellum getur átt við að þó svo útgjaldaaðferðin sé notuð í grunninn er sérstakt viðmið, byggt frá grunni, notað um einstaka útgjaldaliði. Það getur verið skynsamlegt ef útgjaldakönnun er óáreiðanleg á einhverju sviði. Þetta síðara dæmi á einmitt við í tilfelli íslensku viðmiðanna sem hér eru kynnt. Í nokkrum tilfellum, þar sem útgjöld eru tiltölulega strjál, er ekki hægt að byggja á útgjaldarannsókn Hagstofunnar einvörðungu og því er sérstök greining, í anda sérfræðingaaðferðarinnar, notuð í staðinn. Ítarlega er fjallað um þessi tilfelli í 4. kafla.

### 3.2 Þrenns konar viðmið

Neysluviðmið geta verið mjög mismunandi og háð því til hvers konar lífskjara er vísað. Hvort farin er sérfræðingaleið eða útgjaldaleið ræður ekki úrslitum um niðurstöðuna heldur lífskaraviðmiðið sjálft. Grundvallarmunur er þó á því hvernig lífskaraviðmiðið er valið í aðferðunum tveimur. Í sérfræðingaleiðinni er það gert með þúsund ólíkum ákvörðunum um hvort eða ekki alls kyns neysluvörur eru nauðsynlegar til að ná tilteknum lífskjörum. Í útgjaldaleiðinni er hins vegar vísað til tiltekinna staðsetningar í útgjaldadreifingunni.

Unnt er að skilgreina lífskjör sem hlutfallslegan mælikvarða og þannig að tiltekið lífskarastig miðast við hversu stórt hlutfall heimila nær því. Það er huglæg spurning í eðli sínu hvar í útgjaldadreifingunni slíkt viðmið er ákvarðað. Ráðlegging bandarísku sérfræðinganevndarinnar var sú að miða við miðgildi útgjalda sem mælikvarða á dæmigerð neysluútgjöld heimila (*prevailing family standard, PFS*). Hópurinn lagði jafnframt til að gerð yrðu þrjú önnur viðmið sem byggðu á hinu fyrsta. Í fyrsta lagi *lower living standard* sem reiknað væri sem tveir þriðju hlutar af PFS. Í öðru lagi *social minimum standard* sem reiknað væri sem helmingur af PFS og svo loks *social abundance standard* sem reiknað jafnt og PFS að viðbættum 50 prósentum (Watts, 1987).<sup>3</sup>

Mjög mikilvægt er að horfa ekki á eitt tiltekið neysluviðmið sem algildan mælikvarða því það ræðst ávallt af samhenginu hversu viðeigandi viðmiðið er. Þar af leiðandi er aldrei neitt eitt viðmið sem á við í öllum tilfellum. Strax í upphafi þessa verkefnis var ákveðið að þróa tvö mismunandi viðmið, annars vegar **dæmigert viðmið**, eins og að

---

<sup>3</sup> Ekki er gerð sérstök tilraun til að þýða þessi hugtök, enda ekki notuð með beinum hætti hér.

framan er lýst, og hins vegar **skammtíamaviðmið** sem tekur aðeins til þeirra útgjalda sem ekki er unnt að fresta um lengri tíma en níu mánuði hið mesta. Undir lok starfstíma verkefnishópsins var til viðbótar óskað eftir því að unnið yrði svokallað **grunnviðmið** þar sem lagt er mat á lágmarksútgjaldapörf heimila.

### 3.2.1 Dæmigert viðmið

Dæmigert viðmið er fundið með því að greina miðgildi útgjalda í 15 útgjaldaflokkum. Notuð eru gögn úr rannsókn Hagstofu Íslands á útgjöldum heimila. Til að draga fram miðgildi útgjalda fyrir mismunandi fjölskyldugerðir, búsetuaðstæður og fleiri atriði er sérstakri tölfræðigreiningu beitt sem nánar er lýst hér á eftir. Í tilvikum þar sem útgjöld eru mjög strjál er gerð sérstök greining á útgjöldum miðað við forsendur um hóflegt neyslustig. Nánar er fjallað um þau tilvik í 4. kafla.

Áður en vikið er nánar að aðferðafræði við mat á miðgildi útgjalda verður fyrst rætt um hin viðmiðin tvö, skammtíamaviðmiðið og grunnviðmiðið.

### 3.2.2 Skammtíamaviðmið

Skammtíamaviðmiðið byggir á dæmigerða viðmiðinu. Allir útgjaldaliðir þess voru yfirfarnir og mat lagt á það hvort hægt væri að fresta þeim um allt að níu mánuði án þess að það kæmi niður á þeim lífskjörum sem til viðmiðunar eru í dæmigerða viðmiðinu. Verkefnishópurinn gerði tillögu um slíka aðlögunum sem var yfirfarin og samþykkt af stýrihópi verkefnisins.

Unnt er að rökstyðja að ýmsum kostnaði megi fresta um tiltekinn tíma, svo sem meiri háttar viðhaldi vegna húsnæðis, kaupum á varanlegum neysluvörum og ýmiss konar útgjöldum vegna tómsunda. Skammtíamaviðmið er ekki það sama og grunn- eða lágmarksviðmið því það byggir á því að lífskjör séu þau sömu og í langtíamaviðmiði (dæmigerðu viðmiði).

Í 4. kafla er ítarlega farið yfir þessa aðlögun í hverjum neysluflokki fyrir sig.

### 3.2.3 Grunnviðmið

Þróun viðmiða sem lýsa þeim útgjöldum sem þarf að lágmarki til að viðhalda grunnlífskjörum er flóknara viðfangsefni en þróun dæmigerðra viðmiða. Þróun slíkra viðmiða var ekki hluti af upphaflegu verkefni verkefnishópsins en á síðari stigum var þess óskað að þessu þriðja viðmiði yrði bætt við. Þótt ekki sé um eiginleg fátækarmörk eða lágmarksframfærsluviðmið að ræða, er hér augljós snertiflötur við fátækta- og lágmarksframfærsluviðmið.

Skipulagðar rannsóknir á fátækt eiga sér rúmlega hundrað ára sögu. Meðal áhrifaríkra frumkvöðla var breski fræðimaðurinn Sebohm Rowntree sem bjó til svokölluð algild fátæktarmörk (*absolute poverty line*) árið 1899. Hann bjó til lista yfir það sem hann taldi nauðsynlegt til framfærslu og skilgreindi þá sem fátæka sem ekki höfðu tekjur sem dugðu fyrir nauðsynjum (Rowntree, 2000). Slík algild fátæktarmörk hafa víða verið notuð, til dæmis hafa Bandaríkjamenn notað slíka skilgreiningu um áratuga skeið (Foster, 1998; Iceland og Bauman, 2007).

Hérlendis hafa slík algild fátæktarmörk ekki verið reiknuð út. En eins og greint var frá í kafla 2.2.8 útfærði Harpa Njál (2003) mat á lágmarksframfærslukostnaði miðað við leiðbeiningar félagsmálaráðuneytis til sveitarfélaga varðandi fjárhæðir framfærslu og

skilgreindi með þeim hætti algild fátæktarmörk. Niðurstöður Hörpu sýndu að fjárhæðir almannatrygginga og framfærslu félagsþjónustu sveitarfélaga voru talsvert lægri en lágmarksframfærslukostnaður var að mati hennar (Guðný Björk Eydal og Cynthia Lisa Jeans, 2008).

Þó slík algild fátæktarmörk séu enn notuð er mun algengara að notuð séu svokölluð afstæð fátæktarmörk (*relative poverty line*). Þá er einstaklingur skilgreindur sem fátækur ef tekjur hans fara undir fyrirfram skilgreint hlutfall af tekjum þess hóps sem miðað er við, að teknu tilliti til fjölskyldustærðar (Stefán Ólafsson, 1999). Slíkar skilgreiningar hafa meðal annars verið notaðar af Evrópusambandinu og OECD í samanburðar-rannsóknnum á fátækt. Ísland hefur tekið þátt í tveimur slíkum samanburðar-rannsóknnum þar sem afstæð fátæktarmörk hafa verið notuð.

Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson (2000) tóku þátt í norrænni rannsókn þar sem fátæktarmörk voru miðuð við 50% af miðgildi ráðstöfunartekna, eftir að tekið hafði verið tillit til fjölskyldustærðar (einn fullorðinn fékk vægið 1,0; maki 0,7 og hvert barn 0,5) en þessi skilgreining hefur verið notuð af OECD (Gustavsson og Pedersen, 2000). Rannsóknin náði annars vegar til ársins 1988 og hins vegar til áronna 1997–1998. Samkvæmt þessum niðurstöðum var fátækt talsvert útbreiddari á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum.

Árið 2003 hóf Hagstofa Íslands þátttöku í samræmdri evrópskri lífshagkerfisskjararannsókn á vegum Eurostat (EU-SILC) en markmið hennar er að greina lágtekjuhópa og hópa sem hætt er við félagslegri einangrun. Rannsóknin er framkvæmd árlega í öllum löndum Evrópusambandsins, auk Íslands, Noregs og Sviss. Lögð er áhersla á að nýta kosti úrtakskannana en upplýsingar um tekjur eru fengnar úr skattskrá og því eru tekjuupplýsingar eins áreiðanlegar og mögulegt er (Hagstofa Íslands, 2007). Þó hér sé notuð afstæð skilgreining á fátæktarmörkum þá er hún með nokkuð öðrum hætti en í framangreindum rannsóknnum. Hagstofa Íslands notar hugtakið lágtekjumörk (*at risk of poverty*) og bendir á að hugtakið vísi eingöngu til tekna og að ekki sé víst að allir sem búi undir lágtekjumörkum búi við þröngan kost, því auk tekna hafi atriði eins og eigna- og skuldastaða áhrif á lífshagkerfi fólks (sama heimild). Í skilgreiningunni á lágtekjumörkum er miðað við 60% af miðgildi tekna og maki fær vægið 0,5 en barn 0,3 sem er nokkuð minna vægi en í framangreindum eldri rannsóknnum (Ritakallio og Bradshaw, 2006). Árlegar mælingar Hagstofu Íslands hafa sýnt að árlega mælist um það bil tíundi hluti Íslendinga með tekjur undir lágtekjumörkum. Samanburður við niðurstöður í öðrum löndum sýnir að fátækt er óviða minni en héraendis. Niðurstöðurnar hafa einnig sýnt að dregið hefur úr jöfnuði hvað tekjur varðar (Hagstofa Íslands, 2009).

Slíkar mælingar á fátækt sem byggja eingöngu á hlutfallslegri dreifingu tekna hafa verið gagnrýndar fyrir að lýsa eingöngu tekjudreifingu en að þær segi í raun ekkert til um það hvort fólk búi við efnahagslega fátækt (*material deprivation*). Í EU-SILC er einnig spurt um efnahagslegar þrengingar af ýmsum toga til að skapa möguleika á að skoða að hve miklu leyti þeir sem hafa lægstar tekjur telja sig búa við skort. Spurt er hverjir séu möguleikar á að mæta óvæntum útgjöldum, fara í vikuférfé vegna sumarleyfis, hvort erfiðleikar séu við að greiða skuldir og húsaleigu, að borða fisk- eða kjötmáltíð 3–4 sinnum í viku, að hita húsnæði, eiga þvottavél, litasjónvarp, síma eða bíl (Eurostat, 2009).

Borgeraas og Brusdal (2008) hafa bent á að hefðbundnar mælingar á fátækt dugi skammt þegar þróa á aðgerðir til að styðja barnafjölskyldur. Slíkar aðgerðir verði að

byggja á rannsóknum á grunnþörfum og hvernig þær eru uppfylltar. Þær mæla með að nota sömu aðferðafræði og notuð er við gerð neysluviðmiða í Noregi (*standard budget*). Til að svara spurningunni hvað kostar að ala upp barn, sé raunhæfasta leiðin að reikna það út á grundvelli neysluviðmiða. SIFO hefur einnig lagt áherslu á að byggt sé á almennum neysluviðmiðum þegar lágmarksviðmið vegna félagsþjónustu sveitarfélaganna eru skilgreind. Árið 2003 fól norska vinnumálaráðuneytið SIFO að útbúa slík lágmarksviðmið og var lagt mat á þrjú mismunandi viðmið sem öll byggja á hóflegu neysluviðmiði stofnunarinnar í grunninn:

1. Neysluviðmið þar sem allar vörur og þjónusta sem venjulega þarf að kaupa sjaldnar en árlega eru teknar út.
2. Neysluviðmið þar sem allar vörur og þjónusta sem venjulega þarf að kaupa sjaldnar en á tveggja ára fresti eru teknar út.
3. Neysluviðmið þar sem ákveðnir neysluflokkar, sem ekki heyra til nauðsynja, eru ekki meðtaldir.


Tvö fyrstnefndu viðmiðin eru skammtímaviðmið, ekki ósvipað því sem verkefnis-hópurinn hefur þróað, en þriðja viðmiðið er langtímaviðmið. Bent er á að hið almenna neysluviðmið sé hóflegt eða dæmigert langtímaviðmið og að það sé hvorki lágmarksné lúxusviðmið. Viðmiðið á einkum við heimili þar sem þeir fullorðnu eru þátttakendur á vinnumarkaði og hafa þegar komið sér upp heimili, þ.e. í viðmiðinu er eingöngu gert ráð fyrir ákveðinni endurnýjun á því sem þarf til að reka heimili. Hið norska viðmið er unnið með þeim hætti að sérfræðingar á hverju sviði útbúa vörukörfu sem telst vera hófleg sem síðan er verðmæld. Nokkur áberandi frávik eru milli þessarar aðferðar og útgjaldaaðferðarinnar sem byggir á útgjaldarannsókn. Norska viðmiðið tekur til dæmis ekki tillit til kostnaðar vegna áfengis, tóbaks eða gosdrykkja. Hið norska viðmið er því vísandi viðmið sérfræðinga á hverju sviði.

Engu að síður er unnt að hafa til hliðsjónar þá aðferðafræði sem SIFO beitir til að leggja mat á til hvaða útgjalda eigi að taka tillit við smíði bæði skammtíma- og lágmarksneysluviðmiða. Enda komast Johnson, Rogers og Tan (2001) að þeirri niðurstöðu að viðmið byggt á útgjaldarannsókn og vörukörfu geti skilað sambærilegri niðurstöðu.

Við þróun grunnviðmiðs út frá dæmigerðu viðmiði sem þróað er með útgjaldaaðferðinni eru tveir skýrir valkostir:

1. Að beita sömu aðferð og notuð er við skilgreiningu afstæðra lágtekju- eða fátæktarmarkna og skilgreina viðmiðin við lægra hlutfallsmark (*quantile*) en það sem neysluviðmiðin byggja á, til dæmis við 40% eða 33% í stað 50% sem hin dæmigerðu neysluviðmið byggja á eða að skilgreina afstæð grunnviðmið við tiltekið hlutfall af miðgildi útgjalda, til dæmis 67% eða 50% eins og sérfræðingahópur bandarísku hagstofunnar lagði til á sínum tíma.
2. Að beita sömu aðferðafræði og SIFO beitir og lagt hefur verið til að beitt sé við smíði skammtímaviðmiða, þ.e. að skoða hvern flokk fyrir sig og ákveða hvort nauðsynlegt sé að telja alla útgjaldaflokka neysluviðmiðs til lágmarksviðmiðs og að hversu miklu leyti eigi að taka mið af útgjöldum vegna þeirra.

Kostir við leið eitt eru að hún er gagnsæ og einföld, en gallinn er sá að erfitt getur reynst að rökstyðja að sömu hlutfallsmörk eigi við um alla flokka. Sumir útgjaldaflokkar



**Mynd 1. Dæmigerð útgjaldadreifing, útgjaldafjórðungar, miðgildi og meðaltal**

eru þess eðlis að erfitt eða ómögulegt getur reynst til lengri tíma að draga úr útgjöldum vegna þeirra og aðrir eru þess eðlis að erfitt er að rökstyðja að þeir eigi heima í viðmiðum vegna lágmarksneyslu, til dæmis sumir undirliðir í tómstundaútgjöldum.

Kosturinn við leið tvö er að hún er líklegri til að leiða fram raunhæfari forsendur við smíði lágmarksviðmiða en gallinn er sá að slíkt mat er aldrei hægt að gera einungis á fræðilegum forsendum og verður alltaf að einhverju leyti huglægt.

Stýrihópur verkefnisins valdi að fylgja leið tvö í meginatriðum. Útgjaldadreifing í hverjum útgjaldaflokki, einkum 33% og 40% hlutfallsmörk, voru engu að síður höfð til hliðsjónar og í einstaka tilfalli notuð með beinum hætti.

Grunnviðmiðið byggir á dæmigerða neyslviðmiðinu með sambærilegum hætti og gert hefur verið í Noregi og Svíþjóð. Eins og í framangreindum norrænum fyrirmyndum eru ekki allir flokkar teknir með á þeirri forsendu að tiltölulega auðvelt er að skoða þá tilteknu flokka sérstaklega í tilfalli hvorrar fjölskyldu. Útgjöld þau sem hér er um að ræða ná til stærri útgjaldaliða, svo sem húsnæðiskostnaðar og bifreiða. Hér er þessu fordæmi fylgt og ákveðnir útgjaldaflokkar ekki teknir með en auk þess eru viðmið fyrir nokkra aðra flokka lækkuð. Nánar er fjallað um grunnviðmiðið og einstaka útgjaldaflokka í 4. kafla.

### 3.3 Nánar um mat á miðgildi

Víkjum nú nánar að því hvernig miðgildi útgjalda er metið í hverjum útgjaldaflokki fyrir sig og hvernig tekið er tillit til mismunandi fjölskyldugerða og annarra mikilvægra þátta. Á mynd Mynd 1 er sýnd dæmigerð útgjaldadreifing (þéttifall) sem getur átt við tiltekinn útgjaldaflokk eða heildarútgjöld. Slík dreifing er venjulega ósamhverf, að því


leyti að hægri halinn er lægri en teygir sig langt upp eftir útgjaldaskalanum á meðan vinstri halinn er mun styttri en þeim mun þykkari. Þetta þýðir að meðal fjölskyldna með há útgjöld er breytileiki útgjalda meiri en meðal fjölskyldna með lág útgjöld. Þetta hefur einnig í för með sér að miðgildi útgjalda er nokkru lægra en meðaltalið. Annar mikilvægur eiginleiki miðgildis er að breytingar á einstökum háum og lágum gildum hafa ekki áhrif á mælinguna.

Hagstofa Íslands hefur góðfúslega veitt fullan aðgang að gögnum úr útgjaldarannsókn sinni, þó þannig að ekki er mögulegt að persónurekja upplýsingarnar. Notuð eru gögn frá árunum 2003–2008 og er heildarfjöldi svarenda 3.501. Gögn fyrir 2009 lágu ekki fyrir þegar rannsóknin var unnin. Undirvísitölur vísitölu neysluverðs eru notaðar til að færa allar mælingarnar á samræmdan verðlagsgrunn. Við vinnslu gagnanna voru öll gögn á meðalverðlagi 2008. Lokaniðurstöður eru hins vegar birtar á verðlagi í desember 2010. Við verðlagsuppfærslu er ávallt notuð ítarlegasta sundurliðun sem völ er á.

Í útgjaldarannsókn Hagstofunnar er fjöldi heimila innan hversrar heimilsgerðar ekki nægilegur til að hægt sé að draga marktækar ályktanir um miðgildi útgjalda í fjölskyldum með fleiri en þrjá fullorðna og/eða fjögur börn. Því verður að setja ákveðinn fyrirvara um túlkun viðmiðsins fyrir slíkar fjölskyldur.


Til að tryggja að gögnin innihaldi ekki óvenjulegar mælingar (bæði lágur og háar) eru tveir fjórðungar heimila fjarlægðir úr úrtakinu, þ.e. heimili sem eru með heildarútgjöld í lægsta eða hæsta útgjaldafjórðungi (*quartile*). Við skilgreiningu á útgjaldafjórðungum í þessu skyni er hver fjölskyldugerð skoðuð sérstaklega. Enn fremur er þess gætt að útgjaldafjórðungarnir séu reiknaðir innan hvers árs.

Sérstaklega var skoðað hvort ástæða væri til þess að taka sérstakt tillit til almenns efnahagsástands á hverjum tíma, þ.e. hvort efni stæðu til þess að gera sérstaka



**Mynd 2. Einkaneysla á föstu verðlagi, 2001–2009**

(Heimild: Hagstofa Íslands, e.d.c)



**Mynd 3. Hlutfallsmörk heildarútgjalda í útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands**

hagsveifluleiðréttingu á heimilisútgjöldum.

Mynd 2 sýnir þróun einkaneyslu á Íslandi á föstu verðlagi á tímabilinu 2001–2009, þ.e. frá því tveimur árum fyrir gagnatímabilið og þar til einu ári eftir að gagnatímabilinu lauk. Myndin sýnir að veruleg aukning var í einkaneyslu frá botni hagsveiflunnar árið 2002 og til topps hennar árið 2007 þannig að í fljótu bragði mætti ætla að einhvers konar aðlögun væri nauðsynleg.

Við nánari greiningu á hlutfallsmörkum útgjalda<sup>4</sup> kom hins vegar í ljós að hagsveiflunnar gæti lítið fyrir miðgildi útgjalda og þaðan af neðar í útgjaldadreifingunni. Mynd 3 sýnir 25%, 50% (miðgildi) og 75% hlutfallsmörk útgjalda. Merki þenslunnar eru vart sjáanleg á þessari mynd nema fyrir 75% hlutfallsmörkin. Af þessu má draga þá ályktun að þensla árunna 2006 og 2007 hafi verið afar misdreifð og eingöngu haft teljandi áhrif á heildarútgjöld þess hluta heimila sem hafði tiltölulega mikil útgjöld. Miðgildið (50% hlutfallsmörkin) er hins vegar tiltölulega jafnt yfir allt tímabilið. Að vísu mælist toppur í útgjöldum árið 2007 en að sama skapi er mælingin fyrir 2006 tiltölulega lág. Á heildina lítið virðist því ekki ástæða til að gera sérstaka hagsveifluleiðréttingu við mat á miðgildi útgjalda.

Í rannsókn Johnson, Rogers og Tan (2001) er eingöngu horft til algengustu heimilisgerðarinnar (tveir fullorðnir og tvö börn) og niðurstaðan er síðan heimfærð á

<sup>4</sup> Skipta má líkindadreifingu upp í hvaða fjölda hlutfallsmarka sem er. Hlutfallsmörk eru jafn breið bil á líkindadreifingunni. Fjórðungar eru dæmi um fjögur jafn stór hlutfallsmörk.



aðrar fjölskyldugerðir með aðlögunarstuðli.<sup>5</sup> Í lokakafli skýrslunnar er stuttlega fjallað um hlutfallslega skiptingu útgjalda eftir fjölskyldugerðum eins og hún er metin út frá íslenskum gögnum. Í þessari rannsókn er farið nánar í útgjaldamynstur einstakra fjölskyldugerða og miðgildi útgjalda allra helstu heimilisgerða metið samtímis. Um leið er kannað hvort búseta hafi marktæk áhrif á miðlæg útgjöld.

Miðgildi útgjalda fyrir ólíkar fjölskyldugerðir og búsetu er metið með samræmdum hætti með hlutfallsmarksaðhvarfsgreiningu (*quantile regression*) (Koenker og Hallock, 2001).

Hlutfallsmarksaðhvarfsgreining er sambærileg hefðbundinni aðhvarfsgreiningu að flestu leyti. Meginmunurinn liggur í því að síðarnefnda aðferðin metur líkan sem lýsir meðaltalshegðun viðkomandi gagna sem best en fyrrnefnda greiningin metur tiltekið hlutfallsmark. gjarnan miðgildi sem er ákveðið sértílik.<sup>6</sup>

Tafla 12. sýnir dæmi um mat á stuðlum fyrir matsjöfnuna:

$$(\text{Útgjöld})_i = \beta_0 + \beta_1 \times (\text{Fjöldi fullorðinna}-1)_i + \beta_2 \times (\text{Fjöldi barna})_i + \beta_3 \times (\text{Fjöldi barna})_i^2 + \beta_4 \times (\text{Annað þéttbýli})_i + \beta_5 \times (\text{Dreifbýli})_i + \epsilon_i$$

þar sem  $\beta$  táknar metna stuðla líkansins. Breytur líkansins eru fjöldi fullorðinna og fjöldi barna auk gervibreyta sem taka gildið einn ef viðkomandi fjölskylda býr í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins (fleiri en 1.000 íbúar) eða í dreifbýli. Jafnan er þannig sett fram að túlka má fastann,  $\beta_0$ , sem miðgildisútgjöld fyrir einn einstakling án barna sem búsettur er á höfuðborgarsvæðinu. Miðgildi ársútgjalda er 382.429 kr. Stuðullinn  $\beta_1$ , táknar viðbótarútgjöld ef við bætist einn fullorðinn og  $\beta_2$  ef við bætist eitt barn. Viðbótaráhrif vegna fullorðins einstaklings eru hér metin 328.723 kr. Þetta eru stuðlarnir í A útgáfu jöfnunnar, sjá viðeigandi dálk í töflunni. Í jöfnu B er bætt við stuðli sem metur ólínuleg áhrif barna (fjöldi barna í öðru veldi). Í þessu tilfalli eru slík áhrif marktæk og neikvæð. Heildaráhrif vegna barna ráðast því af samspili stuðlanna  $\beta_2$  og  $\beta_3$ . Viðbótarútgjöld vegna barna fara minnkandi því fleiri sem börnin eru. Með öðrum orðum er ákveðin stærðarhagkvæmni í heimilisrekstri í þessum neysluflokki hvað varðar fjölda barna. Þessi áhrif eru aðeins marktæk fyrir tvo útgjaldaflokka. Í jöfnu C er bætt við byggðaráhrifum þar sem athugað er hvort miðgildi útgjalda í viðkomandi

<sup>5</sup> Færa má fyrir því rök að óheppilegt sé að meta miðgildið sérstaklega fyrir hverja fjölskyldugerð. Hættan er sú að niðurstöðurnar lýsi í raun mismunandi lífskjaraviðmiði. Á móti kemur að ef eingöngu er horft á vísitölufjölskylduna og niðurstaðan svo yfirfærð á aðrar heimilisgerðir tapast upplýsingar um mismunandi hlutfallslega neysluhegðun. Hér er í raun farið bil beggja kostnaði því kostnaðarauki vegna heimilismeðlima er metinn með samkvæmum hætti yfir fyrir allar fjölskyldugerðirnar. Hætta á bjaga vegna þessa er því lítil.

<sup>6</sup> Tæknilega felst hlutfallsmarksaðhvarfsgreining miðað við miðgildi í því að lágmarka tölugildi fráviks spágildis líkans frá raunveruleikanum á meðan hefðbundin aðhvarfsgreining lágmarkar frávik ferveiks spágildis og raunveruleikans. Mat á staðalvillu stuðla er nokkuð flóknari í hlutfallsmarksaðhvarfsgreiningu en hefðbundið er. Hér er notuð *Bootstrapping*-aðferð við slíkt mat.

**Tafla 12. Dæmi um hlutfallsmarksaðhvarfsgreiningu. Þrjár útgáfur af matsjöfnu fyrir neysluflokk 1: Matur drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds**

Jafna:	A	B	C
Háð breyta	Útgjöld*	Útgjöld*	Útgjöld*
Fasti (grunnútgjöld heimilis)	382.429 (12757)**	370.723 (12264)**	367.824 (11930)**
Fjöldi fullorðinna -1	328.723 (15.741)**	318.671 (15.847)**	319.444 (15.220)**
Fjöldi barna	165.796 (8.840)**	252.164 (25.212)**	255.852 (25.941)**
(Fjöldi barna) <sup>2</sup>		-28.680 (8.753)**	-29.470 (8.761)**
Annað þéttbýli			-2.094 (20.889)
Dreifbýli			45.134 (32.786)
Fjöldi mælinga	1.727	1.727	1.727
R <sup>2</sup>	0,2915	0,2956	0,2961

\*Eigin útreikningar.

Staðalvilla er sýnd í sviga. \*\* Stuðull er marktækur við 1% marktæknistig.

neysluflokki eru hærri eða lægri í öðru þéttbýli og dreifbýli en á höfuðborgarsvæðinu. Í þessu dæmi eru slík áhrif ekki marktæk.<sup>7</sup>

### 3.4 Aðrar víddir neysluviðmiðanna

Í næsta kafla er nána fjallað um einstaka útgjaldaflokka, hvernig þeir eru skilgreindir og hvernig miðlæg og dæmigerð útgjöld eru metin fyrir ólíkar fjölskyldugerðir. Til viðbótar við fjölda fullorðinna, fjölda barna og búsetu er í nokkrum tilfellum tekið tillit til fleiri breyta.

Þegar annars er ekki getið á framangreind aðferðafræði við. Sérstaklega er fjallað um þá útgjaldaflokka þar sem annað mat liggur til grundvallar.

Við mat á húsnæðiskostnaði er tekið tillit til þess hvort fjölskylda búi við hitaveitu eða rafmagnskyndingu. Enn fremur hvort fjölskylda búi í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði. Þegar kostnaður vegna menntunar og dagvistunar er metinn er sérstaklega tekið tillit til þess hvort barnið sé á leikskólaaldri, í frístundavistun eða áskrifandi að skólamáltíð.

<sup>7</sup> Í útgjaldarannsókn Hagstofunnar, sem hér er notuð, eru heimili aðgreind í þrjá flokka eftir búsetu: Höfuðborgarsvæði, annað þéttbýli og dreifbýli. Því er sama skipting notuð hér. Marktækni ólínulegra barnaáhrifa og búsetuáhrifa eru metin með Wald-prófi. Miðað er við 5% marktæknimörk.

Fyrir utan upplýsingar um fjölda heimilismanna, börn og fullorðna, er einnig mögulegt að velja fjölda daga sem börn dvelja utan heimilis. Þessi möguleiki getur til dæmis hentað vel í fjölskyldum þar sem börn dvelja hjá öðru foreldri vegna umgengni tiltekinn fjölda daga í mánuði.

Við það að slá inn fjölda daga sem barn dvelur utan heimilis lækka útgjöld í eftirfarandi flokkum þar sem útgjöld eru bundin við einstaklinga í samræmi við fjölda daga: Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur; föt og skór; lyf; lækningavörur og heilbrigðisþjónusta; sími; menntun og dagvistun; tómsundur og afþreying og veitingar. Útgjöld í flokkum sem ná til útgjalda heimilisins haldast hins vegar óbreytt: Heimilisbúnaður; raftæki og viðhald raftækja; önnur þjónusta fyrir heimili; ökutæki og almenningsamgöngur; annar ferðakostnaður; húsaleiga/reiknuð húsaleiga; viðhaldskostnaður húsnæðis og rafmagn og hiti.

Ef foreldrar fá börn í umgengni geta þau talið börnin eins og börn sem búa á heimilinu og dregið með sama hætti frá þá daga sem þau eru hjá lögheimilisforeldri. Foreldrar sem eru meðlagsgreiðendur geta einnig valið að færa inn fjárhæð meðlagsgreiðslu á sama hátt og áætlun er leiðrétt fyrir einstaka útgjaldaflökka í samræmi við raunútgjöld.

## 4 Umfjöllun um einstaka útgjaldaflokka

Í þessum kafla er fjallað ítarlega um hvern útgjaldaflokk fyrir sig, hvernig hann er skilgreindur og hvaða kostnaðarliðir eru meðtaldir í neysluviðmiðunum þremur. Fyrst er fjallað um dæmigerð viðmið, þá um skammtímaviðmið og að lokum grunnviðmið. Í lok kaflans er gerður samanburður á því hvaða útgjaldaliðir tilheyra hverju viðmiði.

Í útgjaldarannsókn Hagstofunnar eru útgjöld flokkuð samkvæmt samræmdri flokkunarfræði Sameinuðu þjóðanna, COICOP (*Classification of Individual Consumption According to Purpose*) (Hagstofa Íslands, e.d.a). Við þróun neysluviðmiðanna er sama flokkunarfræði notuð í grunninn, en til að skipting í útgjaldaflokka og viðmót reiknivélar sé skiljanlegt og einfalt í notkun hafa verið skilgreindir fimm nýir grunnflokkar sem innihalda samtals 15 undirflokka.

Helstu sjónarmið sem höfð voru í huga við ákvörðun um hvaða útgjaldaliðir ættu heima saman í útgjaldaflokki voru eftirtalin:

1. Reynt er að flokka saman útgjaldaliði sem eru af svipuðum toga, til dæmis þeir liðir sem fara gjarnan saman við innkaup eða neyslu.
2. Reynt er að aðskilja útgjaldaliði í mismunandi flokka eftir því hvort þeir teljast nauðsynlegir til skamms tíma eða langs tíma.
3. Greint er eins og kostur er milli útgjalda sem eru sameiginleg heimilisútgjöld og útgjalda sem eru einstaklingsbundin. Einnig er skoðað hvort stærðarhagkvæmni sé til staðar.
4. Tekið er sérstakt tillit til útgjalda sem eru óregluleg eða strjál og reynt að flokka þau sérstaklega.
5. Loks er horft til þess hvort útgjaldaliðir uppfylli að einhverju leyti sambærilegar þarfir, þ.e. hvort helstu vörur innan þeirra séu staðkvæmdarvörur.

Með þessa þætti í huga í voru útgjaldaflokkarnir 15 skilgreindir. Í samanburði við önnur erlend viðmið eru flokkarnir helst til of margir. Á það ber þó að líta að í íslensku viðmiðunum er reynt að meta dæmigerð útgjöld fyrir fleiri flokka neysluútgjalda en til dæmis gert er í neysluviðmiðum á hinum Norðurlöndunum. Verkefnishópurinn lagði tillögur um skiptingu í flokka fyrir stýrihóp verkefnisins sem fjallaði um þær á reglulegum fundum sínum og samþykkti lokaútgáfuna.

Grunnflokkarnir fimm eru: *Neysluvörur*, *þjónusta*, *tómstundir*, *samgöngur* og *húsnæðiskostnaður*. Undirflokkar eru 15 talsins. Hér verður fjallað nánar um hvern undirflokk og hvaða aðferðum var beitt við að reikna út dæmigerð útgjöld fyrir hvern flokk. Einnig var skoðað hvort marktækur munur væri á útgjöldum eftir búsetu. Þar sem reiknuð eru útgjöld er fjögurra manna fjölskylda (tveir fullorðnir og tvö börn) á höfuðborgarsvæðinu notuð sem dæmi nema annað sé tekið fram. Fyrst er fjallað um útgjaldaflokka í dæmigerðu viðmiði, þá er fjallað um skammtímaviðmið og að lokum um grunnviðmið. Yfirlit yfir flokkun neysluútgjalda má sjá í töflu 13 og í fylgiskjali 1 má finna ítarlegri sundurliðun.

**Tafla 13. Yfirlit yfir útgjaldaflokka: Grunnflokka, undirflokka og vörutegundir/þjónusta**

Grunnflokkur	Meginundirflokkar	Vörutegundir/þjónusta
<b>Neysluvörur</b>	Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds	Allur matur, sælgæti, drykkir aðrir en áfengi, hreingerningavörur, hreinlætis- og snyrtivörur
	Föt og skór	Föt og fylgihlutir, fataefni, fatahreinsun, fataleiga, fataviðgerðir, skór og skóviðgerðir
	Heimilisbúnaður	Húsgögn og heimilismunir, vefnaðarvörur, borðbúnaður, eldhúsáhöld og heimilisáhöld, töskur, barnastólar og barnavagnar
	Raftæki og viðhald raftækja	Raftæki, sjónvörp, hljómflutningstæki og tölvur
<b>Þjónusta</b>	Lyf, lækningavörur og heilbrigðisþjónusta	Lyf, lækningavörur, læknaþjónusta, sjúkraþjálfun og heilsuhæli
	Sími og fjarskipti	Póstþjónusta, símtæki, símaþjónusta og netáskrift
	Menntun og dagvistun	Leikskólar og dagforeldrar, grunnskólar, framhaldsskólar, háskólar og aðrir skólar
	Veitingar	Veitingahús, kaffihús og mötuneyti
	Önnur þjónusta fyrir heimili	Tryggingar, fjármálaþjónusta, opinber þjónusta, heimilisþjónusta og snyrtiþjónusta
<b>Tómstundir</b>	Tómstundir og afþreying	Tómstundir, tómstundavörur, íþróttir, fjölmiðlun, happdrætti, blöð, bækur, ritföng, pakkaferðir, gisting, áfengi, tóbak og skartgripir
<b>Samgöngur</b>	Ökutæki og almenningsamgöngur	Kaup og rekstur ökutækja og strætisvagnafargjöld
	Annar ferðakostnaður	Leigubílafargjöld, rútufargjöld, flugfargjöld og ferjufargjöld innanlands
<b>Húsnæðiskostnaður</b>	Húsaleiga/reiknuð húsaleiga	Húsaleiga og reiknað endurgjald vegna afnota af eigin húsnæði
	Viðhaldskostnaður húsnæðis	Efni og vinna vegna viðhalds á húsnæði
	Rafmagn og hiti	Rafmagn, olúkynding og hitaveita

## 4.1 Dæmigert neysluviðmið

### 1. Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds

Neysluvörur í þessum flokki eru: Allur matur, drykkir aðrir en óáfengir drykkir, óvaranlegar heimilisvörur, til dæmis hreingerningavörur og hreinlætis- og snyrtivörur (sjá nánar um undirflokkka í fylgiskjali 1).

Neysluviðmið fyrir útgjaldaflokk 1 eru byggð á útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands.

Vörur í þessum útgjaldaflokki eru það sem kallað er dagvara, þ.e. vara sem hægt er að kaupa í matvöruverslunum. Allir eiga þessir útgjaldaliðir það sameiginlegt að útgjöld til þeirra eru nokkuð reglubundin og að þau eru breytileg eftir fjölda heimilismanna. Við ákvörðun neysluviðmiðs fyrir flokkinn voru áhrif fjölskyldustærðar skoðuð sérstaklega. Þá kom í ljós að útgjöld aukast í hlutfalli við barnafjölda upp að ákveðnu marki en standa nánast í stað eftir það. Líklegasta skýringin á því er að tekjur barnafjölskyldna aukast ekki endilega í réttu hlutfalli við fjölda barna og því er líklegt að þær þurfi að vera aðhaldssamari í matarinnkaupum en fjölskyldur með færri börn. Aukning útgjalda er því ekki línuleg, þ.e. útgjöld vegna hvers viðbótarbarns eru ekki jafnhá og vegna næsta barns á undan. Stærðarhagkvæmni er því til staðar og má gera ráð fyrir að hún stafi að einhverju leyti af magninnkaupum.

Einnig var skoðað hvort búseta hefði áhrif á þessi útgjöld og í ljós kom að ekki er marktækur munur á útgjöldum til þessa neysluflokks eftir búsetu.

Dæmigerð útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflökks 1 eru 112.032 kr. á mánuði.

### 2. Föt og skór

Neysluvörur í þessum flokki eru: Fatnaður og skór, fylgihlutir, fataefni og leiga, hreinsun og viðgerðir á fatnaði auk skóviðgerða (sjá nánar um undirflokkka í fylgiskjali 1). Neysluviðmið fyrir útgjaldaflokk 2 eru byggð á útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands.

Þessir útgjaldaliðir eiga það sameiginlegt að vera breytilegir eftir fjölda heimilismanna. Hér er eingöngu hægt að gera ráð fyrir óverulegri stærðarhagkvæmni ef börn eru fleiri en eitt (alltaf mögulegt að yngri börn noti föt af eldri systkinum) og aukast útgjöld í hlutfalli við fjölda heimilismanna.

Einnig var skoðað hvort búseta hefði áhrif á þessi útgjöld og í ljós kom að ekki er marktækur munur á útgjöldum til þessa neysluflokks eftir búsetu.

Dæmigerð útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflökks 2 eru 32.073 kr. á mánuði.

### 3. Heimilisbúnaður

Neysluvörur í þessum flokki eru: Húsgögn og heimilismunir, vefnaðarvörur til heimilis, borðbúnaður, eldhús- og heimilisáhöld, töskur, barnastólar og barnavagnar (sjá nánar um undirflokkka í fylgiskjali 1). Neysluviðmið fyrir útgjaldaflokk 3 eru byggð á útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands.

Þessir útgjaldaliðir eiga það sameiginlegt að viðkomandi útgjöld nýtast öllum heimilismönnum. Útgjöld til þeirra eru aðeins að hluta háð fjölskyldustærð og eru

frekar strjál. Skoðað var hvort búseta hefði áhrif á þessi útgjöld og í ljós kom að ekki er marktækur munur á útgjöldum til þessa neysluflokks eftir búsetu.

Dæmigerð útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflokks 3 eru 13.951 kr. á mánuði.

#### *4. Raftæki og viðhald raftækja*

Í þessum flokki er talinn kostnaður við kaup á raftækjum og viðgerðakostnaður vegna þeirra. Hér er um að ræða allar tegundir raftækja, svo sem kæliskápa, sjónvörp, tölvur og myndavélar utan raftækja sem ætluð eru til persónulegrar snyrtingar og rafmagnsverkfæra til viðhalds á húsi og garði (sjá nánar um undirflokka, fylgiskjal 1). Neysluviðmið fyrir útgjaldaflokk 4 eru byggð á útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands.

Skoðað var hvort búseta hefði áhrif á þessi útgjöld og í ljós kom að ekki er marktækur munur á útgjöldum til þessa neysluflokks eftir búsetu.

Dæmigerð útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflokks 4 eru 8.996 kr. á mánuði.

#### *5. Lyf, lækningavörur og heilbrigðisþjónusta*

Neysluvörur í þessum flokki eru annars vegar lyf og lækningavörur og hins vegar kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu. Undir flokkinn lyf og lækningavörur flokkast allar vörur sem ætlað er að bæta heilsu, líkamlegt ástand og hæfni, þ.m.t. vítamín og bætiefni. Undir heilbrigðisþjónustu flokkast læknskostnaður hverrar tegundar sem er, sjúkráþjálfun og endurhæfing, sjúkrahúsvist, heilsuhæli og sjúkrabílar (sjá nánar um undirflokka í fylgiskjali 1).

Neysluviðmið fyrir útgjaldaflokk 5 eru byggð á útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands.

Útgjöld vegna þessa flokks eru eðli máls samkvæmt mjög einstaklingsbundin en skoðun á dreifingu útgjalda leiðir í ljós að tiltölulega lítill hópur svarenda hefur mjög há útgjöld.

Skoðað var hvort búseta hefði áhrif á þessi útgjöld og í ljós kom að ekki er marktækur munur á útgjöldum til þessa neysluflokks eftir búsetu.

Dæmigerð útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflokks 5 eru 16.339 kr. á mánuði.

#### *6. Sími og fjarskipti*

Í þessum flokki er um að ræða kostnað vegna pósts, síma og netáskriftar. Þar sem kostnaður vegna þessa liða hefur farið mjög vaxandi á liðnum árum, í kjölfar tilkomu farsíma og nettenginga á heimilum, þótti mikilvægt að skilgreina sérstakan útgjaldaflokk vegna þeirra. Neysluviðmið fyrir útgjaldaflokk 6 eru byggð á útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands.

Útgjöld til þessa flokks aukast í samræmi við fjölda barna en aukningin er ekki línuleg, svo útgjöld vegna hvers viðbótarbarns eru lægri en vegna næsta barns á undan.

Einnig var skoðað hvort búseta hefði áhrif á þessi útgjöld og í ljós kom að marktækur munur er á útgjöldum til þessa neysluflokks eftir búsetu. Útgjöld í öðru þéttbýli og

dreifbýli eru hærri en á höfuðborgarsvæðinu. Þau eru hæst í öðru þéttbýli en þó aðeins litlu hærri heldur en í dreifbýli.

Dæmigerð útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflokks 6 eru 17.726 kr. á mánuði á höfuðborgarsvæðinu, 19.451 kr. í dreifbýli og 19.914 kr. í öðru þéttbýli.

### 7. Menntun

Undir þennan flokk fellur kostnaður vegna menntunar, þ.e. skóla- og efnisgjöld vegna háskóla, framhaldsskóla og annarra skóla en grunnskóla, þ.m.t. endurmenntunar (sjá nánar um undirflokka í fylgiskjali 1). Neysluviðmið byggja á útgjaldarannsókn Hagstofu vegna kostnaðar við framangreinda útgjaldaliði vegna menntunar. Skoðað var hvort búseta hefði áhrif á þessi útgjöld og í ljós kom að ekki er marktækur munur á útgjöldum eftir búsetu.

Auk þess verður valkvæður möguleiki fyrir notendur reiknivélarinnar að reikna einnig með kostnaði vegna leikskóla/dagforeldra, skólamötuneyta og frístundavistunar 6–9 ára barna í grunnskóla. Rökin fyrir því að flokka leikskóla í útgjaldaflokk með menntun eru að leikskólinn er fyrsta skólastigið og þrátt fyrir að dagforeldrar starfi utan menntakerfisins þá er rökrétt að telja þjónustu þeirra einnig til menntunar (*early education and care*) frekar en til annarra útgjaldaflokka. Rétt er að geta þess að annar kostnaður vegna barnagæslu fellur undir flokk 9, önnur þjónusta fyrir heimili.

Gera má ráð fyrir að foreldrar muni færa inn raunkostnað vegna útgjalda við kaup á framangreindri þjónustu fyrir börn sín en mikilvægt er að aðrir notendur geti einnig reiknað með þessum útgjöldum við útreikning viðmiða. Því er farin sú leið hér að byggja neysluviðmið vegna leikskóla, skólamötuneyta í grunnskóla og frístunda-

**Tafla 14. Leikskólagjöld sveitarfélaga í nóvember 2010 – janúar 2011**

Sveitarfélag	Vistun				Afsláttur	
	Íbúafjöldi 1. jan. 2010	Hjón/sam- býlisfólk	Einstætt foreldri	Fæðis- gjald	2. barn	3. barn
Akranes	6.549	20.752	13.489	6.349	50%	75%
Akureyri	17.573	20.288	13.528	6.515	30%	60%
Árborg	7.811	22.016	13.793	7.648	25%	100%
Fjarðabyggð	4.641	23.456	16.419	7.772	50%	100%
Garðabær	10.643	25.600	15.360	6.200	50%	50%
Hafnarfjörður	25.913	19.600	11.760	6.470	30%	60%
Ísafjörður	3.899	24.992	16.245	6.709	30%	100%
Kópavogur	30.357	18.199	12.739	6.879	30%	75%
Reykjanesbær	14.091	19.200	14.400	6.895	50%	100%
Reykjavík	118.326	15.208	6.304	6.556	75%	100%
Samtals/meðaltal	239.803	17.821	9.913	6.645	55%	87%

Heimildir: Akraneskaupstaður, 2010a; Akureyrarbær, 2011; Árborg, 2011a; Fjarðarbyggð, 2010; Garðabær, 2011; Hafnarfjarðarbær, 2010a; Hagstofa Íslands, e.d.b; Ísafjarðarbær, 2010; Kópavogsbær, 2011; Reykjanesbær, 2010a og Reykjavíkurborg, 2011a.



**Tafla 16. Leikskólagjöld miðað við 8 klukkustunda vistun á dag með fullu fæði miðað við gjaldskrá í nóvember–desember 2010**

	1. barn	2. barn	3. barn
Hjón/sambúðarfólk	24.466	14.657	9.018
—Mánaðargjald á ársgrunni	22.427	13.436	8,267
Einstæðir foreldrar	16.557	11.102	7.965
—Mánaðargjald á ársgrunni	15.178	10.177	7.301

(Sömu heimildir)

vistunar 6–9 ára barna á útreiknuðum vegnum meðalkostnaði samkvæmt gjaldskrá nokkurra stærstu sveitarfélaga á landinu.

Mánaðarlegur kostnaður við leikskóla er reiknaður sem vegið meðalverð tíu sveitarfélaga (sjá töflu 14). Tekið er mið af gildandi gjaldskrá í desember 2010 til janúar 2011. Í skólaskýrslu 2010 sem hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga gaf út kemur fram að 89% leikskólabarna dvelja á bilinu 7–9 klukkustundir eða meira á leikskóla á degi hverjum (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2010). Hér er tekið mið af þessari niðurstöðu og gert ráð fyrir að greitt sé fyrir átta klukkustundir á dag með fullu fæði. Samkvæmt 8. gr. reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla, nr. 655/2009, skal gera ráð fyrir að börn fái að minnsta kosti fjögurra vikna sumarleyfi. Því er hér gert ráð fyrir að útgjöldin nái til ellefu mánaða og vegið meðaltalsverð margfaldað með hlutfallinu 11/12 til að reikna mánaðarverð á ársgrunni. Mismunandi er milli sveitarfélaga hvernig afslætti til öryrkja og námsmanna er háttað og ekki reynt að taka tillit til þess hér en bent á að notendur reiknivélarinnar geta alltaf skráð raunútgjöld sín til þessa málaflokks þegar þeir gera útgjaldaáætlun.

**Tafla 15. Gjaldskrá skólamötuneyta sveitarfélaga nóvember–desember 2010**

Sveitarfélag*	Íbúafjöldi 1. jan. 2010	Verð á mánuði 1. og 2. barn	Verð á mánuði 3. barn
Akranes	6.549	5.580	5.580
Akureyri	17.573	6.140	6.140
Garðabær	10.643	8.560	8.560
Hafnarfjörður	25.913	5.440	5.440
Kópavogur	30.357	7.000	7.000
Reykjanesbær	14.091	5.000	5.000
Reykjavík	118.326	5.000	0
Samtals vegið meðaltalsverð		5.599	2.951

\*Sambærilegar upplýsingar um kostnað við skólamötuneyti voru ekki til staðar á heimasíðum Sveitarfélagsins Árborgar, Fjarðabyggðar og Ísafjarðarbæjar.

Heimildir: Akraneskaupstaður, 2010c; Akureyrarbær, 2009; Garðabær, 2008; Hafnarfjarðarbær, 2010b; Hagstofa Íslands, e.d.b; Kópavogsbær, 2010b; Reykjanesbær, 2010b; Reykjavíkurborg, 2009.

**Tafla 17. Gjaldskrá fyrir frístundavistun í nóvember 2010 – janúar 2011**

Sveitarfélag*	Íbúafjöldi 1. jan 2010	Verð á mánuði		Systkina- afsláttur 2. barn	Systkina- afsláttur 3. barn
		1. barn	Fæðisgjald		
Akranes	6.549	18.160	1.820	50%	75%
Akureyri	17.573	22.400	1.000	30%	60%
Árborg	7.811	18.241	2.280	25%	100%
Hafnarfjörður	25.913	17.840	3.000	25%	50%
Kópavogur	30.357	16.500	2.500	50%	75%
Reykjavík	118.326	8.365	2.150	75%	100%
<b>Samtals/vegið meðaltal</b>	<b>206.529</b>	<b>12.628</b>	<b>2.205</b>	<b>59%</b>	<b>86%</b>

\*Sambærilegar upplýsingar um kostnað við frístundavistun voru ekki aðgengilegar á heimasíðum Garðabæjar, Fjarðabyggðar, Ísafjarðarbæjar og Reykjanesbæjar.

Heimildir: Akraneskaupstaður, 2010b; Akureyrarbær, 2009; Árborg, 2011b; Hafnarfjarðarbær, 2010b; Hagstofa Íslands, e.d.b; Kópavogsbær, 2010a; Reykjavíkurborg, 2010.

Kostnaður vegna grunnskóla nær til skólamötuneyta og frístundavistunar<sup>8</sup> 6–9 ára barna eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur.

Mánaðarlegur kostnaður vegna skólamötuneyta er reiknaður sem vegið meðalverð gjaldskrár sjö sveitarfélaga (sjá töflu 16) samkvæmt gildandi verðskrá í desember 2010. Gert er ráð fyrir að útgjöldin nái til níu mánaða á ári. Þetta er í samræmi við 28. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, en þar segir að starfstími nemenda í grunnskóla skuli að lágmarki vera níu mánuðir á ári. Til að reikna mánaðarverð á ársgrunni er því vegið meðaltalsverð á mánuði margfaldað með hlutfallinu 9/12. Kostnaður fyrir fyrsta og annað barn er því  $5.599 \times 9/12 = 4.199$  kr. á mánuði og fyrir þriðja barn  $2.951 \times 9/12 = 2.213$  kr. á mánuði.

Mánaðarlegur kostnaður við frístundavistun er reiknaður sem vegið meðalverð sex sveitarfélaga (sjá töflu 17). Tekið er mið af gildandi gjaldskrá í desember 2010 og janúar 2011. Gjaldið sem miðað er við er fyrir 80 klst. vistun á mánuði með síðdegishressingu. Hér er einnig gert ráð fyrir að útgjöldin nái til níu mánaða og vegið meðaltalsverð margfaldað með hlutfallinu 9/12 til að reikna mánaðarverð á ársgrunni. Verð fyrir fyrsta barn er 12.166 kr. á mánuði. Fyrir annað barn er veittur 59% afsláttur af vistun og verðið því 6.201 kr. Fyrir þriðja barn er afslátturinn 86% og verðið því 3.417 kr.

Dæmi um útgjöld fjögurra manna fjölskyldu á höfuðborgarsvæðinu má sjá í töflu 19. Gert er ráð fyrir að yngri barnið sé á leikskóla eða hjá dagforeldri en það eldri er í grunnskóla og keyptar eru skólamáltíðir og frístundavistun. Heildarútgjöld fjölskyldunnar vegna menntunar eru 40.728 kr. á mánuði.

<sup>8</sup>Þessi þjónusta hefur mismunandi heiti eftir sveitarfélögum, til dæmis frístundaheimili hjá Reykjavíkurborg, dægradvöl hjá Kópavogsbæ, heilsdagsskóli hjá Hafnarfjarðarbæ og skóladagvistun hjá Akraneskaupstað. Hér er notað hugtakið frístundavistun.

**Tafla 18. Frístundaheimili, vegið meðaltalsverð á mánuði**

	Vistun	Vistun með fæði	Vegið meðaltalsverð á mánuði
Fyrsta barn	12.628	14.833	11.124
Annað barn	5.236	7.440	5.580
Þriðja barn	1.786	3.991	2.993

(Sömu heimildir)

### 8. Veitingar

Undir þennan flokk fellur kostnaður vegna veitinga- og kaffihúsa sem og kostnaður vegna mótuneyta (sjá nánar um undirflokkka í fylgiskjali 1. Ljóst er að þær fjölskyldur sem hafa mikinn kostnað í þessum flokki gætu verið með lægri kostnað í flokki eitt fyrir vikið þar sem hér er um að ræða staðkvæmdarvöru, þ.e. vöru sem getur komið í stað annarrar vöru. Þó voru þessir flokkar ekki sameinaðir þar sem um nokkuð ólíkt neyslumynstur er að ræða.

Neysluviðmið fyrir útgjaldaflökk 8 eru byggð á útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands.

Skoðað var hvort búseta hefði áhrif á þessi útgjöld og í ljós kom að marktækur munur er á útgjöldum til þessa neysluflokks eftir búsetu. Lægst eru útgjöldin í dreifbýli en þó aðeins litlu hærrí í öðru þéttbýli. Hæst eru þau á höfuðborgarsvæðinu.

Útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflökks 8 eru 27.891 kr. á mánuði á höfuðborgarsvæðinu, 23.232 kr. í dreifbýli og 23.827 kr. í öðru þéttbýli.

### 9. Önnur þjónusta fyrir heimili

Í þessum flokki eru talin útgjöld vegna þjónustu sem keypt er fyrir heimilið sem slíkt en einnig persónuleg snyrtiþjónusta. Hér teljast allar tryggingar aðrar en bifreiðatryggingar, fjármálaþjónusta, svo sem færslugjöld debetkorta og ávísana, ávísanahefti, lántökukostnaður, tilkynningagjöld, vanskilagjöld, gjöld vegna greiðslukorta, stimpilgjöld, þinglýsingar, ýmis önnur þjónusta, svo sem skattframtalsaðstoð, ljósritunarkostnaður, prestþjónustugjöld, fasteignasala, vegabréf, heimilisþjónusta, svo sem heimilishjálp, barnagæsla og önnur þjónusta sem keypt er vegna heimilis, þó ekki vegna viðhalds og persónuleg þjónusta eins og klipping, snyrting, nudd og

**Tafla 19. Dæmi um útgjöld vegna menntunar- og dagvistunarkostnaðar fjögurra manna fjölskyldu á höfuðborgarsvæðinu á mánuði**

Sundurliðaður kostnaður vegna menntunar	
Kostnaður vegna framhaldsnáms	2.977
Kostnaður vegna leikskóla	22.427
Kostnaður vegna skólamáltíða	4.199
Kostnaður vegna frístundavistunar	11.124
Samtals	40.728

Ijósabekkir (sjá nánar um undirflokka í fylgiskjali 1.

Neysluviðmið fyrir útgjaldaflokk 9 eru byggð á útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands.

Skoðað var hvort búseta hefði áhrif á þessi útgjöld og í ljós kom að ekki er marktækur munur á útgjöldum til þessa neysluflokks eftir búsetu.

Dæmigerð útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflökks 9 eru 13.656 kr. á mánuði.

#### *10. Tómsundur og afþreying*

Undir þennan flokk fellur allur kostnaður vegna tómsunda og íþróttar, tómsundavörur, þ.m.t. stærri tæki, til dæmis vélsleðar og fjórhjól, hljómplötur, diskar, myndbönd, filmur og spólur, blöð, bækur og ritföng. Hér eru einnig meðtaldar námsbækur, en í útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands eru kaup á námsbókum ekki aðgreind frá öðrum bókakaupum, og kostnaður vegna fjölmiðla, happdrættis og leikfanga. Ferðakostaður, þ.e. kostnaður sem ætla má að sé vegna leyfisferða, svo sem gisting og pakkaferðir, er hér meðtalin. Þá er einnig talin hér með kostnaður vegna áfengis- og tóbaksneyslu en í útgjaldarannsókn Hagstofunnar er ekki er spurt um kostnað vegna annarra vímuefna. Skartgripir, úr og klukkur flokkast hér líka. Hér raðast því saman undir einn flokk mjög margvíslegur kostnaður og það er alltaf umdeilanlegt hvar flokka eigi kostnað til dæmis vegna áfengis og tóbaks. Þessi leið var valin meðal annars vegna þess að hér er um að ræða neyslu sem verður að teljast val einstaklinga og þar sem í ljós kom að miðgildi kostnaðar vegna áfengis- og tóbaksneyslu reyndist mjög hóflegt.

Í útgjaldarannsókn Hagstofu er byggt á svörum þátttakenda fyrir alla framangreinda flokka nema fyrir kostnað vegna happdrættis, áfengis- og tóbaksneyslu sem er leiðréttur í samræmi við opinberar sölutölur þar sem þekkt er að almenn tilhneiging er til þess að gera minna úr slíkum kostnaði en efni standa til.

Neysluviðmið fyrir útgjaldaflokk 10 eru byggð á útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands.

Útgjöld til þessa flokks vegna barna eru ólínuleg, þ.e. útgjöld vegna hvers viðbótarbarns eru lægri en vegna næsta barns á undan.

Skoðað var hvort búseta hefði áhrif á þessi útgjöld og í ljós kom að ekki er marktækur munur á útgjöldum til þessa neysluflokks eftir búsetu.

Dæmigerð útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflökks 10 eru 86.052 kr. á mánuði.

#### *11. Ökutæki og almenningsamgöngur*

Þessi neysluflokkur skiptist í tvo undirflokka. Annars vegar kaup og rekstur ökutækja og hins vegar strætisvagnsamgöngur. Kaup ökutækja eru mjög strjál og óregluleg og þrátt fyrir að útgjaldarannsóknin veiti upplýsingar um útgjöld vegna reksturs ökutækja þá er hvorki vitað hversu mörg ökutæki viðkomandi heimili rekur né hversu mikil notkun þeirra er. Það reyndist því ekki mögulegt að reikna viðmið fyrir þennan undirflokk byggt á útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands.

**Tafla 20. Þrjú flokkar bifreiða, eiginleikar og verð í nóvember 2010**

Flokkur 1*						
Tegund	Vél	Þyngd	Hestöfl	Dyr	Eyðsla	Gírar
Toyota Yaris Sol	1.33 VVT-i	1.040	100	5	5,6	Beinsk.
Hyundai i20	1400 cc	1.127	99	5	5,6	Beinsk.
Volkswagen Polo	1400 cc	996	85	5	5,9	Beinsk.
Meðaltal		1.054			5,7	

Flokkur 2*						
Tegund	Vél	Þyngd	Hestöfl	Dyr	Eyðsla	Gírar
Toyota Corolla	1.6 VVT-i	1.305	124	4	8,0	Sjálfsk.
Skoda Octavia	1.9 TDI	1.300	105	4	4,9	Beinsk.
Suzuki SZ4	1600 cc	1.235	120	5	7,6	Sjálfsk.
Meðaltal		1.280			6,83	

Flokkur 3*						
Tegund (7 sæta)	Vél	Þyngd	Hestöfl	Dyr	Eyðsla	Gírar
Nissan Qashqai	2000 cc	1.550	141	5	8,2	Sjálfsk.
Renault Scenic II	2000 cc	1.410	136	5	8,6	Beinsk.
Chevrolet Captiva	Dísel	1.760	150	5	7,6	Beinsk.
Meðaltal		1.573			8,13	

Heimildir: Bifreiðar og landbúnaðarvélar, e.d.; Bílabúð Benna, e.d.; Hekla ehf., e.d.; Ingvar Helgason ehf., e.d.; Suzuki bílar hf., e.d.; Toyota á Íslandi, e.d.

\*Flokkur eitt er fyrir fjölskyldur sem telja þrjú og færri. Flokkur tvö er fyrir fjögurra og fimm manna fjölskyldur og flokkur þrjú er fyrir fjölskyldur sem telja sex og fleiri.

Norðmenn hafa við smíði sinna viðmiða stuðst við kostnaðartöflur útgefnar af *Opplysningsrádet for Veitrafikken AS* við gerð neyslúviðmiðs fyrir rekstrarkostnað bifreiða. Kostnaðurinn tekur til rekstrargjalda, trygginga og bifreiðagjalda en ekki afskrifta, vegatolla, ferjugjalda og bílastæðakostnaðar. Þeir gera ráð fyrir að almenningsamgöngur séu notaðar til að fara til og frá vinnu. Auk þessa er bætt við árskort í strætisvagna fyrir hvern fjölskyldumeðlim (SIFO, e.d.c). Ákveðið var að fylgja fordæmi Norðmanna en með ákveðnum leiðréttingum á þeim tölum sem liggja til grundvallar héraðs og hér verður gert nánar grein fyrir.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) gefur út kostnaðartöflur um rekstur bifreiða sambærilegar þeim norsku (sjá fylgiskjal 3). Gerður var samanburður á raunútgjöldum heimila í útgjaldarannsókninni og þeim útgjöldum sem FÍB gerir ráð fyrir til að athuga hvort unnt væri að byggja á viðmiðum félagsins. Í ljós kom að raunútgjöld voru verulega lægri en áætlaður kostnaður FÍB þegar um var að ræða viðhald, viðgerðir og tryggingakostnað. Í grunninn er hér byggt á kostnaðarútreikningum FÍB en einnig á útgjaldarannsókninni og upplýsingum frá bifreiðaumboðum, tryggingafélögum og olúfélögum.

Gert er ráð fyrir að hver fjölskylda reki einn bíl. Til viðbótar er svo eitt grænt kort í strætó fyrir hvern fjölskyldumeðlim umfram einn (grænt kort Strætó bs. sem gildir í

einn mánuð kostaði 5.600 kr. þann 1. desember 2010). Litið er svo á að á þeim svæðum þar sem strætisvagnasamgöngur eru ekki til staðar sé kortakostnaðurinn ígildi þess aukakostnaðar sem skapast vegna aukinnar keyrslu einkabifreiðar. Hér er, eins og áður sagði, farið að fordæmi Norðmanna sem reikna öllum heimilismönnum grænt kort til viðbótar við bifreið.

#### Stærð bifreiða

Töflur FÍB sýna kostnað fyrir þrjá stærðarflokka bifreiða. Hér er gert er ráð fyrir að fjölskyldur kaupi stærri bifreið eftir því sem fjölskyldan telur fleiri. Leitað var upplýsinga hjá sex bifreiðaumboðum um stærðir, eldsneytiseyðslu og verð algengustu bifreiða. Byggt á þeim upplýsingum voru búnir til þrjú flokkar (sjá töflu 20).

#### Akstur

Í útreikningum FÍB er annars vegar miðað við 15.000 km akstur og hins vegar við 30.000 km akstur. Samkvæmt útreikningum byggðum á upplýsingum frá Umferðarstofu var meðalakstur fólksbifreiða á árunum 2006–2008 um 12.600 km á ári eins og sjá má í töflu 21. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um hversu mikill akstur hvernar fjölskyldu er. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru 1.6 íbúar á hvern fólksbíl 8 farþega og færri. Því er ljóst að algengt er að fleiri en einn bíll sé á heimili og því ekki hægt að byggja eingöngu á tölum um meðalakstur bíla þegar viðmið er ákveðið. Hér er miðað við að fjölskylda aki 15.000 km á ári.

#### Eldsneytisnotkun

Eldsneytisnotkun er reiknuð sem margfeldi 15.000 km, uppgefinnar meðaleyðslu þeirra

**Tafla 21. Meðalakstur fólksbifreiða á Íslandi 2006-2008**

2008				
Fólksbílar	Fjöldi sem telur*	Meðalakstur á ári	Hlutfall bensín/dísel	Veginn akstur
Bensín	80.189	11.628	84,54%	9.830
Dísel	14.663	16.407	15,46%	2.536
Meðalakstur fólksbíla				12.367
2007				
Fólksbílar	Fjöldi sem telur*	Meðalakstur á ári	Hlutfall bensín/dísel	Veginn akstur
Bensín	71.887	11.858	85,85%	10.180
	11.845	17.164	14,15%	2.428
Meðalakstur fólksbíla				12.608
2006				
Fólksbílar	Fjöldi sem telur*	Meðalakstur á ári	Hlutfall bensín/dísel	Veginn akstur
Bensín	74.285	11.925	86,66%	10.334
	11.438	17.826	13,34%	2.379
Meðalakstur fólksbíla				12.712

\*Með „fjöldi sem telur“ er átt við þá bíla sem komu í skoðun á viðkomandi ári og höfðu fyrir nothæfar upplýsingar um akstur.

Heimild: Umferðarstofa, e.d.a

**Tafla 22. Verð á algengum bifreiðatryggingum í nóvember 2010**

		Tryggingapakki	Stök bifreiðatrygging
		Meðalverð	Meðalverð
Verðflokkur 1	Skyldutrygging	78.724	88.834
	Kaskótrygging	42.143	48.272
	Samtals	120.868	137.106
Verðflokkur 2	Skyldutrygging	85.818	96.719
	Kaskótrygging	45.235	51.707
	Samtals	131.053	148.427
Verðflokkur 3	Skyldutrygging	87.768	98.942
	Kaskótrygging	66.935	65.314
	Samtals	154.704	164.256

Heimildir: Einar Þorláksson, vörustjóri hjá Tryggingamiðstöðinni (munnleg heimild, 8. nóvember 2010); María Guðmundsdóttir, forstöðumaður hjá Sjóvá (munnleg heimild, 3. nóvember 2010) og Þórir M. Sigfússon, tryggingafulltrúi hjá VÍS (munnleg heimild, 2. nóvember 2010).

Þriggja bíla sem viðkomandi verðflokkur grundvallast á og meðaleldsneytisverðs á hverjum tíma.

#### *Viðgerðir og viðhald, hjólbarðar, bílastæðakostnaður og þríf*

Þessir liðir eru reiknaðir sem 61,5% hlutfall af viðmiðum FÍB. Þegar raunkostnaðartölur útgjaldarannsóknarinnar eru bornar saman við töflur FÍB, kemur í ljós að miðgildi útgjalda heimilanna fyrir þessa útgjaldaliði er 61,5% af þeim kostnaði sem FÍB gefur upp (miðað við bifreið af millistærð sem keyrð er 15.000 km á ári). Í útreikningum á raunkostnaði samkvæmt útgjaldarannsókninni er eingöngu tekið tillit til þeirra heimila sem höfðu útgjöld í þessum flokki en ekki er vitað hversu marga bíla þau heimili eiga.

#### *Búsetutengdur kostnaður*

Greining á gögnum útgjaldarannsóknarinnar sýnir að kostnaður vegna reksturs bifreiða, þ.e. eldsneytiskostnaður, viðhald og viðgerðir, er breytilegur eftir búsetu. Í öðru þéttbýli er hann tæpum 6% hærri en á höfuðborgarsvæðinu og í dreifbýlinu rúmum 25% hærri. Tekið er tillit til þessa við útreikninga með því að hækka þessa liði sem þessu nemur þar sem við á.

#### *Tryggingar*

Tryggingar taka mið af verðskrá Tryggingamiðstöðvarinnar, Sjóvá og VÍS í nóvember

**Tafla 23. Bifreiðagjöld samkvæmt gildandi verðskrá 2010**

	Þyngd kg	kg<1000 kg	1000<kg<3000	Ár
Verðflokkur 1:	1.054	9.300	682	19.964
Verðflokkur 2:	1.280	9.300	3.514	25.628
Verðflokkur 3:	1.573	9.300	7.195	32.991

Heimild: Ríkisskattstjóri, e.d.

## Tafla 24. Skoðunargjald fólksbifreiða 2010

	Aðalskoðun	Tékkland	Frumherji	Meðalverð
Bifreiðir að 3.500 kg heildarþyngd	8.680	7.495	8.400	7.948

Heimildir: Aðalskoðun hf., e.d.; Frumherji ehf., e.d.; Tékkland bifreiðaskoðun ehf., e.d.

2010 og eru reiknaðar sem meðalverð skyldutryggingar og kaskótryggingar hjá þessum þremur félögum. Gert er ráð fyrir að viðkomandi heimili sé einnig með heimilistryggingar hjá sama tryggingafélagi og njóti því afsláttar (sjá töflu 22).

### Skattar og skoðun

Við ákvörðun bifreiðagjalda er fylgt gildandi verðskrá ríkisskattstjóra fyrir árið 2010. Af fyrstu eitt þúsund kílóunum eru greiddar níu krónur og þrjátíu aurar á hvert kíló. Af næstu tvö þúsund kílóunum eru greiddar tólf krónur og fimmtíu og fimm aurar á hvert kíló. Tafla 23 sýnir hver kostnaður vegna bifreiðagjalda verður.

Skoðunargjald er reiknað sem meðalgjald þriggja skoðunarfyrirtækja, þ.e. Frumherja, Aðalskoðunar og Tékklands, samkvæmt gildandi verðskrá á vefsíðum fyrirtækjanna í nóvember 2010. Nýja bifreið þarf ekki að skoða fyrr en á fjórða ári í fyrsta skipti og síðan annað hvert ár í næstu tvö skiptin. Átta ára gömul bifreið hefur því ekki verið skoðuð nema þrisvar sinnum en miðgildisaldur íslenskra fólksbifreiða er um það bil átta ár (útreikningar byggðir á upplýsingum frá Umferðarstofu, e.d.b). Það er því gert ráð fyrir að fjölskylda eigi bíl í átta ár að meðaltali. Skoðunargjald er því reiknað sem 1/8 hluti heildargjalds fyrir þrjár skoðanir.

### Fjármagnskostnaður

Kostnaður vegna fjárbindingar í bifreið er reiknað sem jafngreiðsla af fjárfestingu með átta ára líftíma. Gert er ráð fyrir að afskriftir á fyrsta ári séu 20% og síðan 10% á hverju ári. Hrakvirði að loknum átta árum er því 10%. Fyrirtæki sem fjármagna bílakaup, svo sem Íslandsbanki, Lýsing og SP fjármögnun, bjóða nú (1. nóvember 2010) bílasamninga til sjö ára á nýjum bílum (Íslandsbanki, e.d.; Lýsing hf., e.d.; SP fjármögnun hf., e.d.). Óverðtryggðir vextir á samningunum eru að meðaltali um 8,2%. Lánað er allt að 70% af kaupverði nýrra bifreiða. Með því að gera ráð fyrir að fullt verð bifreiðar sé tekið að láni er bæði búið að taka tillit til verðyrnunar bifreiðarinnar og fórnarkostnaðar þess eigin fjár sem kaupandinn leggur fram.

Dæmigerð heildarútgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflokks 11 eru  $94.088 \text{ kr.} + 3 \times 5.600 = 110.888 \text{ kr.}$  á mánuði á höfuðborgarsvæðinu,  $95.734 \text{ kr.} + 3 \times 5.600 = 112.534 \text{ kr.}$  á mánuði í öðru þéttbýli og  $101.181 \text{ kr.} + 3 \times 5.600 = 117.981 \text{ kr.}$  í dreifbýli.

### 12. Annar ferðakostnaður

Undir þennan flokk falla útgjöld vegna almenningsamgangna innanlands, annarra en strætisvagnsamgangna, svo sem leigubíla og rútufargjalda, flugfargjalda og ferjufargjalda (sjá nánar um undirflokk í fylgiskjali 1). Neysluviðmið fyrir útgjaldaflökk 12 eru byggð á útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands.



**Tafla 25. Heildarkostnaður vegna þriggja flokka bifreiða í nóvember 2010**

Flokkur bifreiða	1	2	3
Verðflokkur (kr.)	2.780.000	3.816.667	5.196.667
Þyngd (kg) u.þ.b.	1.054	1.280	1.573
Eignarár	8	8	8
Akstur á ári (km)	15.000	15.000	15.000
<b>Kostnaður vegna notkunar</b>			
Eldsneyti	177.259	212.454	252.854
Viðhald og viðgerðir	117.825	123.362	147.358
Kostnaður á ári búsetusvæði 1	295.084	335.816	400.213
Kostnaður á ári búsetusvæði 2	312.433	355.560	423.742
Kostnaður á ári búsetusvæði 3	369.874	420.931	501.649
<b>Tryggingar, skattar og skoðun</b>			
Tryggingar	120.868	131.053	154.704
Skattar og skoðun	22.944	28.608	35.971
Kostnaður á ári	143.812	159.661	190.675
<b>Fjármagnskostnaður</b>			
Árgreiðsla fjárbindingar	461.491	633.582	862.667
<b>Heildarkostnaður</b>			
Heildarkostnaður á ári, höfuðborgarsv.	900.386	1.129.060	1.453.555
Heildarkostnaður á mánuði	75.032	94.088	121.130
Heildarkostnaður á ári, annað þéttbýli	917.735	1.148.803	1.477.084
Heildarkostnaður Á mánuði	76.478	95.734	123.090
Heildarkostnaður á ári, dreifbýli	975.177	1.214.174	1.544.991
Heildarkostnaður á mánuði	81.265	101.181	129.583

(Sömu heimildir)

Skoðað var hvort búseta hefði áhrif á þessi útgjöld og í ljós kom að ekki er marktækur munur á útgjöldum til þessa neysluflokks eftir búsetu.

Dæmigerð útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflokks 12 eru 11.018 kr. á mánuði.

#### *Húsnæðiskostnaður*

Þrjú útgjaldaflokkar eru skilgreindir sem húsnæðiskostnaður, í fyrsta lagi árskostnaður húsnæðis, í öðru lagi viðhaldskostnaður húsnæðis og í þriðja lagi rafmagn og hiti. Kostnaður vegna þessa útgjaldaflokka er háður mörgum þáttum. Fyrst ber að nefna

gerð húsnæðis, þ.e. einbýlishús, raðhús eða fjölbýlishús. Í öðru lagi búsetustað, þ.e. hvort búið sé á höfuðborgarsvæðinu, í öðru þéttbýli eða dreifbýli. Í þriðja lagi hvort um eigið húsnæði eða leiguhúsnæði sé að ræða. Í fjórða lagi hver aldur húsnæðisins sé. Í fimmta lagi hvort kynt sé með rafmagni eða heitu vatni. Eðli málsins samkvæmt er því húsnæðiskostnaður mjög breytilegur milli heimila og ógerlegt að reikna nákvæmt viðmið fyrir þessa flokka.

Eins og fram kom í kafla um viðmið á öðrum Norðurlöndum hefur engin nágrannarþjóðanna útbúið viðmið vegna húsnæðiskostnaðar og ef tekið er tillit til hans í samanburðarrannsóknum á högum fjölskyldna er hann oft eingöngu miðaður við húsaleigu. Þar sem hér er um gífurlega stóran útgjaldalið að ræða kom fram ósk frá stýrihópi verkefnisins um að gerði yrði tilraun til að útbúa raunhæf viðmið þó vitað væri að þessi kostnaður er mjög einstaklingsbundinn og að slík viðmið gætu aldrei orðið annað en gróf nálgun sem gæfi ákveðna hugmynd um hvaða útgjöld gætu verið dæmigerð fyrir húsnæðiskostnað. Það skal því enn og aftur ítrekað að hér er einungis um dæmigerð útgjöld að ræða.

### 13. Árskostnaður húsnæðis

Undir þennan flokk fellur kostnaður vegna greiddrar húsaleigu fyrir íbúðarhúsnæði annars vegar og svokallaðrar reiknaðrar húsaleigu vegna eigin íbúðarhúsnæðis hins vegar.

Hagstofa Íslands útvegaði ítarlegri upplýsingar um stærð íbúðarhúsnæðis hvernar fjölskyldu sem tók þátt í útgjaldarannsókninni. Með þeim gögnum var hægt að meta tengsl milli stærðar heimilis í fermetrum, fjölda heimilismeðlima og búsetu. Reiknaðir eru út stuðlar um fermetrastærð á einingu. Í töflu 26 má sjá útreiknaða fermetra fyrir sameiginlegt rými og fyrir hvern fullorðinn og barn sem bætast við. Þannig er dæmigerð stærð húsnæðis fjölskyldu sem býr á höfuðborgarsvæðinu og samanstendur af tveimur fullorðnum og tveimur börnum  $37,5 + 2 \times 33,5 + 2 \times 15,5 = 135,5 \text{ m}^2$ .

Einnig voru metin tengsl milli stærðar heimilis í fermetrum og reiknaðrar húsaleigu annars vegar og greiddrar húsaleigu hins vegar. Byggt á þeirri greiningu eru reiknaðir út stuðlar fyrir fastan kostnað, þ.e. grunnfjárhæð sem er óháð stærð húsnæðis, og kostnað á hvern fermetra. Í töflu 27 sést hver grunnfjárhæðin er fyrir hvert búsetusvæði og hver kostnaðurinn er á fermetra fyrir sérhverja fjölskyldugerð.

Hagstofan reiknar kostnaðinn við að búa í eigin húsnæði sem ársgreiðslu af jafngreiðsluláni. Stofn lánsins er markaðsvirði eignarinnar og miðað er við ákveðna ávöxtunarkröfu og gert ráð fyrir 80 ára endingartíma húsnæðisins (Hagstofa Íslands,

**Tafla 26. Reiknaður fermetrafjöldi á fjölskyldumeðlim (sama úrtak og í útgjaldarannsókn Hagstofu)**

Eining	Höfuðborgarsvæði	Annað þéttbýli	Dreifbýli
Sameiginlegt rými	37.5	54.0	62.0
Fyrir fullorðinn	33.5	33.5	33.5
Fyrir barn	15.5	6.5	6.5

(Heimild: Útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands.)

**Tafla 27. Húsnæðiskostnaður. Grunnjald og gjald á fermetra eftir búsetusvæði og búsetuformi**

	Eigið húsnæði			Leiguhúsnæði		
	Höfuðborgar- svæði	Annað þéttbýli	Dreifbýli	Höfuðborgar- svæði	Annað þéttbýli	Dreifbýli
Grunnfjárhæð	118.548	237.897	285.929	680.146	526.876	336.815
Gjald á m <sup>2</sup>	8.243	4.319	707	2.158	2.158	2.158

2009). Reiknuð húsaleiga tekur því mið af markaðsverði fasteigna og vöxtum.

Markaðsverð húseigna hefur fallið mjög í efnahagslægdinni síðastliðin tvö ár og hefur vísitala reiknaðrar húsaleigu því lækkað frá meðaltali 2008 til nóvember 2010 um 15,25%. Hér er þó þeirri aðferðafræði fylgt að verðlagsbreytingar koma aðeins til hækkunar. Þetta er í samræmi við þá almennu aðferðafræði sem fjallað var um í 3. kafla. Leiguverð er uppfært fram til desember 2010 í samræmi við vísitölu leiguverðs.

Fyrir fjögurra manna fjölskyldu sem býr í 135,5 m<sup>2</sup> húsnæði á höfuðborgarsvæðinu verður kostnaðurinn ef fjölskyldan á húsnæðið  $118.548 + 135,5 \times 8.243 = 1.235.475$  kr. Ef fjölskyldan býr í leiguhúsnæði verður kostnaðurinn  $680.146 + 135,5 \times 2.158 = 972.555$  kr.

#### 14. Viðhaldskostnaður húsnæðis

Undir þennan flokk fellur kostnaður vegna minni háttar viðgerða og viðhalds á húsnæði, til dæmis málning, málningaráhöld og minni háttar pípulagningarefni, og kostnaður við kalt vatn, svo sem lítraverð, fastagjald mæla og álestur. Einnig fellur kostnaður við sorphreinsun, skolphreinsun og sameign undir þennan lið svo og kostnaður vegna verkfæra o.fl. fyrir hús og garð. Neysluviðmið fyrir útgjaldaflokk 14 eru byggð á útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands.

Metin voru tengsl milli stærðar húsnæðis í fermetrum og kostnaðar og milli búsetuforms, þ.e. hvort búið er í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði, og kostnaðar. Einnig var skoðað hvort búseta hefði áhrif á þessi útgjöld. Í ljós kom að útgjöld til þessa flokks eru bæði mun lægri ef búið er í leiguhúsnæði heldur en ef búið er í eigin húsnæði og einnig að útgjöld í dreifbýli eru miklu lægri en á höfuðborgarsvæðinu og í öðru þéttbýli (sjá töflu 28).

Útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) á höfuðborgarsvæðinu vegna útgjaldaflokks 14 eru 10.752 kr. á mánuði ef fjölskyldan býr í eigin húsnæði en 7.385 kr. ef hún býr í leiguhúsnæði.

**Tafla 28. Viðhaldskostnaður húsnæðis í krónum á fermetra**

	Eigið	Leiga
Höfuðborgarsvæðið og annað þéttbýli	952	654
Dreifbýli	624	356

## Tafla 29. Reiknijöfnur fyrir rafmagnsnotkun

---

Almenn notkun í kWst =	$476,17 \times \text{fjöldi fermetra}^{0,4924}$
Almenn notkun ef rafhitun =	$108,32 \times \text{fjöldi fermetra}^{0,7748}$
Rafhitun =	$613,83 \times \text{fjöldi fermetra}^{0,7748}$

---

### 15. Rafmagn og hiti

Í útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands er kostnaður vegna rafmagnskyndingar ekki aðskilinn frá kostnaði vegna almennrar rafmagnsnotkunar. Því er farin sú leið að nota upplýsingar og reiknivélar á vefsvæðum Orkustofnunar og Neytendastofu annars vegar og Orkuveitu Reykjavíkur hins vegar til að reikna út viðmið vegna útgjalda við rafmagns- og hitakostnað.

Við ákvörðun kostnaðar fyrir raforkunotkun var stuðst við samanburðarreiknivél á vef Orkustofnunar og Neytendastofu. Þar er orkunotkun gefin upp fyrir fjórar mismunandi stærðir húsnæðis (Orkustofnun og Neytendastofa, e.d.). Út frá þeim upplýsingum er reiknuð út notkun í kílóvattstund á hvern fermetra (kWst/m<sup>2</sup>). Metin er annars vegar kostnaður við almenna notkun ef hús er hitað með jarðvarmaveitu og hins vegar fyrir almenna notkun ef rafhitun er til staðar (sjá töflu 29).

Þá var reiknaður út kostnaður vegna rafhitunar. Upplýsingar um fastagjald, orkugjald á kílóvattstund, dreifgjald á kílóvattstund, orkuskatt, niðurgreiðslu og virðisaukaskatt voru sóttar á vef Orkustofnunar og Neytendastofu. Raforkuverð fyrir höfuðborgarsvæði tekur mið af gjaldskrá fyrir Reykjavík. Fyrir annað þéttbýli var reiknað meðalverð fyrir Akranes, Akureyri, Egilsstaði og Selfoss. Raforkuverð fyrir dreifbýli miðast við gjaldskrá Rarik ohf. Upplýsingarnar voru sóttar á vef framangreindra fyrirtækja 23. nóvember 2010. Á grundvelli þessara upplýsinga er hægt að reikna út kostnað vegna rafmagns fyrir allar stærðir húsnæðis.

Í útreikningum er miðað við þann fermetrafjölda sem er dæmigerður fyrir hverja fjölskyldugerð.

Fyrir dæmigerðu fjölskylduna sem býr á höfuðborgarsvæðinu í 135,5 m<sup>2</sup> húsnæði er rafmagnsnotkunin eftirfarandi:

- Almenn notkun =  $476,17 \times 135,5^{0,4924} = 5.339,85$  kWst
- Almenn notkun ef rafhitun =  $108,32 \times 135,5^{0,7748} = 4.858,87$  kWst
- Rafhitun =  $613,83 \times 135,5^{0,7748} = 27.534,34$  kWst

## Tafla 30. Raforkuverðskrá í nóvember 2010

---

Búseta	Dreifing Fast gjald	kr./kWst	Orka kr./kWst	Niðurgreiðsla kr./kWst
Höfuðborgarsvæðið	10.011	4,8	4,35	3,49
Annað þéttbýli	11.535	4,44	4,35	3,20
Dreifbýli	19.052	6,41	4,35	3,32

---

(Heimild: Orkustofnun og Neytendastofa, e.d.)

**Tafla 31. Aðrar forsendur fyrir útreikninga á rafmagns- og rafhitunarkostnaði**

Orkuskiptur kr./kWst.	0,12
Vsk. af almennri notkun	25,5%
Vsk. af rafhitun	7%
Afsláttur af vsk. af rafhitun	63%
Niðurgreiðsla fyrir dreifbýli kr./kWst.	0,55

(Heimild: Orkustofnun og Neytendastofa, e.d.)

Fjölskyldan hér að framan borgar því fyrir rafmagn til almennrar notkunar:

- Rafmagn almenn notkun =  $((10.011 + 5.339,87 \times 4,8) + (4,35 + 0,12) \times 5.339,87) \times (1 + 25,5\%) = 74.687$  kr. á ári.

Ef húsnæði fjölskyldunnar væri hitað með rafmagnni væri kostnaðurinn vegna almennrar notkunar:

- Almenn notkun =  $((10.011 + 4.858,87 \times 4,8) + 4.858,87 \times (4,35 + 0,12)) \times (1 + 25,5\%) = 69.091$  kr.
- Kostnaður vegna rafhitunar væri =  $(27.534,34 \times (4,8 - 3,49) + 27.534,34 \times (4,35 + 0,12)) \times (1 + 7\% \times (1 - 63\%)) = 163.270$  kr. Samanlagður rafmagnskostnaður fjölskyldunnar ef hitað væri með rafmagnni væri því 232.361 kr. á ári.

Ef fjölskyldan byggi í dreifbýli og í jafnstóru húsnæði (dæmigert húsnæði þessarar fjölskyldugerðar í dreifbýli er 142 m<sup>2</sup>) væri bæði fastagjaldið og dreifgjaldið hærra og niðurgreiðsla rafhitunar lægri. Það síðasttalda kemur til vegna þess að Orkuveita Reykjavíkur veitir meiri niðurgreiðslu. Á móti kæmi dreifbýlisniðurgreiðsla upp á 0,55 kr. Kostnaður fjölskyldunnar væri eftirfarandi:

- Almenn notkun =  $((19.052 + 4.858,87 \times (6,41 - 0,55)) + 4.858,87 \times (4,35 + 0,12)) \times (1 + 25,5\%) = 75.555$  kr.
- Kostnaður vegna rafhitunar væri =  $(27.534,34 \times (6,41 - 3,32 - 0,55) + 27.534,34 \times (4,35 + 0,12)) \times (1 + 7\% \times (1 - 63\%)) = 198.015$  kr. Samanlagður rafmagnskostnaður fjölskyldunnar ef hitað væri með rafmagnni væri því 273.570 kr. á ári.

Við útreikninga á kostnaði vegna notkunar hitaveituvatns er stuðst við gildandi verðskrá stærstu hitaveitna landsins, frá október 2010, sem birt er á vef Orkustofnunar og hún notuð til að reikna meðalverð á rúmmetra vatns og meðaltal árlegs fastagjalds (sjá í fylgiskjali 2). Orkuveita Reykjavíkur hefur metið notkun heitavatns á rúmmál

**Tafla 32. Rúmmetri vatns á rúmmetra húsnæðis á ári**

Stór fjölbýlishús	1,0–1,4
Minni fjölbýlishús	1,1–1,5
Einbýlishús	1,2–1,8

(Heimild: Orkuveita Reykjavíkur, e.d.)

**Tafla 33. Forsendur hitaveituútreikninga**

M <sup>3</sup> á hvern m <sup>2</sup> húsnæðis	3
M <sup>3</sup> vatns á m <sup>2</sup> húsnæðis á ári	1,5
Kr./m <sup>3</sup> vatns (meðaltal stærstu hitaveitna)	92,97
Fastagjald á ári (meðaltal stærstu hitaveitna)	12.897
Orkuskattur	2%
Vsk.	7%

(Heimild: Orkustofnun, e.d.)

húsnæðis. Notkunin fer eftir stærð og ástandi húsnæðis.

Til einföldunar er hér gert ráð fyrir að árleg notkun sé einn og hálfur rúmmetri vatns á hvern rúmmetra húss. Einnig er gert ráð fyrir að hver fermetri húsnæðis samsvari þremur rúmmetrum. Aðrar forsendur eru 2% orkuskattur og 7% virðisaukaskattur.

Út frá framangreindum forsendum er sett fram eftirfarandi jafna til að reikna kostnað vegna notkunar hitaveituvatns fyrir mismunandi stærðir húsnæðis:

- Hitaveita = ((Fjöldi m<sup>2</sup> x 4,5 x 92,97 + 12.897) x (1 + 2%)) x (1 + 7%). Hitaveitukostnaður fjölskyldunnar hér að framan væri því = (135,5 x 4,5 x 92,97 + 12.897) x (1 + 2%) x (1 + 7%) = 75.946 kr.
- Samanlagður kostnaður fjölskyldu sem kyndir með hitaveitu væri því: Rafmagn 74.687 kr. + hitaveita 75.946 kr. = 150.633 kr. á ári.

## 4.2 Skammtíamviðmið

Eins og rætt var í 3. kafla byggjast skammtíamviðmið á öðrum forsendum en dæmigerð viðmið gera. Skammtíamviðmið eru hugsuð sem neysluviðmið sem hægt er að nota í skamman tíma, til dæmis ef um óvæntan tekjumissi er að ræða. Hér er því lögð áhersla á að greina hvernig megi draga úr neyslu og hvaða útgjöldum megi fresta um tiltekinn tíma sem til lengri tíma er ekki hægt að komast hjá, til dæmis vegna viðhalds húsnæðis. Það hversu lengi heimili getur komist af með þær fjárhæðir sem skammtíamviðmið gera ráð fyrir er einstaklingsbundið og getur til dæmis oltið á hversu nýlega heimilistæki o.þ.h. hafa verið endurnýjuð, aldri húsnæðis o.fl., en almennt má gera ráð fyrir allt að níu mánaða tímabili.

Verkefnishópur lagði fram ákveðnar tillögur til stýrihóps sem samþykkti eftirfarandi skiptingu útgjaldaflökkanna í skammtíamviðmiði:

1. Útgjaldaflokkar sem ekki er unnt að breyta með skömmum fyrirvara og verða áfram eins og í dæmigerðu viðmiði.
2. Útgjaldaflokkar þar sem unnt er að draga úr útgjöldum til skamms tíma.
3. Útgjaldaflokkar sem ná til útgjalda sem unnt er að fresta en þó þarf að gera ráð fyrir að óvænt tilvik geti komið upp.
4. Útgjaldaflokkar sem ná til útgjalda sem unnt er að sleppa til skamms tíma litið.

**Tafla 34. Skammtíamviðmið: Útgjaldaflokkar sem eru eins og í dæmigerðu viðmiði**

Útgjaldaflokkar	Hlutfall af dæmigerðu neysluviðmiði
1. Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds	100%
5. Lyf, lækningavörur og heilbrigðisþjónusta	100%
7. Menntun og dagvistun	100%
13. Árskostnaður húsnæðis	100%
15. Rafmagn og hiti	100%

#### 4.2.1 Útgjaldaflokkar sem breytast ekki

Þau útgjöld sem eru í þessum flokki uppfylla grunnþarfir hverrar fjölskyldu og er ekki unnt að breyta með skömmum fyrirvara.

##### *1. Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds*

Dæmigert neysluviðmið fyrir mat, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds er hóflegt og því ekki gert ráð fyrir að hægt sé að draga úr útgjöldum þar. Auk þess eru útgjöld vegna veitingahúsa og mótuneyta alveg felld niður (útgjaldaflokkur 8) sem veldur hugsanlega aukinni neyslu heima fyrir, til dæmis ef taka þarf með nesti í stað þess að nota mótuneyti eða ef eldaðar eru máltíðir heima sem áður voru keyptar á veitingahúsum.

##### *5. Lyf, lækningavörur og heilbrigðisþjónusta*

Lyf, lækningavörur og heilbrigðisþjónusta er flokkur sem ætla má að fjölskyldur eyði ekki meira til en nauðsynlegt er. Því er ekki unnt að lækka viðmið fyrir þann flokk.

##### *7. Menntun, 13. árskostnaður húsnæðis og 15. rafmagn og hiti*

Útgjöld til þessara flokka eru þess eðlis að ekki er unnt að draga úr þeim með skömmum fyrirvara.

#### 4.2.2 Útgjaldaflokkar sem unnt er að draga úr útgjöldum til

Hér er um að ræða útgjöld vegna ákveðinna útgjaldaflókka sem ekki er unnt að vera án en hægt er að spara við sig til skemmri tíma. Útgjaldaflokkar sem falla undir þennan flokk eru: Sími og fjarskipti; tómstundir og afþreying; önnur þjónusta fyrir heimili og ökutæki og almenningsamgöngur.

##### *6. Sími og fjarskipti*

Miðað er við að greitt sé fyrir heimasíma, netáskrift og farsíma. Samkvæmt verðskrá Símans hf. 10. desember 2010 getur einstaklingur á höfuðborgarsvæðinu keypt sér grunnþjónustu framantalinna þjónustuflokka fyrir 7.489 kr. á mánuði (sjá töflu 35). Dæmigert neysluviðmið þessa flokks fyrir þennan sama einstakling er 9.133 kr. og munurinn því 18%. Gert er ráð fyrir að allar aðrar fjölskyldugerðir geti með sama hætti dregið úr útgjöldum til þessa flokks.

**Tafla 35. Gjaldskrá Símans hf. 10. desember 2010**

	Áskriftarleið	Verð
Heimasími	0 kr. í alla heimasíma	1.890
Heimasími	Önnur notkun	375
Netáskrift	Grunnáskrift	3.200
Farsími	Gsm betri leið	2.006
	Samtals	7.471

(Heimild: Síminn hf., e.d.)

Útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflokks 6 eru 14.535 kr. á mánuði á höfuðborgarsvæðinu, 15.950 kr. í dreifbýli og 16.329 kr. öðru þéttbýli.

#### *10. Tómstundir og afþreying*

Undirliðir þessa flokks eru margir eins og sjá má í töflu 36. Til skamms tíma geta fjölskyldur sleppt útgjöldum til þeirra flestra en mikilvægt er að fjölskyldan geti engu að síður verið félagslega virk og ekki er gert ráð fyrir að börn þurfi að hætta tómstundastarfi.

Þeir liðir sem ekki er hægt að komast hjá einhverjum útgjöldum til eru:

1. Tómstundavörur, spil, leikir og tæki. Hér er gert ráð fyrir að til þess að fólk geti verið samfélagslega virkt þurfi það að geta keypt einhverjar gjafir fyrir afmæli og veislur þar sem venja er að leggja með sér. Því er gert ráð fyrir 2.000 kr. á mánuði á einstakling til þessa flokks.

2. Gæludýr. Stærstur hluti kostnaðar vegna gæludýra er til kaupa á fóðri og vegna læknisþjónustu. Ekki er hægt að skera þennan kostnað niður með skömmum fyrirvara.

3. Íþróttir og tómstundir. Í flestum tilfellum eru áskriftargjöld vegna íþróttaiðkunar samningsbundin, til dæmis í samræmi við lengd skólamiðis. Þennan kostnað er ekki hægt að skera niður með skömmum fyrirvara.

4. Menningarmál. Hér er gert ráð fyrir að fólk geti sparað við sig en til að fólk geti haldið áfram að einhverju leyti að taka þátt í félagslegum athöfnum er gert ráð fyrir 50% af dæmigerðu viðmiði.

5. Bækur. Gert er ráð fyrir að halda þurfi 50% af útreiknuðu dæmigerðu viðmiði meðal annars til kaupa á námsbókum.

6. Pappír og ritföng. Hér er einnig gert ráð fyrir að halda þurfi 50% vegna skólagöngu.

7. Stúdentagarðar og heimavistir. Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður vegna menntunar sé skorinn niður og því er þessi kostnaður óbreyttur frá dæmigerðu viðmiði.

Aðrir liðir eru skornir niður og gert ráð fyrir að til skemmri tíma hafi það ekki teljandi áhrif á fólk að vera án ákveðinna atriða og einnig er gert ráð fyrir að hægt sé að nota ódýrari leiðir til tómstundastarfs og afþreyingar, til dæmis með því að nota almenningsbókasöfn í stað þess að kaupa bækur og leigja myndbönd.



**Tafla 36. Yfirlit yfir lækkun útgjalda vegna tómstunda og afþreyingar í skammtíamviðmiði**

COICOP	Tómstundir og afþreying	Hlutfall af dæmigerðu viðmiði
0914	Hljómplötur, diskar, myndbönd, filmur og spólur	0%
0921	Tómstundir, stærri tæki	0%
0922	Viðgerðir á stærri tækjum til tómstunda	0%
0931	Tómstundavörur, spil, leikir og tæki	2.000 kr. á einstakling á mánuði
0932	Blóm og garðyrkja	0%
0933	Gæludýr o.fl.	100%
0941	Íþróttir og tómstundir	100%
0942	Meningarmál	50%
0943	Happdrætti, getraunir o.fl.	0%
0951	Bækur	50%
0952	Fréttablöð og tímarit	0%
0953	Ýmislegt prentmál	0%
0954	Pappír og ritföng	50%
0961	Pakkaferðir innanlands	0%
0962	Pakkaferðir til útlanda	0%
1121	Þjónusta hótela og gistiheimila	0%
1122	Gisting á tjaldstæði	0%
1123	Aðrir gististaðir	0%
1124	Stúdentagarðar og heimavistir	100%
1125	Önnur gisting innanlands	0%
021	Áfengi	0%
0221	Tóbak	0%

Skammtímaútgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflokks 7 eru 31.888 kr. á mánuði borið saman við 86.052 kr. þegar um dæmigert viðmið er að ræða.

#### 9. Önnur þjónusta fyrir heimili

Tryggingar, þjónustugjöld fjármálastofnana, greiðslur fyrir ýmsa opinbera þjónustu, keypt þjónusta á heimilisgrunni og persónuleg þjónusta falla hér undir. Hér er í flestum tilvikum um að ræða þjónustu sem erfitt er eða ómögulegt að draga úr kostnaði við með skömmum fyrirvara, en engu að síður er gert er ráð fyrir að unnt sé að minnka hann um 25%, til dæmis vegna heimilisþjónustu eða barnagæslu.

Útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflokks 10 eru 10.242 kr. á mánuði borið saman við 13.656 þegar um dæmigert viðmið er að ræða.

#### 11. Ökutæki og almenningssamgöngur

Gert er ráð fyrir að hægt sé að draga úr akstri einkabifreiðar um 40% á mánuði frá því sem er í dæmigerða viðmiðinu. Hér er byggt á niðurstöðum kannana um ferðavenjur

**Tafla 37. Skammtíamviðmið: Útgjaldaflokkar þar sem unnt er að draga úr útgjöldum til skamms tíma**

Útgjaldaflokkar	Hlutfall af dæmigerðu viðmiði
6. Sími og fjarskipti	82%
9. Önnur þjónusta fyrir heimili	75%
10. Tómsundur og afþreying	Breytilegt eftir fjölskyldugerð: 37% hjá einstaklingi. 52% hjá hjónum með fjögur börn.
11. Ökutæki og almennings-samgöngur	Akstur, viðhald og viðgerðir 60% Almenningssamgöngur 100%

sem Land-ráð sf. hefur undanfarin ár framkvæmt fyrir samgönguráð (Land-ráð, e.d.). Í öðru lagi er gert ráð fyrir að kostnaður vegna viðhalds og viðgerða dragist saman í hlutfalli við minnkandi akstur um 40%. Kaupum á strætókortum er haldið óbreyttum frá dæmigerðum viðmiðum.

Útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflökks 11 eru 82.894 kr. + 3 x 5.600 = 99.694 kr. á mánuði á höfuðborgarsvæðinu, 83.882 kr. + 3 x 5.600 = 100.682 kr. á mánuði í öðru þéttbýli og 87.150 kr. + 3 x 5.600 = 103.950 kr. í dreifbýli.

#### 4.2.3 Útgjaldaflokkar sem ná til útgjalda sem unnt er að fresta en þó þarf að gera ráð fyrir að óvænt tilvik geta komið upp

Útgjöld í þessum flokkum eru þess eðlis að unnt er að fresta þeim til skamms tíma en þó geta komið upp tilvik þar sem ekki verður komist hjá fjárútlátum. Því er gert ráð fyrir að 10% af dæmigerðu viðmiði þurfi að leggja í varasjóð sem hægt er að nota ef upp kemur óvæntur kostnaður sem þarf að mæta án fyrirvara. Þeir útgjaldaflokkar sem hér um ræðir eru: Föt og skór; heimilisbúnaður; raftæki og viðhald raftækja og viðhaldskostnaður húsnæðis (sjá töflu 38).

#### 4.2.4 Útgjaldaflokkar sem ná til útgjalda sem unnt er að sleppa til skamms tíma litið

Hér er um að ræða útgjaldaflokk sem talið er að fólk geti sleppt til skemmri tíma.

#### 8. Veitingar

Gert ráð fyrir að ekki sé farið á veitinga- og kaffihús og að nesti sé tekið með að heiman í stað þess að borða í mötuneyti.

**Tafla 38. Skammtíamviðmið: Útgjaldaflokkar sem leggja þarf í varasjóð til**

Útgjaldaflokkar	Hlutfall af dæmigerðu viðmiði
2. Föt og skór	10%
3. Heimilisbúnaður	10%
4. Raftæki og viðhald raftækja	10%
14. Viðhaldskostnaður húsnæðis	10%

**Tafla 39. Skammtíamviðmið: Útgjaldaflokkar sem hægt er að sleppa til skamms tíma**

Útgjaldaflokkar	Hlutfall af dæmigerðu viðmiði
8. Veitingar	0%
12. Annar ferðakostnaður	0%

*12. Annar ferðakostnaður*

Gert er ráð fyrir að ferðalögum sé hægt að sleppa til skamms tíma.

**4.2.5 Skammtíamviðmið**

Að lokum er útgjaldaflokkum aftur raðað saman til að fá grundvöll fyrir skammtíamviðmiði sem á sama hátt og dæmigert viðmið tekur svo mið af fjölskyldustærð, búsetu, húshitun og þjónustu vegna barna.

**Tafla 40. Skammtíamviðmið: Útgjöld eftir flokkum sem hlutfall af dæmigerðu viðmiði**

Útgjaldaflokkar	Hlutfall af dæmigerðu viðmiði
1. Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds	100%
2. Föt og skór	10%
3. Heimilisbúnaður	10%
4. Raftæki og viðhald raftækja	10%
5. Lyf, lækningavörur og heilbrigðisþjónusta	100%
6. Sími og fjarskipti	82%
7. Menntun	100%
8. Veitingar	0%
9. Önnur þjónusta fyrir heimili	75%
10. Tómsundur og afþreying	Breytilegt eftir fjölskyldugerð. 37% hjá einstaklingi. 52% hjá hjónum með fjögur börn
11. Ökutæki og almenningsamgöngur	Akstur, viðhald og viðgerðir 60% Almenningsamgöngur 100%
12. Annar ferðakostnaður	0%
13. Árskostnaður húsnæðis	100%
14. Viðhaldskostnaður húsnæðis	10%
15. Rafmagn og hiti	100%

### 4.3 Grunnviðmið

Eins og kemur fram í 3. kafla eru forsendur fyrir skilgreiningu útgjaldaflokka vegna grunnviðmiðs og annarra viðmiða ólíkar. Í hinu dæmigerða viðmiði er lögð áhersla á að reikna út dæmigerða neyslu fyrir alla útgjaldaflokka án þess að leggja nokkur mat á hvort neyslan sé nauðsynleg eða ónauðsynleg. Við vinnslu grunnviðmiðs er hins vegar ekki hjá því komist að leggja huglægt mat á það hvað teljist til nauðsynja og hvað ekki.

Allir þeir aðferðafræðilegu fyrirvarar sem nefndir voru í tengslum við skammtíamviðmið eiga enn frekar við þegar gerð er tilraun til að skilgreina grunnviðmið. Verkefnishópur lagði fyrir stýrihóp tillögur um ólíkar leiðir sem mætti fara við mat á grunnútgjöldum í hverjum flokki, sbr. umræðu um aðferð við smíði grunnviðmiða í kafla 3. Stýrihópurinn tók síðan ákvörðun um hvaða flokkar skyldu liggja til grundvallar grunnviðmiðum og hversu hátt hlutfall útgjalda í hverjum flokki skyldi talið með.

Hér er útgjaldaflokkum aftur skipt í fjóra flokka en þeir eru ekki þeir sömu og við smíði skammtíamviðmiða:

1. Útgjaldaflokkar sem breytast ekki og verða áfram þeir sömu og í dæmigerðum viðmiðum.
2. Útgjaldaflokkar sem unnt er að draga úr útgjöldum vegna til lengri tíma.
3. Útgjaldaflokkar sem ná til útgjalda sem sleppt er að öðru leyti en því að gera ráð fyrir að óvænt tilvik geti komið upp.
4. Útgjaldaflokkar sem ekki teljast til grunnviðmiða.

#### 4.3.1 Útgjaldaflokkar sem breytast ekki

##### *1. Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds*

Hér á það sama við og þegar um skammtíamviðmið er að ræða að þar sem dæmigert viðmið fyrir mat, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds er hóflegt er ekki gert ráð fyrir að hægt sé að draga úr útgjöldum þar. Auk þess eru útgjöld vegna veitingahúsa og mötuneyta alveg felld niður sem veldur aukinni heimaneyslu. Á það ber einnig að líta að grunnviðmið er hugsað sem langtíamviðmið eins og dæmigert viðmið.

##### *5. Lyf, lækningavörur og heilbrigðisþjónusta*

Lyf, lækningavörur og heilbrigðisþjónusta er flokkur sem ætla má að fjölskyldur eyði ekki meira til en nauðsynlegt er. Á það má einnig benda að algengara er að fólk með lágar tekjur búi við heilsubrest og þar af leiðandi hærri heilbrigðisútgjöld og því órökrétt að ætla að fólk geti dregið úr heilbrigðiskostnaði ef það býr til lengri tíma við grunnviðmið.

##### *7. Menntun*

Viðmiði fyrir menntun er haldið óbreyttu með þeim rökum að allir eigi jafnan rétt til menntunar og ef fólk býr til lengri tíma við grunnviðmið sé mikilvægt að skapa því möguleika á að bæta stöðu sína á vinnumarkaði með því að geta menntað sig og börn sín.

**Tafla 41. Grunnviðmið: Útgjaldaflokkar sem breytast ekki frá dæmigerðu viðmiði**

Útgjaldaflokkar	Hlutfall af dæmigerðu viðmiði
1. Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds	100%
5. Lyf, lækningavörur og heilbrigðisþjónusta	100%
7. Menntun og dagvistun	100%

#### 4.3.2 Útgjaldaflokkar sem unnt er að draga úr útgjöldum til

##### 2. Föt og skór

Útgjöldum til þessa flokks er haldið óbreyttum hvað börn varðar. Hins vegar er gert ráð fyrir að hægt sé að mæta lágmarkspörfum fullorðinna með minni tilkostnaði en reiknað er með í dæmigerða viðmiðinu. Hér er tekið mið af fordæmum frá Noregi og Svíþjóð þar sem gert er ráð fyrir minni fatakaupum vegna lágmarksviðmiða. Útgjöld vegna barna eru reiknuð með sama hætti og gert er í dæmigerðu viðmiði, sem miðgildi en fyrir fullorðna eru útgjöld reiknuð sem 33% hlutfallsmark sem þýðir að þriðjungur heimila var með sömu útgjöld eða lægri vegna fatakaupa.

Útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflökks 2 eru 22.876 kr. á mánuði.

##### 6. Sími og fjarskipti

Grunnviðmið fyrir þennan flokk er reiknað sem 82% af dæmigerðu viðmiði. Hér er fylgt sömu aðferðafræði og gert var með skammtíamviðmiðið, þ.e. gert er ráð fyrir að greitt sé fyrir grunnþjónustu við heimilissíma, netáskrift og farsíma.

Útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflökks 6 eru 14.535 kr. á mánuði á höfuðborgarsvæðinu, 15.950 kr. í dreifbýli og 16.329 kr. öðru þéttbýli.

##### 9. Önnur þjónusta fyrir heimili

Gert er ráð fyrir að hægt sé að draga úr kostnaði þessa útgjaldaflökks um 25%, til dæmis vegna heimilisþjónustu og persónulegrar þjónustu, en að gera verði ráð fyrir ákveðnum útgjöldum vegna fjármálaþjónustu, trygginga og opinberrar þjónustu.

Útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflökks 9 eru 10.242 kr. á mánuði.

##### 10. Tómsundur og afþreying

Undirliðir þessa flokks eru fjölmargir og ólíkir eins og sjá má í töflu 42. Varðandi mat á þörfum var spurt hvort útgjaldaliðurinn sé vegna barna; hvort útgjaldaliðurinn sé nauðsynlegur til að fólk geti verið samfélagslega virkt og tekið þátt í félagslegum athöfnum og hvort útgjöldin sé almenn og hófleg, þ.e. hvort líklegt sé að meira en helmingur fólks noti vöruna eða þjónustuna. Enn fremur var horft til staðkvæmdar milli einstakra útgjaldaliða til að koma til móts við mismunandi áhugamál fólks. Þeir liðir sem teljast til þessa viðmiðs eru: Tómsundavörur, spil, leikir og tæki; gæludýr; íþróttir og tómsundur; menningarmál; bækur; pappír og ritföng; stúdentagarðar og heimavistir. Hér er reiknað með 100% af dæmigerðu viðmiði vegna ákveðinna flokka sem taldir eru stuðla með jákvæðum hætti að félagslegri þátttöku og virkni. Útgjaldaflokkar vegna dýrari tómsundaiðkunar (til dæmis vegna stærri tækja) og þeir

**Tafla 42. Grunnviðmið: Ákvarðanir um útgjaldaflokka vegna tómsunda og afþreyingar**

	Tómsundir og afþreying	Hlutfall af dæmigerðu viðmiði
0914	Hljómplötur, diskar, myndbönd, filmur og spólur	100%
0921	Tómsundir, stærri tæki	0%
0922	Viðgerðir á stærri tækjum til tómsunda	0%
0931	Tómsundavörur, spil, leikir og tæki	100%
0932	Blóm og garðyrkja	100%
0933	Gæludýr o.fl.	100%
0941	Íþróttir og tómsundir	100%
0942	Menningarmál	100%
0943	Happdrætti, getraunir o.fl.	0%
0951	Bækur	100%
0952	Fréttablöð og tímarit	0%
0953	Ýmislegt prentmál	0%
0954	Pappír og ritföng	100%
0961	Pakkaferðir innanlands	0%
0962	Pakkaferðir til útlanda	0%
1121	Þjónusta hótela og gistiheimila	0%
1122	Gisting á tjaldstæði	0%
1123	Aðrir gististaðir	0%
1124	Stúdentagarðar og heimavistir	100%
1125	Önnur gisting innanlands	0%
021	Áfengi	0%
0221	Tóbak	0%

sem hægt er að bæta sér upp án mikils tilkostnaðar (til dæmis með því að fara á bókasöfn, lesa frí dagblöð) eru lækkaðir niður í 0. Sama gildir um kostnað vegna leyfa og neyslu áfengis og tóbaks.

Útgjöld fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) vegna útgjaldaflokks 10 eru 44.920 kr. á mánuði.

#### 11. Ökutæki og almenningssamgöngur

Ekki er gert ráð fyrir rekstri einkabifreiðar í þessu viðmiði. Nágrannalöndin reikna ekki með kostnaði bifreiða í dæmigerðum viðmiðum nema Noregur sem gerir eingöngu ráð fyrir rekstrarkostnaði. Hvergi er gert ráð fyrir rekstri einkabifreiðar vegna lágmarks-eða grunnviðmiða. Augljóslega getur fólk nauðsynlega þurft á því að halda að reka einkabifreið, til dæmis vegna veikinda, fötlunar eða annarra aðstæðna. Þá er hægt að nota reiknivél fyrir dæmigerð viðmið og skammtími viðmið til að reikna út slíkan kostnað.

Útgjöld vegna þessa útgjaldaflokks eru reiknuð sem kostnaður við grænt mánaðarkort hjá Strætó bs. fyrir hvern fjölskyldumeðlim. Litið er svo á að þar sem strætisvagna-

**Tafla 43. Grunnviðmið: Útgjaldaflokkar þar sem unnt er að draga úr útgjöldum**

Útgjaldaflokkar	Hlutfall af dæmigerðu viðmiði
2. Föt og skór	Breytilegt eftir fjölskyldugerð, 64% hjá einstaklingi. 71% hjá hjónum með fjögur börn.
6. Sími og fjarskipti	82%
9. Önnur þjónusta fyrir heimili	75%
10. Tómsundur og afþreying	Breytilegt eftir fjölskyldugerð. 37% hjá einstaklingi. 52% hjá hjónum með fjögur börn.
